**allt**

ARDÍS ÓLÖF

*Er svolítil kjóla-manneskja í sér*

tíska heimili heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS



SILVÍA NÓTT

*Syngur í forkeppninni á laugardaginn*

RÚV bætir við einu sæti vegna lekans

FÓLK 50









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. febrúar 2006 — 32. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Orkuveiturnar elta hver aðra í verði

**Orkuveiturnar eiga ekki umframorku til að bjóða í viðskipti stærri fyrirtækja. Þær geta heldur ekki boðið orku frá Landsvirkjun á samkeppnishæfu verði. Aðeins orkuvæn fyrirtæki fá hagstæða samninga, niðurgreidda af veitunum.**

**ORKUMÁL** „Orkuveiturnar eiga ekki í verðsamráði, þrátt fyrir að mörgum gæti litist svo á. Hins vegar hafa menn elt hver aðra í verði til þess að verða ekki undir," segir Franz Árnason, forstjóri Norðurorku á Akureyri.

Forstjórar orkuveitnanna á Húsavík, í Reykjavík, hjá Hitaveitu Suðurnesja og Norðurorku vísa gagnrýni Sveins Hannessonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, um að þeir standi í verðsamráði á bug. Þeim beri að rukka fyrir flutning orkunnar. Forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, Júlíus Jónsson, segir að í mörgum tilvikum þýði það að fyrirtækin greiði hærra verð fyrir flutning-inn einan en heildarreikningur fyrirtækja sem höfðu sérsamninga hljóðaði áður upp á.

Veiturnar fjórar bera allar auk-inn kostnað vegna nýju raforkulaganna. Engin þeirra á umframorku til að bjóða í viðskipti stærri fyrirtækja. Júlíus segir Hitaveituna þó sækjast eftir viðskiptum við fyrirtæki með mikla og hagstæða orkunotkun og bjóði þeim betri kjör en Hitaveitan greiði Landsvirkjun. Horft sé til þess að orkuframleiðsla veitunnar aukist á næsta ári. Aðrir geti hins vegar ekki vænst góðra tilboða um þessar mundir. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir ástandið svipað hjá þeim.

Forstjóri Orkuveitu Húsavíkur, Hreinn Hjartarson, segir nýliðun á markaðnum ekki þrífast. Landsvirkjun þvingi veiturnar til að gera langtímasamninga, til tólf ára. Kjósi þær að gera styttri samninga geti þær ekki boðið samkeppnishæft verð. „Menn lenda í mikilli klípu missi þeir viðskiptavini, því þeir þurfa samt sem áður að standa við tólf ára samninginn sinn."

Af því má þó einnig leiða að orkuveitur taki síður þá áhættu að fara í verðstríð. Lendi þær undir í samkeppninni og missi viðskiptavini eru þær skuldbundnar til að klára samningstímabilið við Landsvirkjun. **- gag /** **sjá síðu 6**



**KYLFINGAR Í BLÍÐU Á KORPÚLFSSTAÐAVELLI** Veðurblíðan að undanförnu hefur hleypt óvæntri gleði í líf marga kylfinga sem flykkjast nú út á golfvellina en aðstæður á flestum golfvöllum í grennd við höfuðborgarsvæðið eru einstaklega góðar, sérstaklega þegar tekið er mið að því að enn er hávetur. Hér sjást kylfingar á Korpúlfsstaðavelli skemmta sér hið besta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögreglan sendir frá sér myndir úr eftirlitsmyndavél Happdrættis Háskólans:

# Ræninginn gengur enn laus

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík sendi í gær frá sér myndir úr eftirlitsmyndavél í höfuðstöðvum Happdrættis Háskóla Íslands við Tjarnargötu, þegar peningakassi var rændur að manni sem klæddur var í bláan kuldagalla.

Maðurinn ógnaði starfsfólki með skotvopni og komst á brott með 95 þúsund krónur. Hann komst undan á hlaupum og losaði sig við kuldagallann í bakgarði í Grjótaþorpinu. Lögreglan handtók mann á tvítugsaldri fljótlega eftir ránið en honum var sleppt eftir yfirheyrslu.

Lögreglan í Reykjavík leitar nú mannsins og eru allir, sem telja sig geta veitt einhverjar upplýsingar um málið, beðnir um hringja í lögregluna í Reykjavík í síma 444 1101. **- mh**



**HJÓLIÐ SEM MAÐURINN KOM Á RÁNSSTAÐ** Á þessu hjóli kom ræninginn að höfuðstöðvum HHÍ við Tjarnargötu.



**RÆNINGINN ÓGNAR STARFSFÓLKI HHÍ** Maðurinn var ekki lengi inni í húsinu en komst þó undan með 95 þúsund krónur.

## Leikur í mynd Triers



Friðrik Þór bregður sér í hlutverk íslensks athafnamanns sem yfirtekur dönsk fyrirtæki í nýjustu mynd Lars Von Trier. Benedikt Erlingsson leikur túlkinn hans. FÓLK 50

## Víst hefur skattbyrðin þyngst

Skattbyrði nemur nú 47% af landsframleiðslu borið saman við 40% 1988 og er komin upp fyrir meðallag Evrópusambandsríkjanna (45%), segir Þorvaldur Gylfason. Í DAG 24

## Stýrt af konunni



Jón Axel Björnsson myndlistarmaður er fimmtugur í dag. Hann starfar nú við leikmyndagerð við hlið konu sinnar Eddu Heiðrúnar Backman. TÍMAMÓT 48

## Meistari Balic



Íslendingar máttu þola ósigur gegn Króötum á Evrópumótinu í Sviss þar sem Ivano Balic, besti handboltamaður heims, reyndist vera einum of stór biti fyrir íslensku strákana. ÍÞRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT TIL HÁDEGIS** Í dag verður suðaustan 8-13 m/s suðvestan til annars hægari. Fer að rigna um eða eftir hádegi á sunnan- og vestan- verðu landinu. Hiti 3-7 stig í dag. VEÐUR 4


MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA

**Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.




**BEÐIST FYRIR** Múslimar báðust fyrir á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fáir mættu á Ráðhústorg:

# Kóraninn var ekki brenndur

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Andstæðingar málfrelsis hafa unnið sigur, að sögn Carsten Juste, ritstjóra Jótlandspóstsins. Dagblaðið hefur beðið múslima afsökunar á birtingu 12 skopmynda af spámanninum Múhammeð, en hefur jafnframt varið rétt sinn til birtingarinnar á grundvelli málfrelsis. Kóraninn bannar allar myndbirtingar af spámanninum.

SMS-skilaboð, sem höfðu gengið manna á millum í Danmörku, tilkynntu um mótmæli á Ráðhústorginu í gær þar sem brenna átti Kóraninn. Þegar til kom mættu engir á torgið nema lögregla, múslimar og fréttamenn, að sögn vefsíðu Politiken. **- smk /** **sjá síðu 18.**

Bílslys við Hróarstungu:

# Sluppu lítillega meidd úr veltu

**LÖGREGLA** Par á þrítugsaldri slapp ótrúlega vel þegar bíll þeirra lenti út af veginum við Hróarstungu, rétt norðan við Egilsstaði síðdegis í gær.

Parið var að koma frá bænum Húsey þegar slysið varð en ökumaðurinn missti stjórn á bíl sínum á malarvegi með þeim afleiðingum að bíllinn lenti utan vegar og valt. Fólkið slasaðist ekki alvarlega en bæði fengu hnykk á háls og tognuðu lítillega í baki.

Lögreglan á Egilsstöðum kom fljótt að vettvang. Fólkið var flutt á heilsugæslustöðina á Egilsstöðum til aðhlynningar. **- mh**






## SPURNING DAGSINS

*Valgerður, ertu græn af öfund?*

„Og rauð af reiði? Nei, alls ekki.

Valgerður Bjarnadóttir hefur ákveðið að taka ekki annað sæti á lista Vinstri grænna á Akureyri. Hún hafnaði í öðru sæti í prófkjöri nyrðra og var ósátt við niðurstöðuna.

Fjármálaráðherra ber á borð hálfsannleika um skattbyrði segja aldraðir:

# Skattbyrðin er samt þyngri

**SKATTBYRÐI** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslyndra, krafðist skýrra svara um skattbyrði og sakaði fjármálaráðherra á Alþingi í gær um talnablekkingar í svörum sínum við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Samfylkingunni, síðastliðinn mánudag.

Sigurjón spurði hvort ráðherrann hefði gengið út frá því að 120 þúsund króna laun væru í raun sambærileg 120 þúsund krónum meira en áratug síðar og meta mætti breytingar á skattbyrði á þeim grunni.

„Fjármálaráðuneytið ber saman 120 þúsund króna tekjur á mánuði árið 1994 við sömu krónutölutekjur árið 2006 og 2007. Það ber ekki saman tekjur á föstu verðlagi eins og rétt er að gera.



**ELDRI BORGARAR** Talsmenn þeirra segja fjármálaráðherra hagræða staðreyndum.

Með þessari aðferð er staðreyndum hagrætt,“ segir Einar Árnason, hagfræðingur Landssambands eldri borgara. Hann segir að almennt sé greiddur skattur af stærri hluta tekna en áður, þar sem skattleysismörkin hafi setið eftir að raungildi. „Á mæltu máli er það hækkun skatta, ef hærra hlutfall af sömu rauntekjum fer í tekjuskatta.

Þetta hafa fræðimenn við Háskóla Íslands, staðfest nú undanfarið. Síðast staðfesti ríkisskattstjóri að skattbyrðin hefði aukist vegna hærri tekna en einnig vegna þess að skattleysismörkin hefðu lækkað að raungildi.“ **- jh**

Vatnavextir í Noregi:

# Skemmdirnar eru gífurlegar

**NOREGUR** Eins manns er saknað eftir vatnavextina í Þrændalögum í Noregi að undanförnu. Talið er að bíll mannsins hafi hafnað úti í firði þegar Arnevikbrúin í Åfjord hrundi á þriðjudagskvöld. Leitarskilyrði reyndust afar erfið vegna veðurs og gruggugs vatns, samkvæmt norska dagblaðinu Aftenposten. Talið er að ökumaðurinn hafi verið 20 ára gamall karlmaður, en óvíst er hvort hann var einn í bílnum.

Hundruð manna þurftu að yfirgefa heimili sín þegar flóð og aurskriður eyðilögðu vegi og hrifu heilu húsin með sér. Mikil úrkoma og hlýindi valda flóðunum. **- smk**

Tveir dæmdir fyrir vopnað rán:

# Rændu apótek

**DÓMSMÁL** Mennirnir tveir sem frömdu vopnað rán í Lyf og heilsu, Austurveri í Reykjavík, í fyrrasumar hafa verið dæmdir. Annar sætir fangelsi í tólf mánuði, en níu mánuðir eru skilorðsbundnir í þrjú ár. Hinn var dæmdur í tíu mánaða fangelsi óskilorðsbundið.

Mennirnir fóru saman inn í lyfjaverslunina með hulin andlit, annar vopnaður hnífi og hinn vopnaður skrúfjárni. Þeir ógnuðu starfsfólki og kröfðust ákveðinna lyfja.

Annar mannanna framdi einig vopnað rán í Domino´s. Báðir voru þeir teknir af lögreglu með fíkniefni. Það var metið öðrum manninum til refsilækkunar að hann hefur farið í meðferð og stundar nám. Þótti rétt að skilorðsbinda dóm hans að hluta. **- gag**

## BANDARÍKIN

**Ekkja látin** Coretta Scott King, ekkja Martin Luther King, lést á heimili sínu í Atlanta í Bandaríkjunum á þriðjudagsmorgun, 78 ára að aldri. Líkt og eiginmaður hennar, sem var myrtur árið 1968, barðist Coretta ötullega fyrir mannréttindum og jafnrétti.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Framsóknarmenn vilja álver nyrðra

**Flokksþing Framsóknarflokksins í fyrra lagði ríka áherslu á að næsta álver yrði reist á Norðurlandi. Þingflokksformaðurinn segir að ýmislegt hafi breyst síðan þá, en varar við að fara of geyst. Álfundur var á Húsavík í gærkvöld.**

**STÓRIÐJA** „Ég vara við því, sem ég hygg að allir séu sammála um og komið hefur fram í máli iðnaðarráðherra, að við getum ekki tekið of stór skref í einu. Það eru að minnsta kosti þrír aðilar að sækjast eftir því að stækka eða reisa nýjar álverksmiðjur hér,“ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Hann segir að framkvæmdum verði að raða þannig að þær valdi ekki þenslu á hverjum tíma. „Við verðum að gæta þess að brotlenda ekki þegar álversframkvæmdum lýkur á Austurlandi. Þá gæti hentað að setja í gang einhverja framkvæmd en sjá til þess að þensluáhrifin verði ekki skaðvænleg.“

Norðlendingar hafa gagnrýnt iðnaðarráðherra og telja það svik verði aðeins talið rými fyrir stækkun álversins í Straumsvík.

Flokksþing Framsóknarflokksins lagði í fyrra sérstaka áherslu á að næsta stóriðja yrði staðsett á Norðurlandi og var samþykkt ályktun þar að lútandi.

„Nú hefur sú breyting orðið að menn horfa til uppruna orkunnar og vilja síður flytja rafmagnið um langan veg. Annað er að þetta kann að ráðast af orkuseljanda og orkukaupanda og Alcan bauð að því er virðist besta orkuverðið á dögunum í viðræðum við Landsvirkjun,“ segir Hjálmar Árnason.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA** Álver gæti þýtt fólksfjölgun um 1100-1400 manns á Norðurlandi.

Fram hefur komið á fundum iðnaðarráðherra á Akureyri og Húsavík að allir þrír kostirnir, sem kannaðir hafa verið á Norðurlandi fullnægja kröfum um álver með 250 þúsund tonna framleiðslugetu á ári. Hafnarframkvæmdir yrðu þó 1,3 milljörðum króna ódýrari í Eyjafirði en við Húsavík og í Skagafirði, en Húsvíkingar njóta nálægðar við stærstu orkulindirnar.

Alcoa hefur frest til 1. mars til að gera upp við sig hvort félagið heldur áfram undirbúningi að hugsanlegri álverksmiðju á Norðurlandi. „Þeirra er valið,“ segir Valgerður Sverrisdóttir sem sagt hefur að áætluð fólksfjölgun á Norðurlandi í tengslum við nýtt álver, sé 1100-1400 manns.

Samanburðarskýrsla staðarvalsrannsókna var kynnt Húsvíkingum í gærkvöldi og á Akureyri í fyrrakvöld. Iðnaðarráðherra kynnir niðurstöðurnar á fundi með Skagfirðingum í kvöld. **- kk / jh**



**ÁLVER FJARÐARÁLS Í REYÐARFIRÐI** Norðlendingar leggja áherslu á að næsta álver rísi á Norðurlandi og minna framsóknarmenn á samþykkt síðasta flokksþings þar að lútandi.



**YFIRDÓMARI** Raouf Abdel-Rahman er nýr yfirdómari í máli Saddams Hussein.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saddam og verjendur:

# Neita að mæta í réttarsalinn

**ÍRAK, AP** Einræðisherrann fyrrverandi, Saddam Hussein, og verjendur hans mættu ekki í dómssal í Bagdad í gær í mótmælaskyni við nýjan yfirdómara sem settur var á sunnudag. Kúrdinn Raouf Abdel-Rahman skipaði nýja verjendur og hélt réttarhöldunum ótrauður áfram þótt flesta hinna ákærðu vantaði í réttarsalinn.

Saddam, sem var leiðtogi Íraks í 23 ár, og sjö aðrir eru ákærðir fyrir morð á yfir 140 sjía-múslimum í kjölfar morðtilræðis á Saddam árið 1982. Verjendur halda því fram að Abdel-Rahman geti ekki verið hlutlaus, því Saddam er sagður hafa fyrirskipað dráp á ættmennum dómarans. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Líkamsárás í Vestmannaeyjum** Til stympinga kom milli tveggja í heimahúsi í Vestmannaeyjum í fyrrinótt. Lögreglan skarst í leikinn og sá þá að annar mannanna var sár eftir hníf. Sögðu mennirnir að um slys hafi verið að ræða. Mennirnir þekkjast lítið. Ekki var búið að kæra líkamsárásina til lögreglu í gær.

**Árekstrar á Akureyri** Tveir smáárekstrar urðu á Akureyri í gærmorgun. Í öðru tilvikinu var um aftanákeyrslu að ræða en í hinu var bifreið ekið í veg fyrir aðra. Minniháttar eignarskemmdir urðu í árekstrunum. Engin slys urð á fólki.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Íranar neita að láta stórveldin stjórna sér og hóta fullri kjarnorkuvinnslu:

# Segjast eiga rétt á kjarnorku

**ÍRAN, AP** Verði kjarnorkumálum þeirra vísað til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, neyðast Íranar til að hefja auðgun á úrani í stórum stíl og banna óvæntar eftirlitsheimsóknir SÞ í verksmiðjunnar, að sögn Ali Larijani, aðalkjarnorkufulltrúa Írans.

Málið virðist vera orðið að valdabaráttu milli Írans og George W. Bush Bandaríkjaforseta. Í stefnuræðu sinni á þriðjudag sagði Bush að þjóðir heims mættu ekki leyfa Íran að eignast kjarnorkuvopn, og að Bandaríkin myndu vinna að því að svo yrði ekki.

Í gær sagði forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, þúsundum landa sinna að Bandaríkin væru „innantómt risaveldi“ og að Íranar hefðu fullan rétt á kjarnorkuframleiðslu. „Þjóð okkar mun ekki láta undan þvingunum yfirgangssamra landa sem ímynda sér að þau séu allur heimurinn,“ sagði Ahmadinejad. „Kjarnorka er réttur okkar,“ svaraði múgurinn.



**ÍRANSFORSETI Í KJARNORKUVERI** Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, í miðju, skoðar Bushehr kjarnorkuverið í Íran í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar segjast eingöngu ætla sér að nota kjarnorkuna í friðsamlegum tilgangi, en talsmenn Bandaríkjanna telja þá ætla sér að búa til vopn. Stjórn Alþjóðakjarnorkueftirlitsstofnunarinnar fundar í dag og mun ákvarða hvort vísa beri málinu til Öryggisráðsins. **- smk**


Útsala
VERÖLDIN OKKAR OPIN TIL 20
Frá fimmtudegi til sunnudags
Útsölulok
GÖTUMARKAÐUR OG EKTA MARKAÐSSTEMNING
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Opið til 21 í kvöld
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000
ENNEMM / SÍA / NM20257

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 1.2.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,66 | 62,96 |
| Sterlingspund | 111,33 | 111,87 |
| Evra | 75,9 | 76,32 |
| Dönsk króna | 10,166 | 10,226 |
| Norsk króna | 9,427 | 9,483 |
| Sænsk króna | 8,216 | 8,264 |
| Japanskt jen | 0,5323 | 0,5355 |
| SDR | 90,72 | 91,26 |

*Gengisvísitala krónunnar*
106,3029

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikill hiti í hestamönnum um land allt vegna ummæla í Eiðfaxa:

# Adolf Ingi krafinn skýringa

**HESTAMENNSKA** Landssamband hestamannafélaga ætlar að skrifa Adolf Inga Erlingssyni, íþróttafréttamanni á RÚV, bréf og krefja hann skýringa á ummælum sem hann lét falla í nýjasta tölublaði Eiðfaxa, að sögn Jóns Alberts Sigurbjörnssonar, formanns LH.

Mikill hiti er í hestamönnum um land allt vegna ummæla Adolfs Inga. Í Eiðfaxa er haft eftir honum: „Í hugum margra eru hestamenn yfirleitt rallhálfir, hangandi á bikkjunum sínum. Auðvitað eru þetta vissir fordómar en þannig er þetta nú samt. Þó að hestamennska sé með mikinn fjölda iðkenda þá er 99 prósent af



**ADOLF INGI** Kveðst hafa talað sem einstaklingur en ekki fyrir RÚV eða Samtök íþróttafréttamanna.

þeim bara dundarar.“ Og síðar: „Knaparnir eru í flestum tilfellum hrossaprangarar á sama tíma og því eru ekki greinileg skil á milli íþróttamanna og sölumanna.“

Adolf Ingi segir að ummælin séu tekin allverulega úr samhengi. Hann kveðst hafa sagt að sem betur fer hafi þessi umrædda ímynd hestamanna breyst verulega á síðustu árum. Varðandi það sem haft hafi verið eftir sér um „hrossaprangara“ segir Adolf Ingi að þar hafi honum verið lögð „algjörlega orð í munn“.

„Ég sagði blaðamanninum að það stæði íþróttinni jafnvel svolítið fyrir þrifum að menn væru jafnframt því að keppa á hestum að braska með þá og það blönduðust inn í þetta peningar. Það er því stundum erfitt að greina á milli hvar íþróttirnar liggja í þessu og hvar „bisnessinn“ tekur við.“ **- jss**

Orkuvandi Rússa:

# Byggja fjörutíu kjarnakljúfa

**MOSKVA, AP** Rússar þurfa að byggja 40 kjarnakljúfa fyrir árið 2030, og auka þar með notkun Rússa á rafmagni unnu úr kjarnorku úr 16 prósentum í 25 prósent, að sögn yfirmanns kjarnorkumála þar í landi. Nýju kljúfarnir munu tengja net kjarnorkuvera við sex kjarnakljúfa í nágrannaríkjum Rússlands, en þeir voru byggðir á tímum Sovétríkjanna, sagði Sergei Kirijenko í gær.

Til að ná þessu takmarki verða Rússar að byggja tvo kjarnakljúfa á hverju ári, og hefja bygginguna ekki síðar en 2011.

Rússar starfrækja nú 31 kjarnakljúf. **- smk**

# Þjóðin venji sig af olíufíkn

**Bush Bandaríkjaforseti sagði í stefnuræðu sinni í fyrrinótt að Bandaríkjamenn yrðu að taka sér tak til að hætta að vera háðir olíu frá hinum óstöðugu Miðausturlöndum. Demókratar gagnrýndu forsetann fyrir ótrúverðuga óskhyggju. Bush sakaði demókrata um að vera einangrunar- og uppgjafarsinna.**

**BANDARÍKIN, AP** Í árlegri stefnuræðu sinni, sem George W. Bush Bandaríkjaforseti flutti í fyrrinótt að íslenskum tíma, útmálaði hann demókrata sem uppgjafarsinna vegna gagnýni þeirra á herförina í Írak og sakaði þá jafnframt um að vera einangrunarsinna fyrir að gagnrýna nýja viðskiptasamninga og skattalækkunaráform.

Bush varaði við því að Bandaríkin yrðu að rjúfa „fíkn“ sína í olíu. Þjóðin væri of háð innfluttri olíu, oft frá „óstöðugum“ löndum, og nauðsyn bæri til að finna nýja valkosti.

Málefni Miðausturlanda vógu þungt í ræðunni. Hann varaði við „hættu og afturför“ ef Bandaríkjamenn stæðu sig ekki í að mæta af fullri hörku ógnum sem að þeim steðjuðu utan úr heimi.

Öryggis og efnahagsmál voru annars aðalmálefnin sem Bush vék að í ræðunni, sem er flutt á viðkvæmum tíma þar sem á þessu ári verður kosið til flestra þingsætanna í fulltrúadeildinni og 36 ríkisstjóraembætta.

Demókratar, sem eru í minnihluta á þingi, reyna nú að láta kné fylgja kviði er Bush á á brattann að sækja í skoðanakönnunum og ýmsir þingmenn repúblikana eru flæktir í umtöluð spillingarmál. Í takt við þetta sögðu þingleiðtogar demókrata stefnuræðuna einkennast af ótrúverðugri óskhyggju.

Bush hefur um alllanga hríð sætt gagnrýni fyrir að bjartsýnar yfirlýsingar hans síðustu árin rími engan veginn við þær áhyggjur sem bandarískur almenningur ber í brjósti, svo sem varðandi ískyggilega hækkun eldsneytisverðs og síaukins kostnaðar við heilbrigðisþjónustu. Hið óvinsæla og kostnaðarsama Íraksstríð og stöðug hætta á nýjum



**STEFNAN BRÝND FYRIR BANDARÍKJAMÖNNUM** Bush forseti í ræðustól á Bandaríkjaþingi. Stefnuræðunni var að vanda sjónvarpað beint á besta útsendingartíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hryðjuverkum bætir heldur ekki stemmninguna. Forsetinn sagðist þrátt fyrir þetta vera bjartsýnn á framtíðina.

Í efnahagsmálum bauð Bush annars upp á hófstillta stefnumörkun, á tímum þegar fjárlagahalli Bandaríkjanna hefur náð nýjum hæðum. Hann lýsti því yfir að Bandaríkin yrðu að slíta sig laus frá því að vera háð olíu frá Miðausturlöndum. Hann hafnaði áskorunum um að kalla herliðið heim frá Írak. „Það er enginn friður unninn með undanhaldi,“ sagði hann. **audunn@frettabladid.is**

Tjáningarfrelsið takmarkað:

## Konum í bolum varpað á dyr

Cindy Sheehan, móðir hermanns sem féll í Írak, var varpað á dyr af öryggisvörðum bandaríska þinghússins í Washington er George W. Bush forseti flutti stefnuræðu sína þar í fyrrakvöld. Sheehan var sögð hafa brotið reglur með því að vera í áberandi bol með slagorðum gegn stríðinu.

Hún var hins vegar ekki sú eina sem vísað var á dyr við sama tækifæri. Beverly Young, eiginkona Bills Young, þingmanns úr Repúblikanaflokknum, var ekki látin komast upp með að vera í bol með áletruninni „Styðjið hermennina sem verja frelsi okkar“. Hún sagðist á bloggsíðu sinni í gær ætla að leggja fram kæru vegna brots á tjáningarfrelsi.

Sheehan, sem varð fræg fyrir að tjalda við búgarð Bush í Texas og mótmæla Íraksstríðinu þar mánuðum saman, ætlar hugsanlega í þingframboð sjálf í heimaríki sínu, Kaliforníu.



**SHEEHAN TEKIN** Öryggisverðir Banaríkjaþings vísa Cindy Sheehan af þingpöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HEIMILSTÖLVA Í NOTKUN** Öll helstu vírusvarnarforrit eru sögð finna orminn.

Tölvuormur fer á kreik:

# Ræðst á skjöl og eyðir þeim

**TÖLVUMÁL** Tölvuormurinn W32/Kapser.A@mm mun á morgun eyða fjölmörgum skrám í tölvum þar sem vírusinn er að finna. Ormurinn mun síðan eyða enn fleiri skrám þriðja dag hvers mánaðar þar til honum hefur verið eytt. Ormurinn ræðst á Word, Excel, PowerPoint, Adobe PDF og Adobe Photoshop skjölum, úr sýktum tölvum.

Í fréttatilkynningu frá Friðriki Skúlasyni tölvufræðingi segir að ormurinn sé frábrugðinn flestum þeim ormum sem komið hafa fram á sjónarsviðið síðustu ár.

Ormurinn berst með tölvupósti sem viðhengi. **- mh**

Brestur í vistun aldraðra:

# Hjón ekki alltaf á sama stað

**ALDRAÐIR** 38 einstaklingar, sem eiga maka inni á öldrunarstofnunum, bíða eftir vistun. Þar af eru níu pör eða hjón sem ekki fá vistun á sama stað. Þetta kom fram í svari Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur á Alþingi í gær.

Ásta spurði ráðherra hvort honum þætti boðlegt að skilja að öldruð hjón með þessum hætti. Jón svaraði að viljinn væri einlægur til þess að ráða bót á þessu að fullu. Þau tilvik þar sem út af bæri væru á höfuðborgarsvæðinu og stöfuðu af skorti í vistunarrými. **- jh**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞURRT FRAM YFIR HÁDEGI**
Gangi spár eftir eru horfur á að hann hangi þurr um sunnan- og vestanvert landið frá morgni og fram yfir hádegi. Fljótlega upp úr því gengur inn yfir landið myndarlegt úrkomusvæði og í kvöld verður rigning um allt sunnan- og vestanvert landið en þurrt norðan- og austanlands.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðaustan strekkingur. Skyjað og þurrt fram yfir hádegi en síðan rigning. Hiti 3-6 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*

Yfirleitt 8-13 m./s, lægir síðdegis.

*» laugardagur*

Fremur stíf suðvestanátt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 9°C heiðskírt | Alicante | 17°C heiðskírt |
| Osló | 1°C hálfskýjað | Berlín | 3°C hálfskýjað | Mílano | 13°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C heiðskírt | New York | 11°C léttskýjað |
| Helsinki | -6°C alskýjað | Madríd | 15°C hálfskýjað | San Francisco | 16°C hálfskýjað |
| London | 8°C heiðskírt | Barcelona | 14°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 24°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# SPARILEIÐIR Í SÉRFLOKKI

# 9,40%

KB banki býður úrval sparireikninga með frábærum vöxtum. Veldu reikning sem þér hentar eftir upphæð innstæðu og lengd binditíma.

| | Vextir | Hentar |
|---|---|---|
| **MARKAÐSREIKNINGUR** | Allt að **9,40%**<br>– stigvaxandi eftir upphæð innstæðu | Fyrir háar fjárhæðir og skamman binditíma |
| **KOSTABÓK** | Allt að **9,40%**<br>– stigvaxandi eftir binditíma innstæðu | Fyrir lágar fjárhæðir |

Komdu við í næsta útibúi KB banka, kíktu á **kbbanki.is** eða hringdu í **444 7000**
og við finnum góða sparnaðarleið fyrir þig.

KB BANKI
– kraftur til þín!

**www.kbbanki.is**

ENNEMM / SÍA



## KJÖRKASSI

*Telurðu að íslenska landsliðið í handbolta vinni til verðlauna á EM?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú samkeppni á raforkumarkaði nœga?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Frjáls raforkumarkaður leiðir til hærra verðs hjá fyrirtækjum og einstaklingum:

# Enginn hagur af raforkulögum

**ORKUMÁL** Forstjórar Norðurorku, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur gagnrýna nýju raforkulögin en samkvæmt þeim er sala á raforku gefin frjáls. Orkuveiturnar bera allar hærri gjöld vegna breytinganna, Orkuveita Reykjavíkur þau hæstu eða 458 milljónir króna.

Orkuveitur hafa verið sakaðar um verðsamráð en forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, Júlíus Jónsson, segir það ekki rétt heldur sé mestur hluti hækkunar á rafmagnsreikningum vegna jöfnunar á flutningskostnaði sem orkuveitunum sé skylt að rukka og greiða Landsneti, dótturfyrirtæki Landsvirkjunar. Hann telji flutningskostnaðinn í raun skatt, því hitaveitan greiði fyrir flutning á orku sem fari aldrei um kerfi dótturfyrirtækisins.

Forstjóri Orkuveitu Húsavíkur, Hreinn Hjartarson, segir veituna þeirra greiða tvöfalt til þrefalt hærra verð fyrir tenginguna við kerfi dótturfyrirtækisins en RARIK hafi fengið greitt fyrir flutninginn. Upphæðin sé ótrúlega há, um tólf milljónir í stað fimm.

Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, segir að hann sjái engan tilgang með nýju raforkulögunum. Hann þekki engan sem sé ánægður með lögin: „Viðskiptavinirnir ættu að vera ánægðir en svo er ekki. Þeir telja sig ekki koma vel út úr þessu,“ segir Franz. **- gag**



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON** Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur tekur undir orð forstjóra Norðurorku og þekkir heldur engan sem sé ánægður með nýju raforkulögin. Hann og forstjóri Hitaveitu Suðurnesja vöruðu við breytingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Verslun í Leifsstöð:

# Engin breyting á vöruúrvali

**VERSLUN** Úrval í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður ekki takmarkað með reglugerð. Þetta kom fram í máli Árna Mathiesen fjármálaráðherra á Alþingi í gær.

Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins, spurðist fyrir um málið í upphafi fundar og taldi að fregnir um breytingar hefðu getað raskað áformum um tekjur flugstöðvarinnar en stækkun hennar kostar fimm milljarða króna. „Komuverslunin er ein helsta tekjulind stofnunarinnar. Ef þessar forsendur breytast kunna 50 til 60 störf að vera í uppnámi.“ **- jh**


NÝTT FRÁ

PETER KAISER




STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

KRINGLAN - SMÁRALIND




**GOÐAFOSS** Síðustu tvö skip Eimskips verða skráð í Færeyjum í næsta mánuði.

# Farskipalaus þjóð eftir nokkrar vikur

**Þingmenn allra flokka saka stjórnvöld um þunglamaleg viðbrögð við brotthvarfi íslenska kaupskipaflotans úr landi. Síðustu skip Eimskips verða skráð í Færeyjum í næsta mánuði en þar eins og víðar fást skattar endurgreiddir.**

**SAMGÖNGUR** Síðustu íslensku kaupskipin, sem skráð eru hér á landi, fara á skrá í Færeyjum í næsta mánuði. Færeyingar, líkt og aðrar nágrannaþjóðir, endurgreiða kaupskipaútgerðum skatta til að mæta áhafnarkostnaði. Endurgreiðslan nemur 27 af 35 prósenta skatti í Færeyjum.

Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisflokki, tók málið upp utan dagskrár á Alþingi í gær og sagði að Eimskip, óskabarn þjóðarinnar, hefði ákveðið af þessum sökum að flytja síðustu kaupskipin til Færeyja líkt og Samskip og Olíudreifing hefðu þegar gert.

„Það er umhugsunarefni þegar svo er komið að athafnaleysi íslenskra stjórnvalda hefur leitt til þess að áhafnarkostnaður íslenskra kaupskipa milli meginlands Evrópu og Íslands svo og olíuflutningaskip sem dreifa olíu til stærri hafna landsins er niðurgreiddur af Færeyingum. Guðmundur taldi víst að þjóðin væri að glata þekkingu og reynslu íslenskra farmanna úr landi og þjóðin yrði öðrum háð um flutninga með skipum sem sigldu undir þægindafánum með erlendar áhafnir. „Síðast en ekki síst gæti álfan orðið varnarlaus um aðdrætti ef til ófriðar kæmi,“ sagði Guðmundur.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði efnislega að meta yrði árangurinn af aðgerðum í nágrannalönunum. „Eins þarf að hafa í huga hvort aðgerðir séu í samræmi við þau almennu sjónarmið sem gilda um skattlagningu hér á landi. Hagsmunaaðilar hafa ekki heldur verið sammála um það til hvaða aðgerða eigi að grípa,“ sagði Árni en taldi að nú væri að skapast samhljómur milli þeirra.

„Ef unnt væri að skrá um 60 flutningaskip þriggja kaupskipaútgerða hér á landi gæti ríkissjóður fengið um 200 milljónir króna í kassann vegna þeirra umsvifa,“ sagði Kristján Möller, Samfylkingunni. Hann vitnaði til samþykkta landsfundar Sjálfstæðisflokksins sem ályktaði í fyrra um lagfæringar á skattaumhverfi íslenskra kaupskipa.

Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins, minnti á að þótt Evrópusambandið legðist gegn ríkisstyrkjum hefði það nú gert undantekningar vegna evrópskra kaupskipa til að halda flotanum innan sambandsins.

**johannh@frettabladid.is**


jói & Félagar

OPIÐ HÚS MILLI 16 & 18

LAUGARDAGINN 4. FEBRÚAR Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG 8

JÓI & FÉLAGAR 18 ÁRA

Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG (10 ÁRA)

PAUL MITCHELL

10 ÁRA Á ÍSLANDI

SIMBI 45 ÁRA





Undirbúningur fyrir byggingu nýs Landspítala hafinn:

# Samið við danska hönnuði

**SKIPULAGSMÁL** Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, undirritaði í gær samning við vinningshafa samkeppninnar um skipulag nýja Landspítalans, danska fyrirtækið CF Møller, um gerð deiliskipulags og þarfagreiningar. Undirritunin fór fram á upphafsfundi framkvæmdanefndar um byggingu nýs hátæknisjúkrahúss sem Alfreð Þorsteinsson stýrir.

Á fundinum voru um 250 fulltrúar heilbrigðisstétta, háskólafólks og hagsmunafélaga sjúklinga, Hjartaverndar og Krabbameinsfélagsins. Þeir munu starfa í 44 notendahópum vegna þarfagreiningarinnar og taka strax til starfa.

Fulltrúar CF Møller kynntu vinningstillöguna og fjölluðu um þá vinnu sem framundan er og á að vera lokið 30. júní næstkomandi. Miðað er við að framkvæmdir geti hafist eftir tvö ár. Þegar þarfagreiningu lýkur hefst endurskoðun vinningstillögunnar á grundvelli þess sem greiningin leiðir í ljós.

Leyfilegt byggingarmagn nýja spítalans er rúmlega 170 þúsund fermetrar og mun verkið taka til lóðar Landspítalans sem markast af Eiríksgötu, Barónsstíg og nýju Hringbrautinni vestur að Njarðargötu. **- sdg**



**UNDIRRITUN SAMNINGA** Jón Kristjánsson og fulltrúar CP Møller, Klavs Hyttel og Karl Gaub, skrifa undir.

# Verðhrun!

## á jólabókum

## 37-51% afsláttur

Fyrstur kemur fyrstur fær

46%* afsláttur



2,490 kr. ~~4,680~~ kr.

46%* afsláttur



2,690 kr. ~~4,990~~ kr.

49%* afsláttur




1,990 kr. ~~3,990~~ kr.

37%* afsláttur




2,490 kr. ~~3,990~~ kr.

51%* afsláttur




1,790 kr. ~~3,680~~ kr.

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.

Gildir til 9. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ

**1** *Hvað heitir næstæðsti maður hryðjuverkasamtakanna al-Kaída?*

**2** *Hver hefur verið ráðinn ritstjóri á Fréttablaðinu við hlið Kára Jónassonar?*

**3** *Hvaða argentínski landsliðsmaður í fótbolta er genginn til liðs við Portsmouth?*

SVÖRIN ERU AÐ SÍÐU 50

Sýningarhöllin í Suður-Póllandi sem hrundi um helgina:

# Meira en 60 hafa fundist látnir

**PÓLLAND, AP** Leitarhundar fundu á þriðjudag þrjú lík til viðbótar í rústum sýningarhallarinnar í útjaðri suður-pólsku borgarinnar Katowice sem hrundi um helgina, og kom í ljós í gær að eitt þeirra var af Ungverja. Hann er níundi erlendi ríkisborgarinn sem fundist hefur látinn. Staðfestur heildarfjöldi látinna var í gær leiðréttur í 63.

Um 500 manns, gestir á fjölþjóðlegu móti bréfdúfuræktenda, voru staddir í höllinni á laugardaginn þegar þakið brast, að því er virðist undan snjóþunga. Rannsókn stendur enn yfir á orsökunum, en húsið var stálgrindarhús reist fyrir sex árum. Einn hönnuða hússins reyndi að svipta sig lífi tveimur dögum eftir að ósköpin dundu yfir, að því er talsmaður saksóknaraembættis svæðisins sagði í gær. Maðurinn hefði „örugglega upplýsingar sem munu hjálpa til við að upplýsa orsökina," sagði hann.

Víða um Pólland var unnið að því að moka snjó af flatþökum stórhýsa, svo sem stórmörkuðum og íþróttahöllum. ■



**ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Björgunarsveitarmenn fundu þrjú lík til viðbótar í rústum sýningarhallarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómarafélag Íslands:

## Bíða viðræðna við stjórnvöld

**KJARAMÁL** Dómarafélag Íslands stendur við yfirlýsingu þá er það sendi frá sér í síðustu viku og mun halda að sér höndum þrátt fyrir að minnsta kosti einn dómari hafi þegar ákveðið að hefja málsókn.

Ákvörðun Alþingis að fella úr gildi úrskurð kjaradóms um launahækkanir til æðstu manna ríkisins, að dómurum meðtöldum, hefur farið illa í margra. Staðfest er að Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari ætli í mál en að sögn Arngríms Ísberg, varaformanns félagsins, er ekki vitað um fleiri sem hafa tekið þá ákvörðun. Það breyti engu að félagsmenn ætla að fara þess á leit að ræða við stjórnvöld um lausn á málinu. - aöe

Landbúnaðarstofnun:

## Kynna viðbrögð við fuglaflensu

**FUGLAFLENSA** Landbúnaðarstofnun efnir til kynningarfunda um fuglaflensu víðs vegar um landið á næstu vikum. Á fundunum verður fjallað um sjúkdóminn, mat á áhættu að hann berist til landsins, vöktun farfugla og alifugla og um varnir sem gripið verður til greinist hann hér á landi.

Til stendur að halda fundi á sex stöðum á landinu.

Fundirnir eru fyrst og fremst ætlaðir dýralæknum, eigendum alifugla, alifuglabændum, svínabændum og starfsfólki sem vinnur við alifugla- og svínarækt, að sögn Landbúnaðarstofnunar. Markmiðið er að ná til flestra þessara hagsmunaaðila og kynna fyrir þeim viðbúnað, viðbrögð og aðgerðir sem skipulagðar hafa verið í þessu samhengi. Fundirnir eru þó öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. - jss

Óeirðir í Nepal ári eftir valdatöku konungs:

# Konungi mótmælt

**NEPAL, AP** Miklar óeirðir brutust út í Nepal í gær þegar ár var liðið frá valdatöku Gyanendra konungs. Í opinberri ræðu lofaði konungurinn þjóðarkosningum fyrir apríl á næsta ári og sagði hermenn sína hafa náð miklum árangri í baráttunni við óeirðarseggi kommúnisma, jafnvel þótt aðfaranótt miðvikudags hafi uppreisnarmenn ráðist á og myrt 20 lögreglu- og hermenn í Vestur-Nepal. Jafnframt var tuga lögreglumanna saknað eftir árásina, að sögn ónefnds talsmanns hersins.

Talsmenn stjórnmálaflokkanna sögðu orð konungs vera hjóm eitt og héldu sjö stærstu flokkarnir fjölmenna mótmælafundi gegn alræði konungs í Katmandú og fleiri borgum í gær. Konungurinn tók völdin af ríkisstjórn landsins í febrúar 2005 til að reyna að knésetja kommúnista í landinu. Valdatakan var harðlega gagnrýnd bæði innanlands sem utan. Evrópusambandið hvatti konunginn í gær til að láta af einræðisstefnu sinni, leita friðsamlegra leiða til að leysa úr vanda þjóðarinnar og gefa þegnum sínum borgaraleg réttindi. - smk



**LÝÐRÆÐISSINNI HANDTEKINN** Óeirðalögregla handtekur konu á mótmælafundi.



**AÐ STÖRFUM Á NORÐURHJARA** Starfsmannaleigur eru farnar að skrá sig á vef Vinnumálastofnunar. Sumar þeirra eru nýstofnaðar en aðrar hafa margra ára starfsemi að baki. Myndin tengist fréttinni ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekki nútímaþrælahald

### Sjö erlendar og íslenskar starfsmannaleigur höfðu skráð sig á vef Vinnumálastofnunar síðdegis í gær.

**VINNUMARKAÐUR** Sjö erlendar og íslenskar starfsmannaleigur höfðu skráð sig á vef Vinnumálastofnunar síðdegis í gær, þar á meðal var portúgalska starfsmannaleigan Epalmo Europe sem talin hefur verið stærsta starfsmannaleigan með starfsemi hér á landi.

Hinar starfsmannaleigurnar eru ÞH verk, Islit, People Select Aviation, GM Staffing fyrir utan Holtan Industrier og 2b, sem greint var frá í gær. People Select Aviation er bresk starfsmannaleiga í fluggeiranum, GM Staffing er dönsk starfsmannaleiga og Islit er nýstofnað fyrirtæki í eigu Litháa. Hann hyggst flytja inn byggingarefni og standa að starfsmannaleigu hér á landi.

Paulo Santos hefur yfirumsjón með starfsemi Epalmo Europe hér á landi. Hann segir að starfsmannaleigan opni skrifstofu á Íslandi í byrjun þessa mánaðar og þá komi hann sjálfur til landsins. Epalmo Europe hafi 15 ára starfsemi á bak við sig og hafi nú þúsundir starfsmanna um allan heim og starfsemi meðal annars í um 20 löndum í Evrópu. Starfsmannaleigan hafi um 60 starfsmenn hér á landi í augnablikinu. Fjöldinn fari eftir eftirspurn hverju sinni. Epalmo fylgi lögum og reglum og reyni að gera viðskiptavinina ánægða.

„Við erum ekki guð en við erum heldur ekki djöfullinn. Það er rétt að sum fyrirtæki borga ekki rétt en í okkar tilfellum munum við fara yfir þetta og ræða það. Ef fólk fær ekki rétt greitt þá þurfum við að leiðrétta það en starfsmenn okkar fá fullt af peningum. Við vinnum með stjórnvöldum og erum að þróa fyrirtækið og koma samskiptum við verkalýðsfélög og stjórnvöld í lag. Þetta er ekki nútímaþrælahald," segir hann og kveðst hafa fullan skilning á því að efasemdir hafi skapast. „Það er okkar að sýna fram á að fólk hafi rangt fyrir sér."

Ole Kristian Bakke er umsjónarmaður Íslandsstarfseminnar hjá norsku starfsmannaleigunni Holtan Industrier sem er með fimm sænska smiði hér á landi í augnablikinu. Hann segir að Holtan Industrier sé 25 ára gömul starfsmannaleiga sem muni eingöngu leigja norræna iðnaðarmenn hingað til lands. Það séu gæðin, ekki magnið, sem gildi. Starfsmannaleigan fari að einu og öllu eftir íslenskum lögum og reglum. ghs@frettabladid.is






Mannbjörg varð þegar tankskip sökk í Ermarsundi:

# Fosfórsýra gæti lekið

**LUNDÚNIR, AP** Mannbjörg varð þegar tankskipið Ece sökk um 50 kílómetrum norðvestur af eyjunni Guernsey í Ermarsundi í gærmorgun eftir árekstur við gámaflutningaskip, að sögn bresku strandgæslunnar. Tuttugu og tveimur sjómönnum var bjargað.

Í flutningarými Ece eru um 10.000 rúmlestir af fosfórsýru. Leki sýran er ekki gert ráð fyrir að hún valdi langtímaskaða í lífríki sjávar, en talsmaður Grænfriðunga sagði að reyna bæri eftir fremsta magni að koma í veg fyrir leka. Bresku og frönsku strandgæslurnar reyna nú að bjarga því sem bjargað verður úr flakinu. - smk



**TANKSKIP SEKKUR** Tankskip sökk í Ermarsundi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



GSM HEIMASÍMI INTERNET SJÓNVARP
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30957 02/2006
„Meistaradeildin beint í símann og beint á Sýn. Ég gæti ekki beðið um meira.“
Valdimar og fjölskylda hafa nýtt sér heildarþjónustu Og Vodafone, Og1, frá því í apríl og síðan þá hafa þau sparað 42.082 kr.
Það er ekkert mál að skrá sig í Og 1. Heimili sem eru með allt hjá Og Vodafone, GSM áskrift , Heimasíma og Internet, geta skráð sig í Og 1. Hringdu í 1414 strax í dag, skráðu þig í Og1 og byrjaðu að spara með hverju símtali. Fríðindi Og1 eru meðal annars:
Sjónvarp
Sýn á 1.990 kr. á mánuði. Viðskiptavinir í Og1 geta fengið áskrift að Sýn á aðeins 1.990 krónur á mánuði.
Tilboðið gildir til 1. okt. 2006.
Mörkin í símann
Enski boltinn og Meistaradeildin á 0 kr. Allir sem eru skráðir í Og1 geta valið sitt lið í Enska boltanum og séð öll mörkin í leikjum liðsins í GSM-símanum á 0 kr. Þá geta viðskiptavinir í Og1 einnig valið lið í Meistaradeildinni og séð öll mörkin úr riðli þess og úrslitakeppninni í GSM-símanum á 0 krónur.
Og1
Í dag eru yfir 11.000 heimili skráð í Og1 og þeim fjölgar hratt.
Komdu í verslun Og Vodafone, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.ogvodafone.is til að fá nánari upplýsingar og skrá þig í Og1.
og vodafone
Heyrumst!




Verkalýðsfélag Húsavíkur skorar á SA og ríkið að hækka lægstu laun:

# Biðlund verkafólks á þrotum

**KJARAMÁL** „Verkafólk fagnar því að starfsmenn sveitarfélaga sem lægst laun hafa eigi von á 12 prósenta launahækkun en á sama tíma er verkafólk afar óánægt með eigin kjör. Laun fiskvinnslufólks og ófaglærðra starfsmanna á sjúkrahúsum eru til dæmis vel undir 140 þúsundum á mánuði og við það verður ekki unað lengur,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Félagið hefur sent frá sér ályktun þar sem skorað er á á Samtök atvinnulífsins og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisjóðs, að fylgja fordæmi Launanefndar sveitarfélaga og hækka lægstu laun verkafólks sérstaklega umfram kjarasamningsbundnar hækkanir. Jafnframt hvetur félagið önnur stéttarfélög til að herða baráttuna fyrir bættum kjörum verkafólks sem býr við það hlutskipti að vera á lágmarkskjörum.

Aðalsteinn segir símann ekki hafa stoppað hjá sér undanfarna daga. „Það er kraumandi óánægja og vaxandi reiði á meðal verkafólks. Fólk sættir sig einfaldlega ekki lengur við að bíða eftir bættum hag þótt samningar séu ekki úti,“ segir Aðalsteinn.

- kk



**AÐALSTEINN BALDURSSON** Þolinmæði verkafólks er á þrotum, segir formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

36 morð á 28 dögum:

# Morðalda í Karíbahafi

**TRÍNIDAD & TÓBAGÓ** Eylöndin Trínidad og Tóbagó fara nú langleiðina með að hnekkja meti Jamaíka hvað varðar tíðni morða og annarra misyndisverka.

Á síðustu 28 dögum hafa verið verið framin þar alls 36 morð á eyjunum.

Lifa fátækir íbúar landins í stöðugum ótta enda hefur komið í ljós undanfarin ár að lögreglumenn og hermenn koma oft við sögu í morðmálum og örugglega eitt af þessum síðustu 36 morðum var framið af fjórum hermönnum. Mannrán eru einnig tíð á eyjunum og heita má að meirihluti íbúanna hafi upplifað slíkt. ■

Eigendur Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg:

# Vilja heilsutengda starfsemi í húsinu

**FRAMKVÆMDIR** Hugsanlegt er að áfram verði heilbrigðisstarfsemi í húsi Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Markhús ehf. keypti nýlega húsið og byggingaréttinn á lóðinni fyrir 980 milljónir króna. Sú ákvörðun ríkisins og Reykjavíkurborgar í maí síðastliðnum að selja eignina, vakti athygli og kveikt umræðu um hvað nýr eigandi ætli sér með kaupunum.

„Það sem okkur langar til að gera er að nýta húsið undir einhverja heilbrigðisstarfssemi. Við erum mjög opnir fyrir því hvers eðlis hún gæti orðið og erum að skoða ýmsa möguleika ennþá og ræða við menn. Við eigum á lóðinni byggingarétt og það eru áform um að nýta hann sem best. En þetta ræðst af því hvaða starfsemi verður í gamla húsinu,“ segir Dagbjartur Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Markhús ehf.

Húsið er höfundarverk Einars Sveinssonar, húsameistara Reykjavíkur, og þykir merkilegt í byggingarsögulegu tilliti. Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans, hefur á borgarstjórnarfundum lýst yfir áhyggjum um framtíð hússins en þær áhyggjur eru ástæðulausar að sögn Dagbjarts.

„Það er ekki á dagskránni hjá okkur að rífa húsið. Ég efa líka að byggingaryfirvöld myndu samþykkja það. Það er verið að tala um að friða húsið og það ferli er hafið.“

- shá



**GUSTUR** Framtíðarnefndin vill flytja hesthúsasvæðið til þess að hestamannafélagið Gustur líði hreinlega ekki undir lok.

# Vilja flytja Gust um set

**Framtíðarnefnd hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi telur besta kostinn í þeirri stöðu sem upp er komin að flytja hesthúsasvæðið á Kjóavelli.**

**SKIPULAGSMÁL** Framtíðarnefnd hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi telur fýsilegasta kostinn í þeirri stöðu sem upp er komin hjá félaginu að hefja viðræður við bæjaryfirvöld í Kópavogi um nýtt svæði fyrir starfsemi þess. Nefndin horfir þá einkum til Kjóavalla, þar sem eru tvö hesthúsasvæði: Heimsendi í landi Kópavogs og Andvari í landi Garðabæjar.

Nefndin skilaði tillögum þessa efnis til stjórnar Gusts í fyrrakvöld og í kvöld verður haldinn félagsfundur um málið. Nefndarmenn telja að veruleg hætta sé á að hestamannafélagið Gustur, sem er eina hestamannafélagið í Kópavogi, líði undir lok verði ekkert að gert.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, sem á sæti í framtíðarnefndinni bendir á að um 36 prósent hesthúsaplássa í Gusti hafi á síðustu fimm mánuðum verið seld fjárfestum. Þá hafi Gustur eignast 6,8 prósent hesthúsa með því að ganga inn í kauptilboð sem verktakar hafi gert.

Sveinbjörn bendir enn fremur á að verði félagið áfram á núverandi svæði sé með öllu óljóst hvort reiðleiðir frá því verði ásættanlegar eða ekki, þar sem lagning Arnarnesvegar sé fyrirhuguð innan skamms, svo og auglýst skipulag í Hnoðraholti, Smalaholti og á Rjúpnahæð.

Framtíðarnefndin gerir það að tillögu sinni, sem lögð verður fyrir félagsfund í Gusti í kvöld, að viðræður verði þegar hafnar við bæjaryfirvöld í Kópavogi um framtíðarsvæði fyrir hestamannafélagið Gust á Kjóavöllum eða nágrenni. Á þetta verði látið reyna svo fljótt sem nokkur kostur er, þar sem það þolir ekki bið að fá úr því skorið hvort þetta er raunhæfur kostur eða ekki.

jss@frettabladid.is

112 í tíu ár
hvað hefur breyst – hvað er framundan?

Ráðstefna um hlutverk og skyldur 112 við almenning og viðbragðsaðila og þróun neyðarþjónustu.

Haldin á Hótel Loftleiðum kl. 13-17 föstudaginn 10. febrúar 2006 í tilefni af 112 deginum og tíu ára afmæli Neyðarlínunnar.

Dagskrá

- Setningarávarp: **Björn Bjarnason** dómsmálaráðherra.
- Tilkynnt um val á skyndihjálparmanni Rauða krossins 2005.
- **Jónína Sigurðardóttir**, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóranum: Samvinna 112 og ríkislögreglustjórans.
- **Anna Björg Aradóttir**, yfirhjúkrunarfræðingur hjá landlæknisembættinu: 112 og heilbrigðisþjónustan – samstarfið eflt.
- **Jón Viðar Matthíasson**, slökkviliðsstjóri SHS: Var stofnun Neyðarlínunnar aðeins atrenna að stóra stökkinu?
- **Sigurgeir Guðmundsson**, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og **Kristján Maack**, formaður landsstjórnar björgunarsveita: 112 – viðbragð björgunarsveita.
- **Jyrki Landstedt**, framkvæmdastjóri 112 í Finnlandi: 112 í Finnlandi – staða og þróun.

Umræður og fyrirspurnir að hverri framsögu lokinni.
Ráðstefnustjóri: **Björn Friðfinnsson.**

112 EINN EINN TVEIR í tíu ár

Ráðstefnan er opin öllum án endurgjalds.
Skráning í síma **570 2000**, á **www.112.is**
og með tölvupósti á **112@112.is**
fyrir þriðjudaginn 7. febrúar.

Stjórnvöld í Írak bregðast skjótt við fuglaflensunni:

# Alifuglum slátrað

**ÍRAK, AP** Stjórnvöld í Írak brugðust skjótt við fréttum af fyrsta mannslátinu þar í landi úr mannskæða fuglaflensuveirustofninum H5N1. Á mánudag tilkynntu yfirvöld að 15 ára norður-írösk stúlka hefði látist úr veirunni í janúar.

Fimm farsjúkrahús hafa verið flutt til Norður-Íraks og 50 teymi hafa fargað hálfri milljón alifugla á svæðinu, að sögn talsmanns landbúnaðarráðuneytissins. Jafnframt hafa fuglabændur verið beðnir um að skoða fugla sína.

Einnig hafa Bandaríkin og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin heitið ríkisstjórn Íraks aðstoð.

- smk



**SMITHÆTTA** Íraskur drengur skoðar fugla á fuglamarkaði í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# CLINIQUE

GÓÐ GJÖF




## Góð Clinique gjöf í Lyf & heilsu

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

Superdefense rakakrem 7 ml
DDMG rakakrem 30 ml
Deep comfort body butter 40 ml
CS varalitur Waterviolet
CS augnskuggi Blue lagoon
Naturally glossy maskari

*Á meðan birgðir endast

Útsölustaðir Clinique: Kringla, Austurver, Austurstræti, Melhagi, JL húsið, Mjódd, Selfoss, Keflavík, Glerártorg og Vestmannaeyjar.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*



**UPPREISNARAFMÆLI FAGNAÐ** Kona af Karen-ættflokknum í Búrma reykir pípu við hátíðahöld í tilefni af 57 ára uppreisnarafmæli Karena í búðum þeirra nærri Nýja Manerplaw í Búrma á þriðjudag. Uppreisn Karena gegn stjórninni í Rangún (Yangon) er ein lífseigasta uppreisn sem um getur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigurvegari í forvali vinstri grænna á Akureyri:

# Stefnir á bæjarstjórastólinn

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Baldvin H. Sigurðsson, sigurvegari í forvali VG á Akureyri vegna komandi sveitarstjórnarkosninga, segist stefna svellkaldur á stól bæjarstjóra að loknum kosningum. „Til þess þarf ég að vísu að fá góða kosningu en ég vona að bæjarbúar tryggi það,“ segir Baldvin.

Baldvin sigraði Valgerði H. Bjarnadóttur, eina bæjarfilltrúa VG á Akureyri, með miklum mun í forvali flokksins um síðastliðna helgi. Valgerður hafnaði í öðru sæti. Á fundi með flokkssystkinum sínum síðastliðið mánudagskvöld tilkynnti Valgerður að hún myndi ekki þiggja annað sætið en hygðist taka þátt í starfi flokksins fram að kosningum.

Baldvin á ekki von á frekari eftirmálum vegna forvalsins og segir sáttatón hafa svifið yfir fundinum. „Nú þarf það fólk sem leitt hefur starf VG á Akureyri bara að venjast því að það er kominn nýr maður í brúna, en samhent getum við unnið vel að mörgum góðum málum fyrir bæinn okkar,“ segir Baldvin. - kk



**BALDVIN H. SIGURÐSSON** Það kemur Baldvin óvart að Valgerður H. Bjarnadóttir skyldi hafna öðru sæti á framboðslistanum að teknu tilliti til niðurstöðu forvalsins. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Fráfall Johannesar Rau:

## Vottuð virðing í sendiráðinu

**ÞÝSKALAND** Johannes Rau, sem var forseti Þýskalands á tímabilinu 1999 til 2004, andaðist á heimili sínu í Berlín þann 27. janúar síðastliðinn. Rau kom í opinbera heimsókn til Íslands sumarið 2003, ásamt eiginkonu sinni og fylgdarliði.

Þýska sendiráðið vill koma því á framfæri að þeir sem vilja votta samúð sína vegna fráfalls Rau geta komið í sendiráðið, Laufásvegi 31, í dag, fimmtudaginn 2. febrúar, á milli klukkan níu og tólf fyrir hádegi og tvö og fjögur eftir hádegi. Þar liggur frammi bók sem fólk getur skráð nafn sitt í af þessu tilefni. - aa



**SRÍ LANKA** Stjórnarhermenn ganga eftir götu í Kólombó, höfuðborg Srí Lanka. NORDICPHOTOS/AFP

Friðarviðræður á Srí Lanka:

## Tamíl-tígrar biðja um vernd

**SRÍ LANKA, AP** Tamíl-tígrarnir, aðskilnaðarhreyfing tamíla á Srí Lanka, hótuðu því á þriðjudag að taka ekki þátt í friðarviðræðum í febrúar nema ríkisstjórn Srí Lanka veiti tamílum betri vernd fyrir mannránum. Tígrarnir segja skæruliða hafa rænt fimm tamílum á mánudag.

Fyrir tilstuðlan norska sáttasemjarans Eriks Solheim samþykktu tamíl-tígrarnir og ríkisstjórn Srí Lanka nýverið að hefja friðarviðræður í febrúar. Opinberlega hefur vopnahlé ríkt í landinu frá 2002, en friðurinn hefur verið óstöðugur. Um 65.000 manns hafa látist í stríðinu. - smk

Umferðarslys við Borgarnes:

## Ultu í hálku

**LÖGREGLA** Tvö umferðaróhöpp urðu rétt við Galtarholt skammt frá Borgarnesi í fyrradag. Tveir bílar lentu utan vegar og ultu í mikilli hálku.

Í fyrra óhappinu slasaðist ökumaður bílsins á hálsi og herðum en meiðsli hans eru þó ekki talin alvarleg. Ökumaður bílsins í seinna óhappinu, sem varð nokkrum mínútum síðar, slasaðist óverulega. Báðir bílarnir eru mikið skemmdir. - mh

# Áframhaldandi blíðviðri og gott ferðaveður víðast hvar

**Suðlægar áttir og hlýindi verða ríkjandi fram á sunnudag en þá taka norðlægar áttir við og kólnar í veðri. Sigurður Þór Ragnarsson veðurfræðingur segir að vorið sé ekki komið þrátt fyrir þetta.**

**ÚTIVIST** Annar febrúar 2006. Allir helstu vegir landsins greiðfærir. Fimm til tíu stiga hiti um landið allt og framundan meira af því sama. Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands verður besta veðrið fyrir norðan á laugardaginn en spár gera ráð fyrir að á sunnudaginn kólni og hitastig um land allt falli niður í frostmark.

Suðlægar áttir ráða ríkjum fram að helginni og er það ávísun á allt að tíu stiga hita fyrir norðan allt fram á sunnudag. Vindáttir breytast aðfaranótt sunnudags og kólnar í veðri um land allt. Má þá búast við éljagangi fyrir norðan og hitastigið lækkar til muna. Höfuðborgarbúar og nærsveitamenn ættu þó ekki að örvænta. Hitastig suðvestanlands ætti að ná fjórum til átta stigum út vikuna en gert er ráð fyrir að talsvert rigni sunnan og suðvestanlands.

Sigurður Þór Ragnarsson, veðurfræðingur á Nýju fréttastöðinni, varar við að fólk fyllist of mikilli bjartsýni og tali um að vorið sé komið enda hafi veðurfar undanfarinna daga ekki verið einstakt að neinu leyti nema hvað varðar fáar sólskinsstundir í mánuðinum.

„Besta veðrið til útivistar er norðaustanlands um helgina. Hafa verður í huga að land er víða blautt og þeir sem ætla sér í göngutúr vaða drullu víðast hvar en hvað varðar hitastig og vind þá verður best að vera fyrir norðaustan. Ekkert lát er á áframhaldandi hitum í kortunum sé litið lengra fram í tímann.“

Hálendisvegir landsins eru að mestu ófærir og jeppaeigendur ættu að fara varlega í að keyra þar um enda land allt sérlega viðkvæmt vegna hlýnunar undanfarinna daga. Skíða- og brettafólk verður að leita út fyrir landsteinanna til kaldari landa í Evrópu. Öll skíðasvæði landins eru lokuð að mestu leyti nema gönguskíðabrautir eru opnar á Seljalandsdal. Meðan ekki kólnar verulega á landinu verður engin breyting þar á. Eina undantekningin eru Kerlingarfjöll þar sem alltaf er nægur snjór en að sögn staðarhaldara er færð afar erfið og þangað verður aðeins komist með jeppum.

Ekki þarf að fara lengra aftur en um eitt ár til að finna sambærilegar hitatölur síðustu vikuna í janúar. Þá kom hlýindakafli og leysti snjó á láglendi um land allt eins og raunin er nú. Hæsta hitastig þá mældist átján stig. Vik nýliðins janúarmánaðar í Reykjavík frá sólarhringsmeðalhita meðaltals áranna frá 1961 til 1990 eru 2,4 gráður en 2,9 gráður sé miðað við Akureyri.

albert@frettabladid.is



**KERLINGARFJÖLL** Fátt jafnast á við útiveru í góðu veðri en í Kerlingarfjöllum er snjór nægur fyrir gönguskíða- og vélsleðafólk og margt jeppafólkið skemmtir sér á ísnum. Þangað er hins vegar torfært þessa dagana og ekki á færi annarra en jeppamanna að keyra þangað.


FORESTER

ENNÞÁ BETRI Í FEBRÚAR!

Subaru Forester sameinar veghæð jepplings, afl sportbíls (158 hestöfl) og frábæra akstursegiginleika Subaru. Lárétt Boxer-vél og Subaru fjórhjóladrif bregðast við ástandi vegar og vegleysu af óviðjafnanlegri getu. Og í febrúar færðu 230.000 króna kaupauka sem gerir hann ennþá meira freistandi!

230.000 kr. KAUPAUKI

- Vindskeið
- 16" álfelgur
- Heilsársdekk
- Upphækkun í 23 cm veghæð

| Tegund | Verð |
|---|---|
| FORESTER beinskiptur | 2.390.000,- |
| FORESTER sjálfskiptur | 2.550.000,- |



www.subaru.is SYMMETRICAL AWD SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100 | Sæmundargötu 3 550 Sauðárkróki 453-5141 | Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808 | Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376 | Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990 | Leiruvogi 6 730 Reyðarfirði 474-1453 | Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960

Aukabúnaður á mynd: Þokuljós.

Fíton/SÍA


Útsala á lambakjöti!
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Sparaðu 500kr.
LAMBALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI
895 kr. kg
Bestir í kjöti!
Sparaðu 400kr.
LAMBA SIRLOIN
ÚR KJÖTBORÐI
798 kr. kg
Sparaðu 500kr.
LAMBAHRYGGUR
ÚR KJÖTBORÐI
1.098 kr. kg
Sparaðu 300kr.
LAMBAKÓTILETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg
20% afsláttur
GOÐA
SÚPUKJÖT
FROSIÐ Í POKA
398 kr. kg
Sparaðu 300kr.
LAMBALÆRISSN.
ÚR MIÐLÆRI
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg
Mundu Chester Fried
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



Virk Sam-keppni
Sprengiverð
á dönskum kjúklingabringum
1.499 kr./pk.
Danpo kjúklinga bringur 900 gr.
699 kr./kg.
Krón
grísab
reykt
úrbein
Bertolli pastasósur
149 kr./pk.
99 kr./pk.
LP franskar rifflaðar
Basset´s konfekt fylgir!!!
Grand´italia pasta
199 kr./pk.
4 x 2 l. Coke kippa basset's konfekt fylgir
699 kr./pk.
Grand´italia spaghetti og fusilli
39 kr./pk.
Lorenz snakk
69 kr./pk.
Pasfrost frosið grænmeti
49 kr./pk.
LP salernispappír 8 rúllur
129 kr./pk.
Paprikur rauðar
189 kr./kg.
Meira úrval
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
HÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 11-16


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Krónu Grísakótilettur
899
kr./kg.
3 fyrir 2
NAGGAR
40% Afsláttur
Fjörfiskur rækjur smáar
199
kr./pk.
Rækja
FJÖRFISKUR
ALI bjúgu 4 stk.
323
kr./kg.
GM honey nut Cheerios
299
kr./pk.
Honey Nut Cheerios
FIBER ONE
Whole Grain
GM Fiber one morgunkorn
149
kr./pk.
Myllu fjölkornabrauð heilt
99
kr./stk.
40% Afsláttur
Krónu hangiálegg
318
kr./pk.
Vatnsmelónur rauðar
69
kr./kg.
Nóa síríus blandað súkkulaði 4teg.
399
kr./pk.
Síríus
Íslenskur Fetaostur í kryddolíu
245
kr./stk.
KEA skyr
75
kr./stk.
Skyr
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## „ORÐRÉTT“

### Ómetanlegt

*„Hann var bara stórkostlegur og ómetanlegt að fá hann aftur í liðið.“*

**Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari um endurkomu Ólafs Stefánssonar í liðið í leiknum gegn Rússum, í Fréttablaðinu.**

### Eyrna á milli

*„Ég brosi út að eyrum.“*

**Rúnar Rúnarsson kvikmyndagerðarmaður um tilnefningu stuttmyndar sinnar, Síðasti bærinn, til Óskarsverðlauna, í Fréttablaðinu.**

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR

# *Hleður batteríin í sveitinni*



„Það er allt gott að frétta af mér,“ nær Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, að segja við blaðamann áður en símtalið slitnar. Ekki var hún þar með búin að ljúka máli sínu heldur á ferð í bíl sínum og ók í gegnum sambandsleysi. Blaðamaður hringir aftur og vonar að Bryndís sé með handfrjálsan búnað.

Það fyrsta sem berst í tal er sá sögulegi viðburður sem átti sér stað í seinustu viku þegar Háskólinn á Bifröst útskrifaði í fyrsta skipti meistaranema í lögfræði, alls átta talsins. „Háskólinn á Bifröst var fyrstur skóla, fyrir utan Háskóla Íslands, til að bjóða upp á laganám og nú útskrifum við fyrstu nemana sem hafa rétt til að þreyta lögmannspróf,“ segir Bryndís að vonum ánægð með þessi tímamót.

Mikið er að gera í vinnunni hjá Bryndísi en hún reynir reglulega að hlaða batteríin. „Næst á dagskrá er að fara út í sveit með syni mínum og anda að mér sveitaloftinu.“ Fjölskyldan á sveitabæ á Vesturlandi sem liggur afskekkt. „Þar er lélegt farsímasamband og ekkert internet,“ segir Bryndís og hljómar mjög sátt við að geta farið í frí frá tækninni. Bryndís segir alveg nauðsynlegt að skreppa nokkrum sinnum þangað og slappa af. Hún reynir að fara eins oft í sveitina með fjölskyldu sinni og annir leyfa.

Þegar Bryndís er innt eftir því hvort hún sé alveg búin að skera á tengsl við stjórnmál segist hún þau aldrei alveg rofna. Hins vegar sé aðkoman annars konar í dag þar sem hún sé komin úr hlutverki atvinnumanns yfir í hlutverk áhugamanns. „Áhuginn er ávallt til staðar.“ Bryndís fylgist spennt með prófkjörinu í Reykjavík og líst ágætlega á frambjóðendurna. Sökum anna í vinnunni sér hún ekki fram á að hafa svigrúm til að koma að sveitarstjórnarkosningum í sínu kjördæmi en segist hlakka til að fylgjast með í vor.



**FAGURMÁLAÐIR FÍLAR** Þessir skrautlegu fílar léku listir sínar á árlegri fílahátíð í Kaziranga-þjóðgarðinum á Indlandi. Hátíðinni er ætlað að laða að ferðamenn og auka vitund um það plássleysi sem herjar að dýrum og mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Með mömmu í framboði

**Það getur komið fyrir hörðustu jaxla að fara hjá sér þegar móðir þeirra mætir á vettvang átakanna sem þeir heyja dagsdaglega. Það er eins gott að slíkt hendi ekki Evu Bjarnadóttur, formann Röskvu, því móðir hennar, Hrund Helgadóttir, skipar tólfta sætið á lista samtakanna.**

„Mamma reynir að spila þetta svolítið kúl á Röskvufundunum svo að hún komi mér ekki í bobba,“ segir Eva og þykir greinilega aðstæðurnar hinar spaugilegustu. „Mér finnst bara alveg frábært að hafa hana og hún hefur það fyrir sitt baráttumál að ná til eldra fólksins í Háskólanum og virkja það til þátttöku í stúdentapólitíkinni og ekki er vanþörf á þessum málaflokki. Þannig að það er virkilegur akkur af henni,“ bætir hún við.

Móðirin á heldur ekki í neinum vandræðum með það að lúta yfirstjórn dótturinnar. „Ég hef aldrei fundið hjá mér neina freistingu til að setja móðurlega í við hana á fundum,“ segir hún. „Það kom mér reyndar á óvart hvað það er langt í allar móðurtilfinningar þegar ég stend andspænis formanninum, þá lít ég bara á hana sem slíkan. En ég er hins vegar afskaplega stolt af henni. Það er alveg frábært að sjá þessa hlið á henni og verða vitni að því hvað hún hefur þroskast og hvað hún hefur mikið til brunns að bera í þessum störfum,“ segir Hrund og sýnist blaðamanni sem nú sé móðirin orðin frambjóðandanum yfirsterkari innra með henni.

Hrund er hjúkrunarfræðingur og hyggur nú á BS-gráðu í þeim fræðum og þess vegna fór hún í Háskóla Íslands. Eva er í stjórnmálafræði og klárar nú í vor ef stúdentapólitíkin glepur hana ekki alveg frá náminu. Hrund segist myndu styðja dyggilega við dóttur sína hyggðist hún fara út á vígvöll stjórnmálanna því þangað ætti hún örugglega erindi.

Þær mæðgur eru sammála um að þessi sameiginlega reynsla þeirra í stúdentapólitíkinni hafi styrkt samband þeirra. „Ég held að ég beri meiri virðingu fyrir henni og því sem hún er að gera nú þegar ég hef kynnst því sjálf. Ég skil líka miklu betur núna hvernig hún nennir að standa í þessu öllum stundum; þetta er svo ofboðslega gaman,“ segir Hrund og skellihlær.

jse@frettabladid.is



**MÆÐGURNAR EVA BJARNADÓTTIR OG HRUND HELGADÓTTIR** Enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Hrund verður nú að lúta stjórn dóttur sinnar og formanns Röskvu. Þær mæðgur segja að þessi reynsla hafi haft mjög jákvæð áhrif á samband þeirra.

Forsetahjónin heimsækja Grundaskóla á Akranesi:

# Brugðu á leik með nemendum

Líflegt var í Grundaskóla á Akranesi þegar forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff komu þangað í heimsókn í fyrradag.

„Þetta var ákaflega vel heppnuð heimsókn,“ segir Guðbjartur Hannesson skólastjóri. „Það er aðallega fyrir tvennar sakir; annars vegar kunna krakkarnir sig greinilega og voru bara afslöppuð en áhugasöm og svo gáfu hjónin sér nægan tíma og brugðu bara á leik með krökkunum. Dorrit lék á als oddi og var farin að skríða um gólf í leik með nemendum,“ segir Guðbjartur. Hann segir að íslenskukunnátta hennar sé með þvílíkum ágætum að hún átti ekki í neinum vandræðum með að skeggræða við nemendur.



**FORSETAHJÓNIN Í GÓÐUM HÓPI** Þau Ólafur Ragnar og Dorrit fengu að kynnast gestrisni nemendanna í Grundaskóla í fyrradag og skemmtu sér engu síður en krakkarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN JÓNSSON

Grundaskóli hlaut menntaverðlaunin í fyrra en forseti Íslands stofnaði þau og veitir skólum sem standa sig vel í nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi. Í greinargerð dómnefndar segir meðal annars að nemendur taki fullan þátt í móttöku gesta skólans og rökræði við þá meðan þeir kynna fyrir þeim starfsemina. Það var ekki að sjá annað en að forsetahjónin hafi sannreynt þessa fullyrðingu dómnefndarinnar í fyrradag.





Reykjur lax í heilum flökum og í bitum
Tilboð í viku 5 gilda til sunnudags 5. feb. eða á meðan birgðir endast
Komdu í Bónus!
EKKERT BRUÐL
Kipputilboð!
HATTING hvítlauksbrauð með stutt geymsluþol
2 Í PAKKA 59 KR.
REYKTUR BÚKONULAX 998 kg KR. Í BITUM EÐA FLÖKUM
6 FLÖSKU KIPPA 498 KR. 6x 0.5 lítri
bonus.is
25 BRÚNKUKLÚTAR -bestir í morgunsárið!
25 BRÚNKUKLÚTAR 299 KR.
Bónus býður betur!
H&S 400 ml 398 KR.
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g 1595 900g KR.
Always dömubindi 198 KR.
Danskar, frosnar kjúklingabringur
H&S 400 ml -3 tegundir
3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR
RAFTANNBURSTI COLGATE
Lúxus Bónus kjúklingablanda 899 kg KR. MERKT VERÐ 1199 KR.
Fersk lúxus Bónus kjúklingablanda
FERSKAR FRÁ ALI 979 kg KR. 30% AFSL. VIÐ KASSANN MERKT VERÐ 1398 KR.
RAFTANNBURSTI 499 KR.
TÓLF LÍTRAR 599 KR. 6x 2 lítrar
FROSNIR LÚÐUBITAR 999 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Kipputilboð!
FROSIN LÚÐUSTEIK OG ALI KÓTELETTUR
www.bonus.is

## Svona erum við

> Fjöldi fyrirtækja í smábátaútgerð




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HEIMILD TIL HÆKKUNAR LÆGSTU LAUNA

# *Kostar samtals 1,4 milljarða króna*

Launanefnd sveitarfélaga hefur veitt skilyrta heimild til hækkunar lægstu launa hjá starfsmönnum sveitarfélaganna. Hækkunin nemur um 24-32 þúsund krónum á mánuði og getur hún gilt frá áramótum. Það er þó hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það hækkar launin hjá launalægsta fólkinu sínu eða ekki.



**Í hverju felst hækkunin?**
Hækkunin felst í formi launaflokkahækkana og eingreiðslu. Hún gildir fram til loka september en þá verða samningar lausir.

**Hverjir fá hækkun?**
Launalægstu starfsmenn sveitarfélaganna, einkum konur, fá hækkun. Í þessum hópi eru leikskólakennarar og deildarstjórar á leikskólum sem hafa háskólamenntun en hafa verið með lægri laun en til dæmis minna menntaðir starfsbræður þeirra og -systur á leikskólunum. Sveitarfélögin hafa líka fengið heimild til að hækka lægstu laun starfsmanna innan ASÍ og BSRB.

**Hver verður kostnaðurinn?**
Ef öll sveitarfélög landsins nýta sér heimildina verður kostnaðurinn alls um 1,4 milljarðar króna á ársgrundvelli.

**Hverjir ætla að notfæra sér þessa heimild?**
Búast má við að flestöll sveitarfélögin notfæri sér þessa heimild, eða að minnsta kosti þau stærstu enda er ljóst að bæði Reykjavík og Kópavogsbær hyggjast nýta sér hana og er búist við að þá fylgi sveitarfélögin í kraganum svokallaða á eftir, það er að segja Hafnarfjarðarbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Líklega fylgja svo önnur sveitarfélög á eftir.

**Hver verða áhrifin?**
Ókyrrð og óánægja meðal þeirra lægst launuðu á almennum vinnumarkaði. Forystumenn ASÍ hafa þegar hist til að ræða stöðuna og formenn Starfsgreinasambandsins hittast í næstu viku. Ljóst er að viðræður við atvinnurekendur eru framundan en hvað úr verður veit nú enginn. Atvinnurekendur benda jú á að samningar séu ekki lausir. Í bráðina.

## SPURT OG SVARAÐ

TRÚARBRÖGÐ

### *Fræðsla gegn fordómum*



INGA KRISTJÁNSDÓTTIR
Deildarstjóri á Bókasafni Kópavogs.

Í gær hófst fyrirlestraröð hjá Bókasafni Kópavogs um trúarbrögð. Inga Kristjánsdóttir, deildarstjóri á Bókasafni Kópavogs, segir hlutverk bókasafns lúta að fræðslu jafnt sem skemmtun og telur fræðslu um trúarbrögð eiga mikið erindi til almennings á Íslandi.

**Af hverju völduð þið að fjalla um trúarbrögð?**
Hér á landi búa margir frá framandi svæðum sem iðka aðra trú. Okkur lék hugur á að kynnast öðrum trúarbrögðum og vildum einnig láta fleiri njóta góðs af þekkingu þeirra. Við höfðum því samband við nokkra einstaklinga um að halda fyrirlestur um sína trú. Allir tóku vel í hugmyndina og vildu taka þátt í fyrirlestraröðinni.

**Er mikilvægara nú en áður að þekkja önnur trúarbrögð?**
Já, ég tel svo vera vegna þeirrar auknu breiddar sem einkennir íslenskt samfélag. Aukin fræðsla um menningu og trú annarra minnkar líkur á fordómum og árekstrum sem geta átt sér stað milli fólks með mismunandi menningarbakgrunn.




# Múhameðsteikningar í brennidepli áreksturs menningarheima

**Deilan um skopteikningarnar af Múhameð spámanni tók á sig nýjar hliðar í gær er dagblöð í nokkrum Evrópulöndum sýndu samstöðu í verki með Jótlandspóstinum danska, sem birti myndirnar upprunalega í haust sem leið, og endurbirtu þær til að vekja athygli á mikilvægi tjáningarfrelsisins í vestrænu samfélagi.**

Yfir þvera forsíðu franska blaðsins France Soir stóð yfirskriftin „Já, við höfum rétt til að skopast að Guði“. Undir henni var skopteikning sem sýndi guði búddista, gyðinga, kristinna og múslima svífandi um á skýi. Þar segir Jesú við Múhameð: „Hættu nú að vera í þessari fýlu, við höfum allir þurft að venjast því að skopast sé að okkur.“ Inni í blaðinu voru síðan teikningarnar úr Jótlandspóstinum birtar í heild.

„Birting skopteikninganna tólf í dönsku pressunni ollu reiði meðal múslima vegna þess að samkvæmt trú þeirra er bannað að birta myndir af guði eða spámanni hans. En þar sem enginn trúarbókstafur getur ginið yfir lýðræðislegu og veraldlegu samfélagi birtir France Soir hinar umdeildu skopmyndir,“ sagði í leiðara blaðsins.

**Rétturinn til guðlasts**
Þýska dagblaðið Die Welt prentaði eina af teikningunum á forsíðu. með þeim orðum að „rétturinn til guðlasts“ væri hluti af frelsisréttindum lýðræðislegs samfélags. Dagblaðið Berliner Zeitung birti einnig tvær teikninganna sem hluta af umfjöllun sinni um málið.

**Vildu storka sjálfsritskoðun**
Upprunalega komu þessar teikningar þannig til að Jótlandspósturinn hvatti til þess að skopmyndateiknarar sendu blaðinu dæmi um það hvernig hægt væri að teikna spámanninn. Hugmynin var sú að storka því sem blaðið áleit vera sjálfsritskoðun meðal listamanna þegar kæmi að umfjöllun um íslömsk málefni.

Ritstjórnin sendi frá sér opinbera afsökunarbeiðni á mánudag, þar sem hún harmar að birting teikninganna hefði sært fólk. Ritstjórinn, Carsten Juste, sagði í gær að blaðið hefði ekki birt teikningarnar hefði það getað séð afleiðingarnar fyrir. „Hefðum við vitað að hún leiddi til þess að danskar vöru væru sniðgengnar og lífi og limum Dana ógnað eins og við höfum séð, þá er svarið nei,“ lét Juste hafa eftir sér.

Hann sagði enn fremur í gær að eftir þessi ósköp sem nú hefðu dunið yfir vegna þesssa framtaks Jótlandspóstsins yrði sjálfsagt að minnsta kosti mannsaldurs bið á því að aftur yrðu birtar teikningar af Múhameð í Danmörku. Sem hann sagði miður, því það þýddi að tjáningarfrelsið lyti í lægra haldi fyrir ofríki trúarofstopamanna.

**Vesturlandabúum ekkert heilagt**
En þótt ritstjórnir annarra evrópskra blaða hefðu sýnt svo afdráttarlausa samstöðu með hinum dönsku kollegum sínum eins og sjá mátti í gær voru ekki allir Evrópumenn jafn sáttir við birtingu teikninganna.

Aðstoðarutanríkisráðherra Noregs, Raymond Johansen, sagði teikningarnar til þess fallnar að ala á tortryggni milli fólks af mismunandi trúarbrögðum.

Franski guðfræðingurinn Sohaib Bencheikh skrifaði pistil um málið í France Soir þar sem hann færir rök gegn skopi af þessu tagi. „Maður verður að finna mörkin milli tjáningarfrelsisins og réttarins til að vernda það sem heilagt er,“ skrifar hann. „Því miður hafa Vesturlönd tapað öllu skyni á það sem er heilagt.“

**Dönum um og ó**
Eins og gefur að skilja fátt annað er rætt meðal Dana þessa dagana en mótmælin gegn þjóðinni í Miðausturlöndum.

Einn vegfarandinn á götum Kaupmannahafnar, sem fréttaritari Fréttablaðsins innti eftir áliti á málinu, sagði málið flókið. Hann styddi frelsi Jótlandspóstsins til að birta teikningarnar en sagði samt að tímasetningin á birtingu þeirra hafi ekki verið góð. Hann teldi að ríkisstjórnin hefði átt að bregðast fyrr við.

Annar vegfarandi sagði Dani vera að upplifa nýjan raunveruleika þessa dagana. Fáni þeirra væri brenndur á götum úti og sennilega hafi Danmörku ekki borið á góma á sjónvarpsstöðinni Al-Jazzeera fyrr en nú. Þjóðin væri því orðnir gerandi í alvarlegri alþjóðadeilu. Hann sagði líka leitt að Danir kæmu út sem mjög óumburðarlynd þjóð í þessari umræðu sem hann taldi ekki sanngjarnt.

Umfjöllun danskra fjölmiðla um málið hefur verið mjög mikil. Slúðurblöðin hafa slegið því upp á forsíðu að nú væri líklegra en nokkru sinni fyrr að hryðjuverkaáras myndi eiga sér stað í landinu. Forsíður helstu dagblaða landsins í gær sýndu allar sömu myndina af mótmælendum í Miðausturlöndum með plakat af forsætisráðherra landsins í ljósum logum. Í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna hafa svo birst viðtöl við almenning í Miðausturlöndum sem segist ekki muni kaupa danskar vörur í framtíðinni og krefst þess að danska ríkisstjórnin biðjist afsökunar eða drottningin.



**MÚGÆSING Í MÚSLIMALÖNDUM** Herskáir Palestínuarabar í samtökunum Íslamskt heilagt stríð brenna mynd af Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, í Gazaborg í fyrradag.


FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSS0N
audunn@frettabladid.is


FRÉTTASKÝRING
KRISTJÁN SIGURJÓNSSON
kristjans@frettabladid.is

**ATBURÐARÁSIN**

*☆Kraumandi í fjóra mánuði*

* Þann **30. september 2005** birtir Jótlandspósturinn 12 teikningar af Múhameð spámanni.
* Múslimum í Danmörku mislíkar birting teikninganna. Í Kóraninum er kveðið á um að ekki megi birta myndir af spámanninum.
* Þann **19. október** fara sendiherrar 11 múslimalanda fram á fund með forsætisráðherranum, Anders Fogh Rasmussen, og vilja að hann fordæmi birtingu teikninganna. Því hafnar hann, með þeim orðum að ríkisstjórnin hafi ekkert yfir frjálsum fjölmiðlum landsins að segja.
* Sendinefnd er gerð út af samtökum múslima í Danmörku sem ferðast til margra múslimalanda og hvetur til alþjóðlegrar fordæmingar.
* Þann **19. desember** skrifa 22 fyrrverandi danskir sendiherrar forsætisráðherranum opið bréf þar sem þeir gagnrýna að hann skyldi ekki hafa tekið erindi sendiherra múslimalandanna betur.
* **29. desember** senda utanríkisráðherrar aðildarríkja arababandalagsins frá sér ályktun þar sem þeir lýsa vanþóknun sinni á því hvernig danska ríkisstjórnin hefur tekið á málinu.
* Í nýársræðu sinni hvetur Fogh Rasmussen til þess að málið sé rætt í sátt og af stillingu. Hann lætur þýða ræðuna á arabísku.
* **10. janúar** endurbirtir kristilega norska blaðið Magazinet teikningarnar eins og þær birtust í Jótlandspóstinum, með leyfi ritstjóra danska blaðsins.
* Þegar líða tekur á **janúar** leiðir málið til þess að hvatt er til þess opinberlega í Sádi-Arabíu að neytendur sniðgangi danskar vörur. Sádi-Arabía og nokkur önnur arabalönd kalla sendiherra sína heim frá Danmörku í mótmælaskyni. Á Gasasvæðinu brenna reiðir Palestínumenn danska fánann.



**DANIR ÁHYGGJUFULLIR** Umfjöllun um and-dönsku múgæsinguna í múslimalöndum var á forsíðum allra helstu blaðanna í Danmörku í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN S.

# Nettó slær öllu við

## -með betra verði




**35%** afsláttur við kassa
Sjóbleikja Fiskspecial

Matfugl
- Lostæti með lítilli fyrirhöfn

**bringu-tilboð**



**30%** afsláttur við kassa
Kjúklingabringur frá Matfugli

**hvítlauks-kryddað!**



**40%** afsláttur við kassa
Hvítlauksmarinerað lambalæri




**30%** afsláttur við kassa
Bautabúrs dönsk sælkerasteik

**hvergi betra verð!**




**79** kr.stk
Grand epla- og appelsínusafi

**5kg.**




**299** kr/pk
Eu Universal þvottaefni

**4ltr.**




**299** kr/pk
Booster mýkingarefni




**9** kr/stk
Mr. Noodle núðlur



**159** kr/pk
Jarðarber



**99** kr/kg
Vatnsmelónur

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot:

**allt í matinn á einum stað**

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 2. - 5. febrúar eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

## Útgjöldin

> Kílóverð af lifrarkæfu í febrúar. Miðað við verðlag á öllu landinu.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÁGUST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON ALÞINGISMAÐUR:

# *Kort í ræktina verstu kaupin*

„Ég held að verstu kaupin sem ég hef gert sé í líkamsræktarkortum," segir Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður og rifjar þar með upp áralanga baráttu sína í því að gera átak í líkamsrækt að raunveruleika – en kannski ekki tekist sem skyldi. „Nýting á þessum kortum hefur verið afskaplega bágborin hjá mér. Ég hef verið að kaupa líkamsræktarkort annað hvert ár í tíu ár, þriggja mánaða kort og að meðaltali notað þau kannski þrisvar. Síðasta kortið keypti ég núna fyrir jólin og er búinn að fara í ræktina þrisvar á tveimur mánuðum. Ég held að þetta séu mjög slæm kaup."



Spurður hvort hann hafi ekki brennt sig á þessum kaupum og hyggist snúa sér að öðrum möguleikum í líkamsrækt, segir Ágúst Ólafur svo ekki vera.

„Ég er bjartsýnismaður að eðlisfari og tel að nú muni breyting verða á og ég muni fara að nýta kortin betur. En það gerist sjálfsagt ekki og ég mun örugglega endurtaka þessi verstu kaup aftur, í stað þess að fara í gönguferðir eða gera eitthvað ódýrara. Þriggja mánaða kortin geta nefnilega verið rándýr og hvert skipti getur kostað einhverja þúsundkalla."

Um bestu kaup ævinnar segir Ágúst Ólafur að þau séu vafalaust þær íbúðir sem hann hefur keypt í gegnum árin til að búa í.

„Þau kaup hafa alltaf komið vel út fyrir mig, þrátt fyrir miklar verðhækkanir. En ég hef áhyggjur af öðru fólki sem skuldsetur sig of mikið. Það getur verið hættulegt ef húsnæðisverð fer að lækka. Menn þurfa að passa sig, en þetta hefur blessunarlega gengið upp hjá mér."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### BRELLAN HENNAR MÖMMU

■ *„Þegar ég er að bjóða fólki heim í mat og drykk, án þess að verða gjaldþrota, verð ég að beita góðri brellu sem móðir mín beitti hér áður," segir stjórnmálafræðingurinn Hannes Hólmsteinn Gissurarson.*



„Þannig var í gamla daga þegar ég var lítill strákur og vildi ekki borða matinn minn hjá móður minni þá fór ég til nágrannakonunnar og fékk að borða þar. Nema hvað að móðir mín sá við þessu og laumaðist yfir til nágrannakonunnar með matinn að heiman. Nágrannakonan skellti honum á fallegan disk og þá borðaði ég matinn með bestu lyst þó ég hefði sveiað við honum hjá móður minni. Ég nota þetta trikk og kaupi ódýrt en gott vín í þriggja lítra kút fyrir veisluna en set það svo á kristalskaröflu og allir verða ánægðir."

■ **Hvað kostar... að hindra eða trufla neyðarakstur**

## 10.000 að víkja ekki fyrir neyðarakstri

Það varðar sektum að hindra eða trufla neyðarakstur lögreglu, slökkviliðs og sjúkrabifreiða, eða björgunarstarf að öðru leyti. Sektirnar eru misháar, eftir því í hverju truflunin er fólgin.

Samkvæmt reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum, er hæsta sektin ef ekki er vikið í tæka tíð fyrir ökutæki sem gefur hljóð- eða ljósmerki. Verði ökumaður ekki við þeim tilmælum að víkja er hægt að sekta hann um 10.000 krónur. Ef hvít veifa er notuð án heimildar, skal ökumaður sektaður um 5.000 krónur. Einnig er hægt að sekta um 5.000 krónur ef óviðkomandi hamlar björgunarstarfi með því að vera of nærri slys- eða brunastað, eða ef vegfarandi rýfur för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar hópgöngu.



■ **Verslun og þjónusta**

## Ný verslun rís á Akranesi



Fyrsta skóflustungan að nýju verslunarhúsnæði við Dalbraut 1 á Akranesi var tekin miðvikudaginn 25. janúar en skóflustunguna tók Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri Akraness.

Það er Smáragarður ehf., fasteignafélag Norvíkur hf., sem sér um bygginguna. Stefnt er að því að opna verslunarhúsnæðið nú í haust og mun Kaupás reka þar matvöruverslun. Þá er einnig ráðgert að önnur verslunar- og þjónustufyrirtæki opni í húsnæðinu í haust.

■ **Verslun og þjónusta**

## Trico flytur út öryggissokka

Trico ehf. hefur nýverið hafið útflutning á öryggissokkum sem þróaðir hafa verið hjá Trico. Gerðir hafa verið samningar við Alcan álver í Bretlandi og slökkvilið Kaupmannahafnar. Þá hefur borist fyrirspurn um sokkana frá álveri í Suður-Kóreu. Sokkarnir eru sagðir hafa kosti sem lýsa sér í einstakri eldvörn og mjög lágri hitaleiðni. Þá hrindir efni sokkanna frá sér vökva og heldur hitastigi húðarinnar í jafnvægi. Í öryggisprófun hjá viðurkenndri rannsóknarstofnun í Frakklandi stóðust sokkarnir hæsta stig staðalsins EN 533. Helstu viðskiptavinir Trico hérlendis eru Alcan á Íslandi, Norðurál og Íslenska járnblendifélagið.





# OPIÐ HÚS HJÁ SVFR

## Föstudaginn 3. febrúar

// Farið verður yfir heildarveiðina síðasta sumar og spáð í spilin fyrir næsta sumar - Þórólfur Antonsson hjá Veiðimálastofnun.

// Daníel Edelstein kynnir það nýjasta í veiðigleraugum.

// Nýjir og spennandi veiðimöguleikar Veiðikortsins verða kynntir.

// Veiðistaðalýsing á Laxá í Aðaldal - Nessvæði og urriðasvæði neðan stíflu

// Stórkostleg, áður óbirt, 50 ára gömul kvikmynd af laxveiðum verður frumsýnd. Meðal annars sést Jóhannes á Borg veiða yfir 20 punda laxa.

// Myndagetraun og Happahylurinn á sínum stað.

**Veitingar á vægu verði og heitt á könnunni.**

**Húsið opnar klukkan 20.00**

**Skemmtinefndin**

SVFR


# Sorpi breytt í eldsneyti

**Strætó tekur í notkun tvo nýja almenningsvagna sem eru knúnir metangasi. Notkun metangass er mjög þýðingarmikið fyrir umhverfið. Metan er öruggari orkugjafi en bensín og hefur verið notað lengi við framleiðslu rafmagns og í iðnaði.**

Strætó bs. kynnti á þriðjudag tvo nýja almenningsvagna sem ganga fyrir metani. Þar með hefur fyrirtækið stigið enn eitt skrefið í þá átt að draga úr útblástursmengun á höfuðborgarsvæðinu. Áður hafði Strætó bs. verið frumkvöðull í notkun vetnisknúinna bifreiða hér á landi.

Metanknúnar bifreiðar eru í senn afar umhverfisvænar og hagkvæmar í rekstri. Þannig er koltvísýringsútblástur 113 bifreiða, sem nota metan, jafn mikill og frá einni bifreið sem gengur fyrir hefðbundnu eldsneyti. Þegar það er haft í huga að 158.500 bifreiðar eru nú þegar á götum höfuðborgarsvæðisins þá má ljóst vera að notkun slíkra bifreiða skiptir miklu máli frá umhverfislegu sjónarmiði. Önnur hlið þessa máls sem hreyfa ætti við fólki er að metanið er alla jafna um 30 prósent ódýrara en bensín. Nú eru á fimmta tug bifreiða sem búnar eru fjölorkuhreyfli í notkun og ganga því bæði fyrir metani og bensíni. Sorpa fer þar fremst í flokki með 14 bifreiðar, sem er viðeigandi þar sem metanið er unnið úr sorpi á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi.

Margir eru hræddir við tækni sem þeir þekkja ekki af eigin raun. Vegna þessa halda margir að notkun hefðbundins eldsneytis sé öruggari en metans eða vetnis. Staðreyndin er hins vegar sú að metan er hættuminni orkugjafi en bensín og engin þekkt dæmi eru um slys af völdum þess. Metan er heldur ekki nýr orkugjafi, þessi lofttegund, sem myndast við niðurbrot á lífrænum úrgangi, hefur verið notuð lengi til framleiðslu rafmagns og í iðnaði.



**EFNILEGUR BÍLADÆLARI** Borgarstjóra er greinilega margt til lista lagt. Hér ber hún sig fagmannlega að við metandæluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kynning Strætó bs. á nýju almenningsvögnunum tveimur fór fram á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins á Álfsnesi. Í tilefni dagsins fluttu stutt ávörp þau Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri, Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Metan hf. og Peter Boisen, framkvæmdastjóri ENGVA (European Natural Gas Vehicle Association). Samhliða kynningu Strætó bs. kynnti Metan hf., dótturfyrirtæki Sorpu, nýja og mun afkastameiri hreinsunarstöð fyrir metangas. Þar er nú þegar geta til þess að framleiða metan á um 4000 smærri bifreiðar á ári. **svavar@frettabladid.is**

**MATUR & NÆRING** SIGURGEIR HÖSKULDSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Skemmdur matur eða hollustuvara



Sala og neysla á þorramat nær hámarki á þessum tíma ársins og er ekki að merkja neina minnkun í neyslu síðustu ár. Engu að síður er hópur fólks sem er alls ekki vel við þennan mat og telja þessa varðveisluaðferð gamaldags og óþarfa með öllu. En er það svo?

Vissulega er það gömul hefð að súrsa mat. Forfeður okkar brúkuðu þessa aðferð þar sem ekki var mikið um aðrar aðferðir til varðveislu matvæla. Það var ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem salt var flutt til landsins sem einhverju nemur. Upp frá því fóru menn einnig að frysta matvæli og sjóða niður. Þrátt fyrir nýjar varðveisluaðferðir höldum við í þann forna sið að súrsa þannig að segja má að súrsun sé frekar orðin verkunaraðferð heldur en varðveisluaðferð. Við verkum súrmat til að ná fram ákveðnum eiginleikum vörunnar sem okkur líkar.

Ólíkt mörgum vinnsluaðferðum, þá eykst næringarlegt gildi súrmatarins við verkun. Verkunin byggist á því að soðin matvæli eru sett í skyrmysu í nokkra mánuði en við það lækkar sýrustigið sem hindrar fjölgun sjúkdómsvaldandi örvera. Mysan inniheldur steinefni og vítamín, svo sem kalk og B vítamín sem síast inn í vöruna. Auk þess brýtur mjólkursýran niður kjöt, fitu og bein sem gerir vöruna auðmeltanlegri og næringarríkari.



Engu að síður eru sum súrsuð matvæli frekar feit í eðli sínu eins og bringukollar og lundabaggar. Erfitt gæti því reynst að kalla þær vörur hollar þó svo þær séu næringarríkar. Blóðmör og lifrarpylsa eru orðnar mun fituminni vörur en áður og því hiklaust hægt að halda því fram að þar sé um að ræða virkilega hollan og góðan mat.

Súrmatur er hluti af íslenskri menningu sem mikilvægt er að halda við. Það gildir jafnt um þennan mat og annan að allt er gott í hófi. **www.mni.is**




Gildir til 9. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.317 **+0,72%** **Fjöldi viðskipta:** 641 **Velta: 5**.573 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KB banki** | +2,25% | **Flaga** | -2,99% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,99% | **Actavis** | -0,92% |
| **Straumur-Burðarás** | +0,51% | **Bakkavör** | -0,91% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 53,80 -0,90% ... Atorka 6,20 -0,80% ... Bakkavör 54,50 -0,90% ... Dagsbrún 5,60 -0,20% ... FL Group 21,90 -0,90% ... Flaga 3,89 -3,00% ... Íslandsbanki 19,40 +0,00% ... KB banki 910,00 +2,30% ... Kögun 63,10 +0,00% ... Landsbankinn 27,40 +0,00% ... Marel 69,90 +0,10% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,00% ... SÍF 4,00 +0,50% ... Straumur-Burðarás 19,70 +0,50% ... Össur 105,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

### Óvænta gengistapið

Þrátt fyrir að Íslandsbanki hafi hagnast um 19 milljarða á síðasta ári var uppgjörið undir væntingum. Kom mörgum á óvart að sjá gengistap af fjármálastarfsemi á fjórða ársfjórðungi þegar hlutabréfamarkaðurinn hér heima rauk upp úr öllu valdi. Búist hafði verið við tapi af skuldabréfaeign bankans en ekki hlutabréfum. Reyndar var Íslandsbanki lítt áberandi á íslenskum markaði á þessu tímabili. Sennilegasta skýringin fyrir hinu óvænta tapi er sú að hlutabréfaeign Íslandsbanka í norskum félögum lækkaði á fjórðungnum. Getgátur eru uppi um að Íslandsbanki sé meðal hluthafa í Storebrand, sem lækkaði á síðasta ársfjórðungi, en íslenskir aðilar eiga nú yfir fimm prósent í bankanum, þar af er Arion verðbréfavarsla skráð fyrir 4,6 prósentum.



### Ný tekjulind

Það kemur einnig á óvart við uppgjör Íslandsbanka að tekið sé út af afskriftarreikningi en ekki lagt inn. Þessi nýja tekjulind hlýtur að vera einsdæmi í blóðugri útlánatapsögu íslenska bankakerfisins og hangir saman við nýjar reikningsskilavenjur. Með þeim er frelsi banka til að leggja inn varúðarfærslur á afskriftareikninga ekki eins rúmt og áður og sagði Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, að þetta hefði verið það eina í stöðunni. Reglurnar hefðu ekki leyft innlögn! Þetta sama mátti einnig sjá í uppgjöri danska FIH-bankans sem er í eigu KB banka. Kæmi ekki á óvart að hinir bankarnir fylgi í kjölfarið á þessu ári ef stöðugleikinn helst.

## MARKAÐSPUNKTAR

**Kristín Pétursdóttir** hefur verið ráðin aðstoðarforstjóri **Singer & Friedlander**, eins stærsta dótturfélags **Kaupþings banka hf**. Kristín hefur starfað hjá Kaupþingi banka frá árinu 1997.

**Seðlabanki Bandaríkjanna** hækkaði stýrivexti um 25 punkta á síðasta fundi **Alans Greenspan**. Þetta er fjórtánda skiptið í röð sem bankinn hækkar vexti og standa þeir nú í 4,5%, en hækkunin var í takt við væntingar markaðarins.

Krónan veiktist um 0,85 prósent í gær en gengisvísitala krónunnar var við opnun markaða 105,8 stig, en lokagildi vísitölunnar var 106,7 stig.

# Spara með lokun

Öllu starfsfólki sölufyrirtækisins Icelandic Germany, alls 22 starfsmönnum, hefur verið sagt upp störfum og var skrifstofu félagsins í Hamborg lokað nú um mánaðamótin. Fyrirtækið var hluti af Icelandic Group.

Icelandic Group segir lokunina til komna vegna hagræðingar og endurskipulagningar, en áfram muni sinnt öflugu sölu- og markaðsstarfi í Þýskalandi. „Með þessu móti næst fram hagræðing í rekstri Icelandic Group," segir félagið, en gert er ráð fyrir að árlegur sparnaður vegna þessa nemi um 2,2 til 2,5 milljónum evra, meðan kostnaður er áætlaður 1,5 til 2,0 milljónir evra. Sparnaður Icelandic Group gæti því hlaupið á bilinu 15 til 76 milljónir króna.

Icelandic Group þakkar í tilkynningu Sturlaugi Daðasyni, sem var framkvæmdastjóri Icelandic Germany, vel unnin störf. Hann lætur nú af störfum eftir að hafa unnið hjá fyrirtækinu frá árinu 1974.

Um mánaðamótin var einnig gengið endanlega frá kaupum Icelandic Group á Pickenpack að lokinni áreiðanleikakönnun og að fengnu samþykki samkeppnisyfirvalda í Þýskalandi. Áætluð velta Pickenpack í ár nemur tæpum 200 milljónum evra, eða um 15,2 milljörðum íslenskra króna. **- óká**



**GUNNLAUGUR SÆVAR GUNNLAUGSSON** Gunnlaugur Sævar er starfandi stjórnarformaður Icelandic Group.




LEIÐTOGAAKADEMÍA
STJÓRNENDASKÓLA HR

Fyrir alla stjórnendur sem vilja rækta með sér leiðtogahæfileika, efla færni í ákvarðanatöku og leiða starfsfólk til framúrskarandi árangurs.

*"Rannsóknir staðfesta að leiðtogi sem leysir úr læðingi **kraft, frumkvæði og starfsgleði samstarfsmanna** nær meiri árangri. Í Leiðtogaakademíunni leggjum við áherslu á fræðilegan grunn og hagnýta beitingu hans í daglegum störfum þátttakenda."*



Leiðbeinendur:
***Lilja D. Halldórsdóttir***
***Þórhallur Gunnarsson***
***Guðrún Högnadóttir***
***Aðalsteinn Leifsson***
***Finnur Oddsson***

Námslína

| | Dags. | Tími |
|---|---|---|
| Forysta til framfara | 7. feb. | kl. 9.00 - 13.00 |
| Liðsheildin - TMS | 3. mars | kl. 9.00 - 13.00 |
| Samningatækni | 15. og 17. mars | kl. 9.00 - 13.00 |
| Skilvirk samskipti | 30. og 31. mars | kl. 9.00 - 13.00 |
| Að laða fram það besta | 27. og 28. apríl | kl. 9.00 - 14.00 |
| Horft til framtíðar | 11. og 12. maí | kl. 9.00 - 13.00 |

**Skráning er hafin!**
Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

FABRIKAN

*Nánari upplýsingar veitir:*
***Guðrún Helga Hamar***
*Verkefnastjóri*
*Sími: 599 6404*
*gudrunhelga@ru.is*

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK


# Bankar veikari en uppgjör benda til

**Tvö erlend greiningarfyrirtæki gagnrýna lánshæfismat íslensku bankanna í nýjum skýrslum og telja hana eiga að vera skör lægri. Gengishagnaður er sagður gera það að verkum að staða þeirra sé veikari en uppgjör þeirra benda til. Bankarnir segja afkomuna góða þótt gengishagnaður sé ekki talinn með.**

Greiningarfyrirtækin Barclays Capital Research og Credit Sights hafa nýverið gefið út skýrslur þar sem farið er yfir stöðu Landsbankans, Íslandsbanka og KB banka og því haldið fram að matsfyrirtækin Moody's og Fitch meti lánshæfi þeirra of hátt. Gagnrýnd eru náin eignatengsl fjárfesta og fyrirtækja hér sem geri bankana viðkvæmari fyrir niðursveiflu í efnahagslífinu en ella væri. Þá er bent á að bankarnir reiði sig mjög á erlent lánsfé og sé það ákveðinn veikleiki því aðgengi að fjármagni hafi ekki verið í takt við lánshæfiseinkunn Moody's og Fitch og því hafi þeir þurft að leita fjármagns utan Evrópu, bæði í Bandaríkjunum og Asíu.

Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs í KB banka, segir bankann aldrei hafa verið í sterkari stöðu en nú. Hann telur einkennilega gagnrýni að benda á að arðsemi eigin fjár bankans falli úr 39 prósentum í 21 prósent sé gengishagnaður dreginn frá. „Hvaða banki sem er getur verið stoltur af því að sýna 21 prósenta arðsemi. Yfirlýst arðsemismarkmið okkar er að vera yfir 15 prósentum." Jónas áréttar einnig að álag á skuldabréfum bankans hafi verið að lækka eins og búist hafi verið við, þótt vissulega hefði bankinn viljað sjá það gerast hraðar.

Ingvar H. Ragnarsson forstöðumaður Alþjóðlegrar fjármögnunar Íslandsbanka, segir ljóst að bankarnir þurfi að auka upplýsingagjöf á erlenda markaði, því þótt lánshæfiseinkunn banka sé góð hjá matsfyrirtækjum á borð við Moody's og Fitch þá geti skrif greiningarfyrirtækja á borð við Credit Sights og Barcleys haft áhrif á fjárfesta og þar með á kjör á skuldabréfum. „Og þetta er verkefni bankanna allra," segir hann og bætir við að tónninn í þessum nýju skýrslum Credit Sights og Barcleys sér svipaður og verið hafi í fyrri skrifum erlendra greiningarfyrirtækja. „En með auknum umsvifum bankanna erlendis hafa fleiri farið að fylgjast með þeim og greina þá."

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, segir bankann ekki munu tjá sig sérstaklega um álit þessara greiningarfyrirtækja á stöðu íslensku bankanna heldur gera grein fyrir eigin áliti á stöðugleika fjármálakerfisins í árvissri skýrslu sinni. „Næsta skýrsla kemur út 4. maí. Þá verður farið yfir bæði þjóðhagslegt umhverfi og rekstrarlegar forsendur bankakerfisins og okkar mat á því hvernig fjármálakerfið stendur varðandi stöðugleika," segir hann en bætir þó við að skrif um fjármálamarkaðinn hér séu alltaf áhugaverð, hvort sem þau séu innlend eða erlend. „Ljóst er að yfir línuna séð er lögð vinna í þessar greiningar, en þær hafa oft mismunandi tilgang, til dæmis ráðgjöf við fjárfesta og eru þá ekki sambærilegar við stöðugleikagreiningar seðlabanka, né álit matsfyrirtækja sem hafa jú miklu meiri aðgang að trúnaðarupplýsingum hjá bönkunum sem þeir meta."

Gylfi Magnússon, deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, segir greiningarfyrirtæki leggja fram rökstudd álit eftir að hafa skoðað aðstæður og geti komist að ólíkum niðurstöðum. Hann telur þó ekki sérstakt tilefni til að draga lánshæfismat fyrirtækja á borð við Moody's og Fitch á bönkunum í efa. „Þessi fyrirtæki leggja orðspor sitt að veði og eru þekkt fyrir að hafa oftar rétt fyrir sér en ekki."

**olikr@frettabladid.is**



**SEÐLABANKINN** Von er á skýrslu Seðlabanka Íslands þar sem staða fjármálafyrirtækja hér er greind í byrjun maí, en í úttektum tveggja erlendra greiningarfyrirtækja er mat á lánshæfi stóru bankanna þriggja dregið í efa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



HELGAR-
BOMBAN
í Múrbúðinni
Kr. 2.590,-
EINHELL WS-G 230E Slípirokkur, 230 mm
Kr. 25.491,-
BOSCH rafhlöðuborvél GSR 14,4V VE-2
EKTA VERÐVERNDARDÆMI
Kr. 11.655,-
Skápur í bílskúrinn til
að geyma allar græjurnar
Kr. 2.490,-
BOSCH rafhlöðuskrúfvél IXO-2*
EKTA VERÐVERNDARDÆMI
frá kr. 10.990,-
Bílskúrshurðaropnarar, nokkrar gerðir
GÆÐA MÁLNING
Í ÖLLUM LITUM
Kr. 495,-
KETER verkfærataska 16”
Kr. 1.690,-
KETER verkfærakista 22”
DEKA PRO 7
Kr. 2.679,-
Deka PRO7 innimálning 10 Lítrar
100% akrílmálning – 100% gæði
Hillur fyrir
heimilið eða
geymsluna
Kr. 1.490,-
FANTA 0,5 L kr. 50,-
7UP 0,5 L kr. 50,-
Auk þessa er fjöldi annarra
vörutegunda á stórlækkuðu verði!
LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
*takmarkað magn

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Deilan snýst ekki lengur um birtingar á teikningum í dönsku dagblaði.

## Heilagur réttur að finnast ekkert heilagt

„Því miður hafa Vesturlönd tapað öllu skyni á það sem er heilagt.“ Þessi orð er að finna í grein eftir franska guðfræðinginn Sohaib Bencheikh sem birtist í franska dagblaðinu France Soir í gær. Greinin er sett saman í tilefni af því stigvaxandi fári sem hefur farið um lönd múslima frá því að Jótlandspósturinn birti tólf skopteikningar af Múhameð spámanni fyrir fjórum mánuðum.

Franska guðfræðingnum er ekki skemmt og í grein sinni segir hann að finna verði „mörkin milli tjáningarfrelsisins og réttarins til að vernda það sem heilagt er“. Því miður er þetta ekki hægt því grundvallarhugmyndin á bak við tjáningarfrelsið er einmitt sá heilagi réttur að finnast ekkert vera heilagt.

Og þessu eru ritstjórar France Soir greinilega sammála frekar en skoðunum pistlahöfundar síns því á forsíðu blaðsins í gær var birt skopmynd af guði búddista, gyðinga, kristinna og múslima undir fyrirsögninni „Já, við höfum rétt til að skopast að guði.“ Inni í blaðinu endurbirtu þeir síðan teikningar Jótlandspóstsins til að undirstrika enn fremur mikilvægi tjáningarfrelsisins í vestrænu samfélagi.

*Hér er því spáð að á næstu dögum munu enn fleiri vestrænir fjölmiðlar bætast í þetta varnarlið tjáningarfrelsisins sem er einn af hornsteinum lýðræðisþjóðfélaga. Það er full ástæða til að verja það frelsi af ákefð hvort sem maður hefur smekk og húmor fyrir gríni Jótlandspóstsins eða ekki.*

Fleiri blöð í Evrópu gerðu það sama í gær. Ritstjórar þýska blaðsins Die Welt settu eina af dönsku teikningunum á forsíðuna og landar þeirra á Berliner Zeitung birtu tvær myndir á innsíðum blaðsins. Hér er því spáð að á næstu dögum munu enn fleiri vestrænir fjölmiðlar bætast í þetta varnarlið tjáningarfrelsisins sem er einn af hornsteinum lýðræðisþjóðfélaga. Það er full ástæða til að verja það frelsi af ákefð hvort sem maður hefur smekk og húmor fyrir gríni Jótlandspóstsins eða ekki.

Sigurður Örn Brynjólfsson, höfundur teiknimyndasögunnar Pú og Pa, sem birtist daglega í Fréttablaðinu, blandar sér í leikinn í dag og er nokkuð víst að margir kollegar hans víða um heim eiga eftir að gera það líka.

Málið snýst nefnilega ekki lengur um birtingu teikninga í dönsku dagblaði heldur samstöðu um það frelsi til orðs og æðis sem er megineinkenni lýðræðisins. En það blása ekki aðeins naprir vindar um það frelsi að austan heldur einnig að vestan, frá landi hinna hugrökku og frjálsu, þar sem stríð gegn hryðjuverkum hefur á rétt ríflega fjórum árum leitt til algjörra umskipta í afstöðu stjórnmálamanna til mannréttinda og einkalífs.

Evrópa með allri sinni menningarlegu fjölbreytni verður að spyrna við fótum. Til þess þarf þó að verða ákveðin hugarfarsbreyting. Ein helsta orsök innflytjendavandans, sem mörg ríki í Evrópu glíma við, er ákveðin gerð af eftirlátssemi við nýja íbúa álfunnar. Sú hugmynd að hægt sé að gefa innflytjendum afslátt af ríkjandi réttindum ef þau stangast á við siði og lífsreglur sem þeir koma með sér frá gamla landinu, hefur orðið til að skapa einangruð samfélög innan samfélagsins. Dæmi frá Hollandi, Danmörku og fleiri löndum benda til að það sé að vera ákveðin hugarfarsbreyting í þessum efnum enda ljóst að eitthvað verður að breytast. Tjáningarfrelsið er þó örugglega ekki eitt af því.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýr og gamall

Þorsteinn Pálsson, nýr ritstjóri Fréttablaðsins, er ekki nýr ritstjóri ef svo má segja. Reyndar er Þorsteinn titlaður blaðamaður í símaskránni enn í dag þótt hann hafi í millitíðinni verið forsætisráðherra þjóðarinnar og í forystusveit atvinnurekenda svo fátt eitt sé nefnt. Fyrir liðlega 30 árum varð Þorsteinn ritstjóri Vísis. Vikið er að þessu í bókinni „Ísland í aldanna rás“ og segir fyrst af ritstjóratíð Jónasar Kristjánssonar á Vísi: „Blaðamennska Vísis undir hans stjórn þótti nútímalegri og hressilegri en landsmenn höfðu kynnst um langt skeið. Eigendur Vísis, kaupsýslumenn úr innsta hring Sjálfstæðisflokksins, voru ánægðir með betri stöðu blaðsins en þegar kom fram á áttunda áratuginn fóru að renna á þá tvær grímur. Þeim þótti Jónas orðinn fullsjálfstæður fyrir Sjálfstæðisflokkinn.“



### Flokkur eða markaður

„Fór brátt ekki á milli mála að í efnisvali og efnistökum leiddi Jónas ekki endilega fyrst hugann að því hvað kæmi Sjálfstæðisflokknum best á hverjum tíma. Það líkaði eigendunum illa og fór sérstaklega í taugarnar á þeim ef Vísir fjallaði of mikið um ýmis fjármálahneyksli, misferli og önnur vafasöm uppátæki fésýslumanna sem oftar en ekki voru nátengdir Sjálfstæðisflokknum. Og þegar Jónas fór að gaspra í leiðurum blaðsins um „samtryggingakerfi stjórnmálaflokkanna“ var þeim nóg boðið.

Um mitt ár 1975 réðu eigendurnir því nýjan ritstjóra við hlið Jónasar sem átti að hafa hemil á honum og gæta þess að Vísir fylgdi flokkslínu Sjálfstæðisflokksins í hvívetna og sýndi flokksmönnum öllum fyllstu kurteisi og hollustu. Nýi ritstjórinn var kornungur lögfræðingur og blaðamaður á Morgunblaðinu, Þorsteinn Pálsson.“

Framhaldið muna margir enn. Jónas og Sveinn R. Eyjólfsson útgefandi stofnuðu Dagblaðið sem náði skjótri útbreiðslu. Í lok frásagnarinnar í bókinni er gefið til kynna að Þorsteinn hafi - þegar upp var staðið - fylgt óháðri stefnu Jónasar fremur en flokkslínunni.



johannh@frettabladid.is

# Víst hefur skattbyrðin þyngst

Í DAG
SKATTAR OG SKYLDUR

ÞORVALDUR GYLFASON



*Skattbyrðin hér heima hefur snarþyngzt eins og Stefán Ólafsson prófessor lýsti í Morgunblaðinu um daginn. Hún nemur nú 47% af landsframleiðslu borið saman við 40% 1988 og er komin upp fyrir meðallag Evrópusambandsríkjanna (45%).*

Þjóðir heimsins eru ólíkar eins og annað fólk. Sumar lifa við óskorað lýðræði langtímum saman eins og ekkert sé sjálfsagðara, aðrar búa við fáræði eða einræði mann fram af manni. Sumar eru glaðar og reifar eins og Danir, aðrar eru þungar og þöglar eins og Finnar. Sumar þjóðir horfa áfram veginn og út á við, aðrar horfa aftur á bak og inn á við. Sumar kjósa að leysa ýmis mikilvæg mál með því að snúa bökum saman, aðrar treysta í ríkari mæli á einkaframtak. Og þá er ég kominn að efni dagsins, sem er skattbyrðin.

Sumar þjóðir kjósa að fjármagna ýmis verkefni samfélagsins – t.d. heilbrigðisþjónustu, menntun og ýmsar tryggingar – heldur af almannafé eftir föngum en úr einkasjóðum. Byrjum hinum megin á hnettinum. Ástralar hafa mörg undangengin ár látið sér duga að leiða röskan þriðjung þjóðartekna sinna í gegnum fjárhirzlur ríkisins. Skattbyrðin þar í neðra hefur m.ö.o. numið röskum þriðjungi af landsframleiðslu. Hún hefur staðið nokkurn veginn í stað síðan 1988. Það er eftirtektarvert vegna þess, að skattbyrðin í iðnríkjunum hneigist jafnan til að þyngjast af sjálfri sér. Því veldur einkum tvennt.

Í fyrsta lagi gerir almenningur með batnandi hag æ meiri kröfur til ríkis og byggða um meiri og betri þjónustu: lengri og betri brýr og vegi, fleiri og betri skóla og sjúkrahús og þannig áfram. Þessum auknu kröfum halda menn ótrauðir fram m.a. í krafti þess, að kostnaðurinn fellur á samfélagið í heild: menn eru öðrum þræði að gera kröfur um útlát af annarra fé. Í öðru lagi er skattalöggjöfin víðast hvar þannig saman sett, að mönnum er gert að greiða hærra hlutfall tekna sinna í skatt af háum tekjum en lágum og skattleysismörk eru föst í krónum talið eða dollurum eða öðrum myntum eða fylgja a.m.k. ekki verðlagi eða kauplagi til fulls, svo að fólk flyzt þá smám saman sjálfkrafa upp í hærri þrep skattstigans eftir því sem verðlag hækkar. Skattbyrðin þyngist þá af sjálfsdáðum, án þess að stjórnmálamenn þurfi að hafa fyrir því að gera óvinsælar ráðstafanir í þá veru. Þeir geta jafnvel lækkað skatta með lögum við og við, þótt skattbyrðin haldi áfram að þyngjast af sjálfri sér.

Sömu sögu er að segja af Bandaríkjunum. Þar hefur skattbyrðin haldizt óbreytt nálægt þriðjungi af landsframleiðslu síðan 1980 – og það þótt bæði Reagan forseti (1981-88) og Bush yngri (2001-) hafi svarið og sárt við lagt að lækka skatta. En þeir gerðu það ekki, heldur beittu þeir sér fyrir samdrætti í útgjöldum ríkisins og steyptu ríkisbúskapnum í botnlausan hallarekstur. Bretum hefur einnig tekizt að halda skattbyrðinni svo að segja óbreyttri síðan 1988: hún nam þá og nemur enn (2005) um 42% af landsframleiðslu. Bretar leiða því mun stærri hluta þjóðartekna sinna í gegnum fjárhirzlur ríkis og byggða en Bandaríkjamenn, eða 42% á móti 33%. Hér blasir við einn höfuðmunurinn á hagskipulagi Bretlands og Bandaríkjanna: ólík verkaskipting milli almannavalds og einkaframtaks. Bretum svipar að þessu leyti til annarra Evrópuþjóða.

Þjóðverjar eru á svipuðu róli og Bretar: skattbyrðin í Þýzkalandi nemur nú um 43% af landsframleiðslu eins og 1988, en hún fór upp í 46% fyrir nokkrum árum, og þá tóku Þjóðverjar sér tak og keyrðu skattana niður aftur. Frakkar eru lausari á bárunni: hjá þeim hefur skattbyrðin hækkað smám saman síðan 1988 og er nú komin upp fyrir helming af landsframleiðslu eins og meðal frænda okkar og vina á Norðurlöndum. Skattbyrðin á OECD-svæðinu er nú þyngst í Noregi, eða 62% af landsframleiðslu borið saman við 55% 1988. Olíuauðurinn hefur ásamt öðru ýtt undir eftirsókn Norðmanna eftir ýmislegri þjónustu úr hendi ríkis og byggða. Næstþyngst er skattbyrðin nú í Svíþjóð, eða 58% af landsframleiðslu. Skattbyrðin þar í landi komst hæst í 65% 1990, en þá tóku Svíar sér tak og keyrðu hana niður aftur. Skattbyrðin í Danmörku er nú 57% af landsframleiðslu og hefur haldizt óbreytt síðan 1988, og í Finnlandi er hún 53% á móti 52% 1988. Frakkar verma fimmta sæti skattalistans á eftir frændum okkar fjórum og vinum.

En Ísland? Skattbyrðin hér heima hefur snarþyngzt eins og Stefán Ólafsson prófessor lýsti í Morgunblaðinu um daginn. Hún nemur nú 47% af landsframleiðslu borið saman við 40% 1988 og er komin upp fyrir meðallag Evrópusambandsríkjanna (45%). Það er því ekki lengur boðlegt að afsaka laka almannaþjónustu á Íslandi með lágum sköttum.


MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

MODUS

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

# Eftir þínu höfði

## Frumsýndur á laugardaginn








## Verð frá kr. 1.490.000

**og eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 4.1 ltr/100 km**

*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Bíll á mynd: Renault Modus Dynamic Lux útgáfa, verð kr. 1.990.000

**Modus** er **stór smábíll eða smár risabíll**, allt eftir sjónarhorninu. Hann er þó fyrst og fremst **nettur** og ótrúlega þéttur borgarbíll, sem býr yfir ógrynni möguleika. **Modus** er jafnframt fjölnotabíll og því með meira rými og fleiri möguleika en aðrir í sama stærðarflokki. Og ólíkt flestum bílum í þessum stærðarflokki er hann með **5 stjörnu öryggi.** Að öllu samanlögðu er **Modus** því bíll sem gefur stórum fjölskyldubílum ekkert eftir, nema hvað **hann er liprari og hagkvæmari í rekstri.**









Renault Megane II
Verð frá kr. 1.680.000
**Bílasamningur kr. 17.778***



Renault Megane II Sport Tourer
Verð frá kr. 1.930.000
**Bílasamningur kr. 20.423***



Renault Megane II Saloon
Verð frá kr. 1.880.000
**Bílasamningur kr. 19.894**



Renault Megane II Scenic
Verð frá kr. 2.130.000
**Bílasamningur kr. 22.539***



Renault LAGUNA II Berline
Verð frá kr. 2.350.000
**Bílasamningur kr. 24.867**



Renault LAGUNA II Break
Verð frá kr. 2.470.000
**Bílasamningur kr. 26.138**

**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**

**RENAULT**
**www.renault.is**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Með bílinn handa þér

# Má spara þér sporin?



## Ný þjónusta við flokkun og endurvinnslu!

Nú geta íbúar á höfuðborgarsvæðinu fengið sérmerkta endurvinnslutunnu hjá Gámaþjónustunni hf. sem m.a. tekur við öllum pappír heimilisins, dagblöðum, tímaritum, umslögum, skrifstofupappír og pappa, fernum, plastumbúðum og málmum.

**Einfalt í framkvæmd:**

Allur pappír og bylgjupappi má fara beint í tunnuna en fernur, málmar og plast fari í aðskilda poka í sömu tunnu.

Mánaðargjald fyrir hverja tunnu er 990 kr. og tæmt verður á fjögurra vikna fresti.

**Endurvinnslutunnuna er hægt að panta í síma 535 2510, á netfanginu gamar@gamar.is og einnig á heimasíðu Gámaþjónustunnar hf. www.gamar.is**

**Komið verður með tunnur heim til viðtakenda.**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*

**Sími: 535 2500 • gamar@gamar.is • www.gamar.is**

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 21.345


# Skálkaskjól þingmanna

UMRÆÐAN
KJARADÓMUR



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

*Tímasetning Kjaradóms er engin tilviljun. Þetta er þaulhugsað ráð til þess að ná fram hækkun á hæstu launin þegar engum vörnum almennings verður við komið.*

Nýlegur úrskurður Kjaradóms um laun alþingismanna, ráðherra og hæst launuðu embættismanna ríkisins kemur mér ekki á óvart, því hann er ekkert öðruvísi en aðrar fyrri tilkynningar dómsins um laun þessara manna. Það sem nú er öðruvísi er einungis það að almenningur hefur fengið sig fullsaddan af ört vaxandi launamun í þjóðfélaginu og þeim ruddahætti þingmanna að nota Kjaradóm sem skálkaskjól til óeðlilegra kauphækkana sér til handa.

Hækkunin sem þingmennirnir fá að þessu sinni er þó aðeins brot af því sem þeir hafa fengið mörg undanfarin ár, því þessi öfugþróun nær 10 til 15 ár aftur í tímann. Það er síðan kapituli út af fyrir sig hvað verkalýðshreyfingin hefur verið aðgerðalítil gagnvart þessu óréttlæti og hvað hún ætlar að gera í framtíðinni. Það að forsætisráðherra boðar 2,5% hækkun í stað 8% hækkunar Kjaradóms er ekkert lausnarorð og réttlætir engan veginn nú þegar orðinn launa- og kjaramun í landinu. Árið 1998 jafngilti þingfararkaup alþingismanns 3,4 dagvinnulaunum verkamanns. Þann 1. febrúar 2006 jafngildir það 4,4 dagvinnulaunum.

**Vaxandi launamunur**

Launamunurinn sést betur ef kaup og kjör verkafólks og alþingismanna eru borin saman. Þá kemur í ljós að frá 1998 hafa laun ráðherra og þingmanna hækkað hátt í tvöfalt meira en taxtakaup verkafólks. Þar að auki eru lífeyrisréttindi þingmanna margfalt betri og ekki má gleyma því að skattar á hátekjufólk hafa lækkað svo nemur hundruðum þúsunda króna (afnám hátekjuskatts og 4 prósentustiga lækkun tekjuskatts). Kauptaxtar verkafólks hafa hins vegar setið eftir og skattbyrði þess aukist verulega.

Frá því 1998 hefur almennur kauptaxti verkafólks eftir eins árs starf, hækkað um 59%. Hann var kr. 64.731 á mánuði en er nú í ársbyrjun 2006 kr. 102.896. Að viðbættri láglaunauppbót sem kölluð er tekjutrygging er mánaðarkaupið kr. 108.000. Þannig hafa lægstu launin hækkað um tæplega 67% frá ársbyrjun 1998 til dagsins í dag. Á sama tíma hækka laun þingmanna úr kr. 220.168 í kr. 471.427 eða um 114%, ef tillaga forsætisráðherra nær fram að ganga.

**Aukin skattbyrði**

Eins og áður segir var almennur dagvinnutaxti verkafólks á árinu 1998 kr. 64.731 á mánuði. Af þeim launum var greiddur tekjuskattur að upphæð kr. 1.898. Nú í ársbyrjun 2006 er kaupið kr. 108.000. Af því eru greiddir í tekjuskatt kr. 10.629. Með öðrum orðum: Á meðan lægstu kauptaxtarnir hækka um 67% hækkar skatturinn á þeim um 560%. Hjá alþingismönnum og öðru ríkisverndúðu hálaunafólki er annað uppi á teningnum. Þar léttist skattbyrðin. Stjórnvöld eru búin að afnema 4% hátekjuskatt og lækka nú í áföngum skattprósentu tekjuskatts um 4 stig. Þessar breytingar bera það í sér, að skattar sem áður voru lagðir á háu launin, færast niður tekjustigann og lenda með margföldum þunga á þeim sem eru með lægstu launin.

Fólk í félögum innan Starfsgreinasambands Íslands lendir t.d. mjög illa út úr þessum skattabreytingum. Það er og hefur verið hávær krafa láglaunafólks um land allt að skattleysismörkin verði hækkuð a.m.k. í kr. 105.000 og fylgi síðan launaþróun í landinu. Verði stjórnvöld ekki við þeirri kröfu á þessu samningstímabili eiga félög innan Starfsgreinasambands Íslands varla annarra kosta völ en knýja þá sjálfsögðu breytingu fram, ásamt verulegri launahækkun, þegar kjarasamningar renna út haustið 2007. Hefðu lágmarks dagvinnulaun verkafólks hækkað jafnt launum alþingismanna frá 1998 væru þau í dag a.m.k. kr. 140.000 á mánuði.

**Hæstu laun hækka mest**

Vegna verðlagsákvæða (rauð strik) í kjarasamningum verkafólks kom á síðastliðnu hausti til úrskurðar forsendunefndar aðila vinnumarkaðarins hvort segja ætti upp launaliðum samningsins. Því miður kom sú nefnd sér saman um smásálarlega hungurlús í bætur til verkafólks í stað þess að vísa málinu til verkalýðsfélaganna. Þannig lokaði nefndin, illu heilli, fyrir aðkomu þeirra að málinu. Ég segi illu heilli vegna þess að daginn eftir að forsendunefndin ákvað að lægstu launin skyldu hækka um 0,65% þann 1. janúar 2007, tilkynnti Kjaradómur að laun ráðherra, alþingismanna og margra æðstu embættismanna ríkisins skyldu hækka um 8% frá 1. janúar 2006.

Tímasetning Kjaradóms er engin tilviljun. Þetta er þaulhugsað ráð til þess að ná fram hækkun á hæstu launin þegar engum vörnum almennings verður við komið. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kjaradómur hegðar sér á þennan hátt. Að minnsta kosti tvisvar áður hefur hann tilkynnt ákvarðanir sínar nánast daginn eftir alþingiskosningar. Það segir sig sjálft að slík vinnubrögð eru bæði ögrandi og ósvífin og sýna hug stjórnvalda til fólksins sem vinnur framleiðslustörfin í landinu. Verkalýðshreyfingin verður að grípa til róttækra ráðstafana til þess að jafna þann rosalega launamun sem orðinn er í landinu. Okkur öllum til fróðleiks má geta þess að til eru upplýsingar um að laun megi ekki vera undir kr. 167.000 á mánuði til þess að duga fyrir eðlilegri framfærslu á Íslandi í dag.

*Höfundur er fyrrverandi formaður verkalýðsfélagsins Hlífar.*

# Leiðakerfi á réttri leið

UMRÆÐAN
STRÆTÓ



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Ýmsir hafa orðið til þess að gagnrýna fyrirkomulag almenningssamgangna hér á höfuðborgarsvæðinu og þá ekki síst nýja leiðakerfið sem tekið var í notkun síðsumars 2005. Björn Ingi Hrafnsson, frambjóðandi í prófkjöri Framsóknarflokksins vegna kosninga til borgarstjórnar í vor, bættist nýverið í hóp gagnrýnenda. Hann hefur jafnframt haldið mjög á lofti þeirri skoðun að veita eigi tilteknum hópum gjaldfrjálsan aðgang að strætó. Björn Ingi hefur í umfjöllun sinni vitnað í bréf frá nafna sínum Sveinssyni, fyrrverandi borgarverkfræðingi, þar sem sá síðarnefndi fer hörðum orðum um hvernig staðið var að undirbúningi nýja leiðakerfisins. Björn Ingi Sveinsson fullyrðir í bréfi sínu að ekkert hafi verið hlustað á tillögur og gagnrýni hans og annarra heldur hafi verið „anað áfram“ með leiðakerfið „án mikillar fyrirhyggju“.

**Víðtækt samráð**

Okkur sem stóðum að undirbúningi og mótun kerfisins þykir þessi gagnrýni fyrrverandi borgarverkfræðings ómakleg og raunar staðlaus með öllu. Gerð nýja leiðakerfisins tók, eins og vænta mátti, langan tíma og haft var samráð um það við mikinn fjölda fólks, bæði sérfróða og allan almenning. Tillögur að nýju leiðakerfi voru til kynningar á vefnum um margra mánaða skeið og haldnir voru kynningar- og samráðsfundir með miklum fjölda fólks á öllu höfuðborgarsvæðinu. Síðast en ekki síst var við smíði kerfisins stuðst við umfangsmikla ferðavenjukönnun. Fjölmargar gagnlegar ábendingar komu fram í þessu langa og ítarlega ferli og var tekið tillit til þeirra eftir bestu samvisku.

Niðurstaðan varð það leiðakerfi sem tekið var í notkun í ágúst síðastliðnum. Kerfið byggir á stofnleiðum og því er ætlað að gera kleift að flytja íbúa fjölmennustu íbúasvæðanna til og frá fjölmennustu þjónustu- og atvinnusvæðunum á skjótan og skilvirkan hátt. Lögð var áhersla á að fækka skiptingum og auka framboð ferða þegar flestir eru á ferðinni.

**Vel heppnað í meginatriðum**

Nú hvarflar ekki að mér að halda því fram að við höfum kynnt gallalaust leiðakerfi í ágúst síðastliðnum. Mín skoðun er hins vegar sú að leiðakerfið sé vel heppnað í meginatriðum og þjóni tilgangi sínum. Það ber ekki síst að þakka því víðtæka samráði sem haft var við undirbúning þess, hvað sem fullyrðingum Björns Inga Sveinssonar líður.

Því er ekki að leyna að síðan kerfið var tekið í notkun hafa komið í ljós ábendingar um ýmsa galla og álitamál sem starfsfólk og stjórnendur Strætó hafa verið að skoða á undanförnum mánuðum. Nú þegar hefur verið tekið tillit til þeirra að nokkru leyti og í febrúar verða gerðar allnokkrar breytingar sem miða að því að bæta kerfið enn frekar í kjölfar athugasemda frá farþegum og vagnstjórum. Mér þykir sem sumir hafi kannski verið fullfljótir að fella sinn Stóradóm yfir nýja kerfinu nú þegar svo skammur tími er liðinn frá innleiðingu þess. Kerfið er að mínu mati að þróast í rétta átt og sannfæring mín er sú að um það muni skapast sátt þegar okkur hefur tekist að sníða af því ýmsa agnúa og gefist tóm til að kynna það og kosti þess enn frekar.

**Frítt í strætó?**

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig stuðla megi að aukinni notkun almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Ein leið er vissulega sú að veita ákveðnum hópum og jafnvel öllum almenningi gjaldfrjálsan aðgang. Í því sambandi er vert að benda Birni Inga Hrafnssyni og fleirum sem mælt hafa fyrir fríum strætó á að innan skamms verður tekið upp rafrænt miðakerfi. Það mun einmitt gera sveitarfélögunum kleift að skoða þennan valkost af meiri alvöru en áður. Þannig gætu þau, hvert um sig eða öll í senn, ákveðið að afhenda tilteknum hópum kort sem veita gjaldfrjálsan aðgang að strætisvögnum til lengri eða skemmri tíma. Á fundi umhverfisráðs Reykjavíkur þann 16. janúar sl. var samþykkt samhljóða tillaga mín að bókun þar sem segir m.a.: „Umhverfisráð telur áhugavert að skoða kosti þess að tilteknir hópar fái gjaldfrjálst í strætó á ákveðnum tímum, t.d. skólanemar og eldri borgarar.“

Í þessu tilliti mætti þó jafnvel kanna velvilja ríkisvaldsins til þjónustunnar. Staðreyndin er nefnilega sú að ýmsar álögur ríkisins á Strætó bs. nema árlega 250-300 milljónum króna. Væri þeim ef til vill betur varið í að efla almenningssamgöngur með því að veita fólki gjaldfrjálsan aðgang að strætó? Eða til að þétta leiðakerfið og fjölga ferðum enn frekar?

*Höfundur er borgarfulltrúi og formaður umhverfisráðs Reykjavíkur.*



## KLASSÍSKIR KÍNASKÓR

Kínaskórnir ganga reglulega í endurnýjun lífdaga. Í sumar eru þessir ódýru skór nauðsynlegir við pilsin og hnébuxurnar.

TÍSKA 7



## LAMPINN MAYDAY

Lampinn er eitt þekktasta verk hönnuðarins Konstantins Grcic. Hann þykir flottur, einfaldur og frumlegur.

HEIMILI 8



## ALLT HITT

**[HEILSA, TÍSKA OG HEIMILI]**

**Flauel** var afar áberandi á karlmannstískudögum í Mílanó fyrir stuttu. Flauelsjakkar voru afar vinsælir fyrir örfáum misserum en síðan virtust allir fá leiða á þeim en þeir virðast vera aftur komnir á vinsældalistann.

**Tannverndarvika** stendur nú yfir og því er ekki úr vegi að huga sérstaklega vel að tannhirðu. Foreldrar eru líka hvattir sérstaklega til þess að vera börnum sínum góð fyrirmynd.



**Málverkauppboð** á vegum Öryrkjabandalags Íslands fer fram nú á laugardaginn, klukkan 15 í húsi Orkuveitu Reykjavíkur. Verða þar meðal annars boðin upp verk eftir Tolla, Jón Arnar, Gunnar Dal og fleiri. Allur ágóði rennur til Öryrkjabandalagsins og þannig er hægt að styrkja göfugt málefni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 2. febrúar, 33. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.05 | 13.41 | 17.19 |
| Akureyri | 10.02 | 13.26 | 16.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Ardís Ólöf Víkingsdóttir í peysunni frá ömmu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

# Svolítil kjólamanneskja í sér

***Ardís Ólöf Víkingsdóttir heldur mikið upp á lopapeysu frá ömmu sinni.***

„Mér þykir rosalega vænt um lopapeysuna mína,“ segir söngkonan Ardís Ólöf Víkingsdóttir. „Amma mín prjónaði hana og gaf mér núna í jólagjöf. Ég er búin að nota hana ofboðslega mikið, bæði úti og inni. Hún er svo hlý og góð og bara svo flott!“

Spurð hvort hún prjóni sjálf svarar hún: „Nei ég kann bara eiginlega ekkert að prjóna, maður lærir það kannski einhvern tímann. Amma er rosalega góð prjónakona og mjög handlagin. Hún prjónaði náttúrulega meira þegar við vorum litlar systurnar. Það er svo gaman að eiga eitthvað svona persónulegt. Ég á tvær systur og við erum allar í eins peysu frá ömmu, reyndar með mismunandi munstri.“

Ardís kveðst fremur velja sér föt eftir því hvað henni finnst flott og sé þægilegt heldur en hvað sé í tísku í dag. „Ég er ekkert rosalega mikið að eltast við tískuna. Ég er svolítið mikil kjólamanneskja og ef ég ætla að finna eitthvað fínt þá finnst mér rosalega gaman að fara í Karen Millen. Svo fer ég oft í Sautján ef mig vantar einhverja boli eða gallabuxur.“

Ardís hefur í nógu að snúast þessa dagana. Fyrir utan að vera á áttunda stigi í söng þá er hún að fínpússa atriði sitt fyrir Eurovision. „Það verður spennandi að taka þátt í lokakvöldinu 18. febrúar. Svo er ég líka að æfa Litlu hryllingsbúðina hjá Leikfélagi Akureyrar sem verður frumsýnd 24. mars. Það er reyndar leikhlé núna en við byrjum aftur á fullu 20. febrúar,“ segir söngkonan að lokum.

*mariathora@frettabladid.is*


Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



**Pils** sem þrengjast niður eru að ryðja sér til rúms. Við pils hafa verið vinsæl að undanförnu en nú geta þær konur sem vilja stæra sig af vexti sínum fundið pils við hæfi.


















# Ólík efni í einni súpu

***Fabia Bercsek sýndi vetrarlínu sína fyrir stuttu. Þar var að finna flíkur úr leðri, flaueli og ull.***

Tískuvikan í Sao Paulo var haldin á dögunum. Þar sýndi meðal annarra hönnuðurinn Fabia Bercsek línu sína fyrir komandi vetur.

Fabia blandaði ull, flaueli og leðri saman og úr varð skrautleg og litrík samsetning. Ennfremur voru prjónaflíkurnar gerðar úr ólíku garni, bæði grófri og fínni ull. Jarðarlitir voru áberandi, mest var af brúnum lit en einnig grænum og gulum.

Hönnunin var þjóðleg og hippaleg og jafnvel dálítið sveitaleg.















## Nýr yfirhönnuður hjá Gucci

FRIDA GIANNINI HEFUR VERIÐ RÁÐIN NÝR STJÓRI TÍSKUHÚS GUCCI.

John Ray var áður yfir herradeild Gucci en ætlar að láta af störfum eftir að hafa setið í um það bil ár. Frida Giannini tekur við af Ray en hún hefur einnig umsjón með aukahluta- og kvenfatadeildinni hjá Gucci.
Hinn 32 ára gamli hönnuður er sögð vera einstaklega frjó og óhrædd við nýjar áskoranir. Fyrsta kvennalína Giannini fékk blendna dóma en hún er sögð áköf í að sanna sig í eitt skipti fyrir öll. Fyrstu sýningarnar hjá Gucci undir stjórn Giannini verða á tískuviku í Mílanó bráðlega.



Hér sést Giannini ásamt forseta Gucci, Mark Lee. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Feðgarnir Júlíus Hafstein og Júlían Hafstein. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

# Súpermann alltaf svalur

***Feðgarnir Júlíus og Júlían eiga súperman-boli sem eru í miklu uppáhaldi.***

„Þegar við bjuggum í Danmörku fyrir nokkrum árum og vorum fátækir námsmenn þá leituðum við mikið eftir ódýrum en skemmtilegum hlutum til að krydda heimilið og fataskápinn. Það var einmitt á markaðnum í Árósum eitt sunnudagseftirmiðdegið sem ég rakst á þessa boli á algjörum gjafaprís,“ segir Júlíus Hafstein, fyrrverandi sjónvarpsstjarna og eigandi Leikhallarinnar, sem sérhæfir sig í námskeiðahaldi fyrir börn og verðandi foreldra. „Ofurmenni af öllum toga hafa alltaf verið vinsæl í fjölskyldunni minni, pabbi minn hefur til dæmis mikið dálæti á hetjum á borð við James Bond og Zorro og Súpermann og Batman voru mikil goð hjá mér á yngri árum. Nú hafa synir mínir tekið við dýrkuninni á hetjunum.“ „Það líður varla sú helgi að súpermannbolirnir eru ekki dregnir upp, við skellum okkur gjarnan í þá feðgarnir þegar við erum heima í rólegheitum og horfum á Batman Forever eða Súpermann 3.“

Júlíus stofnaði Leikhöllina í lok síðasta árs ásamt konu sinni Hrönn Óskarsdóttur, en þar eru í boði ýmsar tómstundir fyrir börn á aldrinum 0-9 ára.

„Okkur fannst vanta afþreyingu fyrir son okkar þegar við fluttum frá Danmörku og ákváðum bara að drífa í því sjálf að koma á fót þroskatengdri en skemmtilegri afþreyingu fyrir börn. Fyrir utan tómstundirnar, sem eru til dæmis leiklist, söngur og dans þá eru líka í boði hjá okkur meðgöngujóga og ungbarnanudd og svo höldum við líka afmælisveislur. Starfsemin er alltaf í þróun, allar nýjungar eru reglulega færðar upp á heimasíðuna okkar www.leikhollin.is og hver veit nema ofurhetjunámskeið verði á dagskrá með vorinu...“ ■



Giorgio Armani er alltaf jafn flottur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Armani hleypur með eldinn

***Hin mikla goðsögn Giorgio Armani varð þess heiðurs aðnjótandi að fá að hlaupa með ólympíueldinn fyrir stuttu.***

Vetrarólympíuleikarnir hefjast í Tórínó á Ítalíu í þessum mánuði og venju samkvæmt þarf að hlaupa með ólympíueldinn frá Ólympíu í Grikklandi til borgarinnar þar sem ólympíuleikarnir fara fram.

Um síðustu helgi var ólympíueldurinn kominn til Mílanó og var sjálfur Giorgio Armani fenginn til þess að hlaupa með hann í gegnum helsta tískuhverfi borgarinnar, Via Montenapoleone. Honum stóð sig á sprettinum þó að um klukkutíma seinkun hafi orðið á komu eldsins sökum mótmælaaðgerða.

Armani sjálfur var stoltur yfir að hafa fengið að flytja ólympíueldinn áfram. Tískukappinn var þó ekki eins ánægður með ólympíujakkann sem hann þurfti að klæðast, en hann var hvítur með áberandi rauðum, gulum og appelsínugulum röndum. Armani sagði með bros á vör að þessir litir minntu hann meira á Mexíkó heldur en vetur og að hann hefði aldrei hannað svona jakka með slíka litasamsetningu. ■








Ný húð Á aðeins 5 dögum með Green peel, herbal peeling.
Notað til meðferðar á:
Óhreinni húð • Stækkun svitahola
Ótímabærrar öldrunar á húð
Hrukkum • Örum • Húðsliti
Appelsínuhúð • Minnkandi sveigjanleika húðar á maga, upphandleggjum og lærum
SPA fegurð
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur
S. 511 6660 Laugarvegi 66 (hjá Toni&Guy)

20% aukaafsláttur
af öllum útsöluvörum
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

belladonna
ÚTSÖLULOK
Núna er hægt að gera ótrúlega góð kaup á lokadögum útsölunnar
Þú velur 3 útsöluvörur en borgar aðeins fyrir 2* á útsöluverði.
Þetta tilboð gildir aðeins á útsöluvörum og stendur fram á laugardag.
*ódýrasta stykkið í kaupbæti 3 fyrir 2
Vertu þú sjálf vertu Belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kóp • S: 517 6460 • Laugavegur 66, 2. hæð • S: 578 6460
Opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-15 • www.belladonna.is

Nýtt símanúmer
hjá dreifingu:



550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ

birta
Alltaf á Föstudögum




Grænn kjóll frá Flex í Bankastræti kr. 49.500.



Sumarlína Juliens McDonald 2006.



Sumarlína Juliens McDonald 2006.

# Glingur og glimmer í sumarlínu Juliens McDonald

***Þó að myrkrið hafi enn yfirhöndina hér á Fróni þá eru vor- og sumarlínur stórhönnuða í tískuheiminum farnar að berast í búðir víða erlendis.***

Sumartískan er alltaf litrík og lifandi. Hún verður það sannarlega næsta sumar og með enn glæstara yfirbragði því skrautið sem hefur einkennt vetrartískuna heldur sér á sumarvörunum.

Breski hönnuðurinn Julien McDonald, sem á árum áður vann fyrir Karl Lagerfeld, Alexander McQueeen, Givenchy og fleiri, stofnaði eigið fyrirtæki árið 1997 og hefur verið á hraðri uppleið síðan.

Hann fer ótroðnar slóðir og blandar ólíkum efnum og stílum saman.

Prjónavörur eru hans sérfag og skrautið aldrei langt undan enda eru í nýju sumarlínunni hans meðal annars gylltir prjónakjólar, gul fjaðradress, köflóttar silfurflíkur, pallíettuskreyttir sundbolir og fjólubláir og grænir glimmerkjólar.

Það er ekki bara Julien McDonald sem ber slíkt á borð þetta sumarið heldur eru margir fleiri sem aðhyllast glingur og glimmer og víða hægt að finna flottar glitrandi flíkur í hátískuklassa. ■



Sumarlína Juliens McDonald 2006.

# Ný Ford ofurfyrirsæta

***Hvít-rússneska stúlkan Katsia Damenkova sigraði á alþjóðlegu Ford-fyrirsætukeppninni sem fram fór í New York í vikunni.***

Á hverju ári heldur fyrirsætufyrirtækið Ford alþjóðlega fyrirsætukeppni og að þessu sinni stóð Katsia Damenkova frá Hvíta-Rússlandi uppi sem sigurvegari. Alls tóku þátt í keppninni fyrirsætur frá 39 þjóðlöndum. Samkvæmt fréttum Fashion Wire Daily þá þykir hin hvít-rússneska Damenkova nauðalík síðustu tveimur sigurvegurum keppninnar.

Keppnin fór fram í Tribecahverfinu á Manhattan í New York, en keppnin hefur fengið sífellt meiri gagnrýni á sig vegna ungs aldurs fyrirsætanna. Keppendurnir þykja hafa litla reynslu auk þess sem stúlkurnar þykja hvorki andlega né líkamlega búnar undir að fara að stunda fyrirsætustörf, en yngstu stúlkurnar voru aðeins 14 ára að aldri. ■



Katsia Damenkova, sigraði alþjóðlegu Ford-fyrirsætu keppnina fyrir stuttu.

# Herrakrem frá Dior

TÍSKUVÖRUFRAMLEIÐANDINN DIOR MUN Á NÆSTUNNI SENDA FRÁ SÉR NÝ HÚÐKREM FYRIR KARLMENN.



Dior hefur hingað til einungis hannað föt fyrir karlmenn en hefur lengi haft á boðstólum húðkrem fyrir konur. Nú er svo komið að Dior hefur ákveðið að framleiða einnig húðkrem fyrir karlmenn. Það er fatahönnuður Dior, Hedi Slimane, sem hefur umsjón með nýj framleiðslunni. Hann segir að það sé eðlilegt að hann vinni að sambandi húðar og efnis. Nýja húðkremið fyrir karlmenn frá Dior er væntanlegt í hillur verslana í sumar eða haust.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# DJ-Gaubert

Um leið og útsölur eru hafnar í París hefst næsta tískusýningatímabil enda tískuheimurinn alltaf einni árstíð á undan almenningi. Hönnuðirnir hafa auðvitað í sex mánuði verið að huga að næstu sýningu en yfirleitt er það nú þannig að mest er gert rétt fyrir tískusýninguna og þá oft unnið allan sólarhringinn. Margir hafa sömuleiðis mörg járn í eldinum og senda frá sér margar tískulínur, fyrir konur og karla. Í janúar var kynnt herratískan fyrir veturinn 2006-7 og hátískan fyrir næsta sumar. Í mars er kventískan fyrir næsta vetur kynnt. Það er því nóg að gera hjá hönnuði sem teiknar fyrir fjórar til sex sýningar á ári. Að mörgu er að huga, staðsetningu og umgjörð sem gjarnan er í takti við þema hönnuðarins hverju sinni.

Svo er það tónlistin sem ekki síður er mikilvæg og skiptir miklu máli um þá stemmingu sem sköpuð er. Hún er ekki valin af handahófi og oft gerð af frægustu plötusnúðum og mixurum á hverjum tíma og ratar oft á plötur. Michel Gaubert er einn sá alheitasti í dag og hefur séð um tónlist fyrir tískusýningar um allan heim, bæði austan hafs og vestan, meðal annars fyrir margar „Haute couture-sýningar“. Hann er sá frægasti á þessu sviði og kemst enginn með tærnar þar sem hann hefur hælana nema ef vera skyldi annar Frakki, Frédéric Sanchez. Gaubert byrjaði sinn feril í lok áttunda áratugarins er hann var sölumaður í stórri plötubúð sem þá var á Champs-Elysée-breiðgötunni og sá helstu plötusnúðum fyrir plötum. Frá sjö ára aldri var hann forfallinn tónlistaráhugamaður og komst ekkert annað að í huga hans. Eðlilegt framhald var auðvitað að reyna fyrir sér sem plötusnúður. Hann byrjaði á frægu diskóteki í París sem hét „Palace“ og var mikill þotustaður. Það var þó ekki fyrr en tíu árum seinna, árið 1990, að Karl Lagerfeld, hönnuður Chanel, bað hann um að sjá um tónlist fyrir tískusýningu. Viðbrögðin voru þau að Gaubert sneri sér eingöngu að þessu starfi.

Sérkenni Gaubert er að blanda öllu saman. Óperur eru hresstar við með Favela funki, „booty“ frá Miami blandað við þýskt „electrópopp“ eða r´n´b-hitti frá Beyoncé. Landamæri eru engin enda Gaubert tónlistaralæta. Árið 2000 fékk svo Colette, frá hinni frægu tískubúð Chez Colette í París ,hann til að setja saman disk fyrir búðina sem gekk vel og á síðasta ári kom út sjöundi diskurinn í Colette-safninu meðal annars með tónlist úr sýningum YSL, Chanel og Rykiel. Gaubert hefur sett saman tónlist fyrir Chanel, Balenciaga, Soniu Rykiel, Yamamoto, Ungaro og nú síðast Gucci svo örfáir séu nefndir. 47 ára er Michel Gaubert ókrýndur tískutónlistarkóngur.


Einnig opið laugardag og sunnudag



Útsala 50%

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

Mörg góð tilboð

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið virka daga frá kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16 og sunnudaga frá kl. 12-16



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

SAND WOMAN

lokavika útsölunar

70 til 80%

afsláttur af öllum vörum

einnig komnar nýjar vörur

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZURICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK







# Kílómarkaðurinn í Spútnik

***Kílómarkaður er hafinn í Spútnik-verslununum. Þar er hægt að finna flíkur í öllum regnbogans litum.***

Það lifnaði óvenju snemma yfir Spútnik-verslununum í gærmorgunn því klukkan átta var opnaður hinn árlegi kílómarkaður sem engin tískuspíra getur látið fram hjá sér fara.

Þótt árla væri var biðröð á Klapparstígnum þegar búðin var opnuð, því milli klukkan átta og tíu var kílóið falt á 2000 krónur íslenskar, sem annars kostar 3500 krónur á venjulegum opnunartíma.

Það er óhætt að segja að úrvalið sé mikið í búðunum tveim og allar vörur er hægt að versla í kílóavís nema skóna, skartið og pelsana, sem þó eru á vel niðursettu verði.

Litagleðin og fjölbreytnin ræður ríkjum í Spútnik og það er ótrúlegt hvað er hægt að næla sér í á þessu frábæra verði.

Kjólarnir eru margvíslegir, doppóttir, röndóttir, gulir og rauðir og ef vel er valið er til dæmis hægt að verða sér úti um fimm flotta kjóla á aðeins 3500 krónur. Ekki ónýtt að byrja daginn á slíkum kostakaupum.


Helena og Hafdís í sitthvorum 200 gramma kjólnum. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM


Rauður kjóll, 200 g. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM


Sjal, 300 g. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM


Tígursamfestingur, 300 g. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM


Kílóið: Kjóll, pils, vesti, undirkjóll, húfa, blússa og leggings. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

kúrekatíska }

## Villta vestrið

TÍSKUHÖNNUÐURINN PAUL SMITH VAR UNDIR ÁHRIFUM FRÁ VILLTA VESTRINU Á TÍSKUSÝNINGU Í PARÍS FYRIR STUTTU.

Nú stendur yfir tískuvika í París þar sem nýjustu tískustraumar fyrir herra eru kynntir. Rokk og ról hefur verið nokkuð áberandi en á sýningu Pauls Smith komu fram sterk einkenni kúrekastíls. Paul Smith er breskur og hefur oft þótt mjög þjóðlegur í hönnun sinni og því kom það mörgum á óvart að Smith skyldi leita til villta vestursins. Hann blandaði stórum beltasylgjum við venjulegar, teinóttar jakkafatabuxur. Vesti voru einnig mjög áberandi.



# Aðstoðaði við fíkniefnarannsókn

***Ofurfyrirsætan Kate Moss var yfirheyrð hjá lögreglunni í London í fyrradag. Hún verður líklega ekki ákærð fyrir meinta fíkniefnanotkun.***

Kate Moss sneri aftur til London í fyrradag. Þá voru liðnir 143 dagar frá því að myndir af henni birtust í slúðurblöðunum þar sem hún sniffaði kókaín með þáverandi kærasta, Pete Doherty. Myndbirtingin leiddi til þess að hún fór í meðferð vegna fíkniefnaneyslu, samningi hennar við Hennes og Mauritz var rift og hún ákvað að flytja frá Bretlandi.

Kate fór með lögfræðingi sínum á lögreglustöð nálægt Buckingham-höllinni í fyrradag. Hún var klædd beislituðum jakka, með breitt hárband og stór, svört sólgleraugu. Hjá lögreglunni var hún yfirheyrð í 80 mínútur og síðan keyrð á heimili sitt í Oxfordshire.

Hin 32 ára gamla ofurfyrirsæta er talin hafa aðstoðað lögregluna við veigamikla fíkniefnarannsókn. Hún mun líklega ekki verða ákærð þrátt fyrir að hafa orðið uppvís að kókaínneyslu.


Sólgleraugu Kate Moss vöktu athygli og talið er að eftirlíkingar verði fljótlega komnar í helstu búðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kínaskór

***Áhrif frá austrinu eru víða sjáanleg í tískuheiminum og margir hönnuðir hafa tileinkað sér ýmis stílbrigði frá þessum löndum.***

Kínverskur fatnaður og fylgihlutir hafa sótt á undanfarin ár. Kínajakkar og silkikjólar eru gullfallegar flíkur og kínaskórnir gamalkunnu eru alltaf svakalega sætir.

Kínaskór verða reglulega tískubólur en þeir hafa verið á markaðnum í áraraðir. Í sumar er nauðsynlegt að eiga eina kínaskó til að klæðast við hnébuxurnar eða röndótta pilsið og þeir eru til í ýmsum litum, með og án munstrurs og eru á frábæru verði. ■



Ýmiss konar kínaskór úr versluninni Tanten.



Kínaskór úr Skarthúsinu.













**Gardínur** safna mjög fljótt í sig ryki. Það er gott að þvo gardínur sem má þvo reglulega þó að þær sýnist ekki skítugar.



GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

ÚTSÖLULOK
Í DUKA. GÖTUMARKAÐUR.
MÖRG GÓÐ TILBOÐ.
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322









Þjóðverjinn Konstantin Grcic þykir afar fær hönnuður og hefur unnið til margvíslegra verðlauna.



Lampinn Mayday er þekktasta verk Grcic. Hann þykir flottur, einfaldur og frumlegur.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þessi stóll er dæmi um einfalda og iðnaðarlega hönnun Grcic.

# Mínímalísk iðnhönnun

***Konstantin Grcic er einn af eftirsóttustu hönnuðum Evrópu um þessar mundir. Grcic hefur hannað vörur fyrir mörg þekktustu hönnunarfyrirtæki heims.***

Konstantin Grcic fæddist í München í Þýskalandi árið 1965 og vann meðal annars sem dúklagningamaður áður en hann hélt í hönnunarnám. Hönnun hans ber þess merki að hann hafi numið í Bretlandi. Þar lærði hann meðal annars í hinum konunglega breska listaháskóla. Í námi sínu fékkst Grcic við margs konar form hönnunar en upp úr 1990 byrjaði hann að einbeita sér að húsgagnahönnun og árið 1991 stofnaði hann sitt eigið stúdíó í München.

Síðan þá hefur Grcic sýnt hönnun sína víða um heim og hvarvetna hefur hann vakið mikla athygli og unnið til fjölda verðlauna. Til dæmis hefur eitt frægasta verk hans, lampinn Mayday, fengið varanlegan sess á Museum of Modern Art í New York.

Hönnun Grcic hefur oft verið talin mjög iðnvædd og afar iðnaðarleg. Hann nær hins vegar að umbreyta hlutum á mjög einfaldan hátt yfir í fallega og nýtískulega vöru sem þykir oft á tíðum mjög mínímalísk. Stephanie Rauschider, innanhúsarkitekt í Epal, er nýlega komin af sýningu í Þýskalandi þar sem hún sagði að hönnun Grcic hefði verið mjög áberandi. „Grcic er án efa einn af vinsælustu hönnuðum heimsins í dag,“ segir hún. Í Epal má meðal annars finna lampa og stól eftir Grcic.

Eins og áður segir hefur Grcic unnið og hannað vörur fyrir fjölmörg hönnunarfyrirtæki og má þar helst nefna Agape, Driade, Flos, Iitalla, Magis og Thomas/Rosenthal. Grcic vinnur núna við að hanna eldhústæki fyrir Krups. Að lokum má geta þess að hin fræga hönnunarbókaútgáfa Phaidon gaf nýlega út bók tileinkaða verkum Grcic.

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga




## STELLIÐ: TEEMA



Iittala leirvörur, nýju litirnir í bland við eldri.

***Leirvörurnar frá Iittala sem nú tilheyra línunni Teema eiga yfir hálfrar aldar sögu. Þær fást í versluninni Búsáhöldum.***

Stellið Teema er hannað af Kaj Franck, þekktum finnskum hönnuði, og var fyrst framleitt hjá Arabia sem setti það á markað árið 1952. Það tók breytingum árið 1981 og kom þá með því útliti sem það hefur í dag. ÞaðBhefur fengist hér á landi frá 1971 og notið mikilla vinsælda enda þekkt fyrir formfegurð og endingu.

Bæði er um matar- og kaffistell að ræða og allnokkrir litir fást, svo sem hvítur, gulur, ólífugrænn, brúnn og blágrænn. Leirinn er eldfastur og þolir uppþvottavélar vel. Sumir blanda röndóttum borðbúnaði frá Iittala saman við Teema og gera þannig borðin .enn litríkari.



bolli frá Iittala

# Nytsamlegt augnakonfekt

***Fallegir snagar geta lífgað upp á heimilið.***

Stundum þarf ekki að gera stórar breytingar til að lífga upp á heimilið og gefa því nýjan blæ. Fallegir snagar, nýtískulegir eða antík, hafa bæði notagildi og eru skemmtilegir fyrir augað.

Á heimasíðunni www.anthropologie.com má finna mikið úrval af skemmtilegum snögum. Snagarnir nýtast bæði undir föt en einnig má fá snaga sem hægt er að geyma lykla á. Heimasíðan er aðgengileg og auðvelt að skoða vöruna frá öllum sjónarhornum. Þegar smellt er á snaga sem heillar kemur upp stærri mynd af honum og um leið koma hugmyndir að öðrum vörum, veggfóðri, myndarömmum og þess háttar, sem gæti farið vel með snaganum.

Kannski er óþarfi að kaupa inn sófa eða ljósakrónur sem passa með einum snaga, en margar hugmyndir geta komið út frá smáum hlutum. ■



Blómalaga snagi með antíkáferð.

# Fínlegt skraut á kerti

ÝMISLEGT FALLEGT FÆST Í VERSLUNINNI SERICA, MEÐAL ANNARS TEIKNIBÓLUR MEÐ BLÓMUM.

Skandinavískar skrautvörur eru aðall verslunarinnar Sericu sem er staðsett í Hlíðarsmára 11 í Kópavogi. Meðal nýjunga þar eru margs konar blóm á teiknibólum til að skreyta kerti með. „Blómateiknibólurnar eru vinsælar í veislur og við ýmis tækifæri og auðvitað líka til að punta upp á heimilið hversdags.



Upplagt er að skreyta kertin eftir tilefnum.



Blómabólurnar geta myndað allskonar mynstur.



Hægt er að fá afskorin blóm, pottaplöntur og tré.

# Soldis-deild í Blómavali

***Silkiblómaverslunin Soldis hefur flutt sig af Laugaveginum inn í Blómaval í Skútuvogi.***

*Blómaval hefur keypt rekstur verslunarinnar Soldisar sem sérhæfir sig í sölu á silkiblómum og silkitrjám auk ýmiss konar gjafavöru. Nú er hún orðin að sérstakri deild í Blómavali í Skútuvogi. Blómaval hefur alltaf haft gerviplöntur til sölu en ekki lagt mikla áherslu á þær fyrr en nú. Plönturnar í Soldis eru gerðar úr ekta trjástofni og vönduðum silkiblöðum og í boði eru stærðir sem henta í hvers konar rými, svo sem skrifstofur, hótel og sýningarsali að ógleymdum heimilum.* Fyrirtækið Soldis var stofnað árið 1998 með opnun verslunar að Kirkjutorgi 4 en í júní árið 1999 flutti hún sig um set upp á Laugaveg 63 (við Vitastíg). Með flutningi verslunarinnar í Blómaval telja eigendur sig enn betur geta þjónað viðskiptavinum sínum. ■



Silkiblómin í Soldis eru með ekta trjástofnum.


útsala

Lokadagar útsölunnar

útsala útsala

Allt að 70% afsláttur

útsala útsala

Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333

FM 98,9 BYLGJAN

Allir eru að hlusta!

Reykjavík síðdegis

Alla virka daga 16-18:30








mubla

nýbýlavegi 18 | sími: 517 2100













Hannes vill hlífa sínum aldna stól við of miklu hnjaski en færði hann samt að bókahillunum fyrir myndatökuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einn af þeim hlutum sem ég ólst upp við

***Eftirlætishúsgagn Hannesar Friðbjarnarsonar trommuleikara í Buff er forláta leðurstóll sem hefur fylgt honum lengi.***

Þegar Hannes er spurður hvert sé uppáhalds húsgagnið á heimilinu þarf hann ekki langrar umhugsunar við heldur bendir á leðurstól sem stendur við símann. „Þessi er búinn að fylgja mér alla ævi,“ segir hann og strýkur létt yfir gripinn. Hlær þó að spurningu blaðamanns um hvort hann hafi fengið stólinn í tannfé. „Nei, hann hefur ekki alltaf verið í minni eigu heldur var hann einn af þeim hlutum sem ég ólst upp við því foreldrar mínir áttu hann. Svo fékk ég hann þegar ég flutti að heiman fyrir tíu árum.

Held þau hafi viljað losna við hann. Þau eru gjörn á að láta okkur systkinin fá helst til of mikið af ýmsu ef þau geta troðið því á okkur!“ segir Hannes hlæjandi. Hann kveðst gæta þess að fara vel með gripinn. „Þess vegna hef ég hann hjá símanum en ekki inni í stofu fyrir framan sjónvarpið þar sem ég mundi slíta honum meira,“ segir hann og bætir við til skýringar. „Það er örugglega mjög erfitt að gera við hann eða skipta um efni í honum ef hann bilar eitthvað.“ Svo verður hann sposkur á svipinn. „Það er ágætt að setjast í þennan stól og það er líka afskaplega gott að leggja eitthvað frá sér í hann. Ég er svolítið gjarn á að fleygja úlpunni minni á hann – þó ég sé nú að reyna að venja mig af því.“






# Litríkt og líflegt

***Litrík búsáhöld og heimilistæki geta lífgað upp á eldhúsið.***

Það þarf ekki endilega að ráðast í stórvirkar framkvæmdir til þess að lífga upp á eldhúsið. Stundum er einfaldlega nóg að skipta um gardínur og smáhluti á bekkjum og borðum. Það er til dæmis hægt að láta einhvern líflegan lit vera ráðandi og skreyta eldhúsið með búsáhöldum og öðru í þeim lit.

Það er ekki erfitt að finna búsáhöld í líflegum litum og ýmis heimilistæki eru einnig orðin ótrúlega litrík. Það sem skiptir mestu máli er að láta hugmyndaflugið ráða og hafa augun opin fyrir öllu sem er aðeins öðruvísi.








# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

## Blómstandi pottaplöntur lýsa upp þorrann

Með bóndadeginum hefst þorrinn og þá er miður vetur. Við finnum strax fyrir því að dagarnir eru aftur farnir að lengjast. Og þrátt fyrir hret og hraglanda hækkar sól á lofti, sem svo leggur sitt til að vekja í okkur vorhuginn. Þorrinn er samt mörgum þungur og langur. Blómstrandi plöntur eru þá ljúf lausn og koma til góðar hjálpar við að þreyja þorrann. Hér er fjallað um tvær tegundir sem auðvelt er að nálgast núna.



### Kóraltoppur

***Kalanchoë blossfeldiana hybr.***

**Notkun:** Blómstrandi planta. Þykkblöðungur.

**Birta:** Eins mikil og hægt er miðað við árstíma, en aldrei í sterkri sól.

**Hiti:** Heittemprað: 15-20°C.

**Vökvun:** Mold ávallt rök meðan plantan er í blóma.

**Umpottun:** Plöntunum oftast fleygt eftir blómgun vegna þess að blómgun er háð sérstökum skilyrðum. Þær geta þó lifað áfram sem „grænar plöntur" sem þó er hægt að láta blómgast aftur með dálitlum klókindum.

**Áburðargjöf:** Ekki ráðleg fyrrr en eftir miðjan mars, þá daufur skammtur vikulega fram á haust.

Kóraltoppur er þykkblöðungur frá Madagaskar og hefur slegið í gegn á þeim tæpu sextíu árum sem liðin eru frá því að hann var „uppgötvaður". Einkum vegna þess hversu meðfærilegur hann er í ræktun og auðvelt hefur verið að fá fram hjá honum margvíslegt litbrigði blóma. Upprunalegi blómliturinn er kóralrauður, þar af nafnið, en nú er algengt að sjá blómin í rauðu, bleiku og gulu. Stundum er plantan seld undir heitinu „ástareldur" en það nafn á önnur, óskyld en vinsæl garðjurt. Kóraltoppurinn dafnar best í góðri birtu þar sem ekki er of heitt á honum. Til þess að plantan blómgist aftur þarf að sinna henni með vökvun og áburði eins og öðrum plöntum - og að auki verður að sjá til þess að hún fái fjórtán tíma nótt eftir að plönturnar hafa náð æskilegri stærð. Kóraltoppur er dæmigerð skammdegisplanta. Hann blómgast aðeins þegar nóttin er orðin lengri en dagurinn. Garðyrkjumenn geta haft kóraltopp á markaði allt árið með því að myrkva plönturnar 14 tíma á sólarhring eftir að þær hafa náð nægum þroska. Græðlingafjölgun er auðveld en heimaræktaðar plöntur verða alltaf renglulegar. Annars er kóraltoppur mjög þolinn og getur alveg staðið fyrir sínu sem blaðplanta árið um kring.



### Stofulyngrós

***Rhododendron simsii***

**Notkun:** Blómstrandi planta.

**Birta:** Mikil óbein birta.

**Hiti:** Heittemprað: 15-20°C.

**Vökvun:** Haldið moldinni rakri.

**Umpottun:** Sjá hér að neðan.

**Áburðargjöf:** Súr áburður, dauf upplausn vikulega á sumrin.

Stofulyngrósin, azalean eða alparósin er smárunni úr fjallahlíðum Austur-Asíu, þar sem árstíðamunur er ekki mikill og felst helst í því að úrkoma er mest á veturna en að öðru leyti er veður milt allt árið. Plönturnar eru sígrænar og vaxa eins og hávaxið lyng innan um gisinn skóg og runnakjarr þar sem jarðvegur er fremur súr og næringarsnauður en samt vel rakur allan ársins hring. Þegar vetrarúrkomunni lýkur á vorin blómgast lyngrósirnar í stórum breiðum og lita hlíðar og hæðir á geysistórum flæmum. Stofulyngrósin, sem oftast er kölluð „Azalea", er blendingstegund sem varð til í Kínaveldi á fyrstu öldum kínverskrar menningar, fyrir svo sem fjögur- til fimmþúsund árum. Af henni eru til mörg þúsund yrki (sortir) sem hvert hefur sín sérkenni. Til Vesturlanda barst stofulyngrósin svo í lok átjándu aldar og er ræktuð í stórum stíl í kring um borgina Gent í Belgíu þar sem jarðvegur og veðurfar henta henni vel. Gent er hin eiginlega „höfuðborg" stofulyngrósarinnar og þaðan kemur mikill meirihluti allra þeirra stofulyngrósa sem garðyrkjumenn rækta áfram til vetrarblómgunar í gróðurhúsum um öll Vesturlönd. Blómlitir eru í öllum blæbrigðum af rauðu og bleiku, einnig hreinhvítt og fölgult. Það er áríðandi að hafa ekki of heitt á stofulyngrósinni og að sjá til þess að moldin sé alltaf vel rök meðan plantan er í blóma. Áframhaldandi ræktun er ekki á hvers manns færi en getur þó mætavel gengið ef fólk leggur sig eftir því og aðstæður eru fyrir hendi. Plantan getur staðið í garðinum yfir hásumarið en í gróðurskála annars allt árið.


ÚTSÖLULOK



MIÐVIKU- TIL SUNNUDAGS

MIKIÐ AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM t.d.

MEIRIHÁTTAR SÆNGURFÖT VERÐ AÐEINS FRÁ:
**1.595.-** 1.990.- 2.500.- 2.990.- 3.790.- 4.990.- 7.500.- 8.500.- 9.500.- Yfir 20 mynstur,
**vefnaður:**
100% Bómull, - Satín, - Silki, - Damask.
**Einstaklega mjúk og falleg.**

MJÖG FALLEGIR JÓLADÚKAR:
stærðir : 220cm. 260cm. 320cm.
allir með **-50%** afslætti, **verð er frá 4.500.-**

LÖBERAR og DÚKAR
Löberar stærð 40x120cm
Dúkar stærð 85x85cm. **verð frá 900.-**

FLOTTIR PÚÐAR MEÐ FYLLINGU:
LEÐUR: áður kr 7.600.- **Nú: 3.995.-**
SILKI: áður kr. 2.995.- **Nú: 1.995.-**
BÓMULL: Áður kr. 1.500.- **NÚ: 895.-**

Líttu á TILBOÐIN á www.tk.is

OPIÐ í dag fimmtudag til kl. 9
föstudag til kl. 7
laugardag til kl. 6 - sunnudag til kl 1-5

Tékk KRISTALL KRINGLUNNI







50% afsláttur í 3 daga

Rýmum fyrir nýjum vörum



SERICA

Opið frá 11-18 virka daga, 11-15 laugardaga.
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 565 1504





Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára 6 ára 9 ára 12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNAHEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



**Slökun er mikilvæg.** Það er gott að slaka markvisst á öllum vöðvum áður en farið er að sofa því þá gagnast svefninn betur.




## Jóga
## Dansjóga
í Magadanshúsinu

Kripalujóga mán/mið/föst 7:10-8:10 og 12:10-13:00
Byrjendajóga mán/mið 17:00-18:00
Meðgöngujóga þrið/fimm 12:10-13:00
**Dansjóga** fimm 19:00-20:30
Í febrúar fylgir öllum jógatímum **FRÍTT** í **Dansjóga**
**Dansjóga** einkennist af mikilli brennslu, styrkingu, auknum liðleika og andlegri vellíðan
Ný námskeið hefjast 6. febrúar. Skráning hafin!
Nánari upplýsingar í síma 847-9981 eða 581-1800 og magadans.is




Sigurður Örn Hektorsson geðlæknir segir að í aðeins um fimmtán prósent tilvika finnist líffræðilegar skýringar á líkamlegum einkennum fólks. Í flestum tilvikum eru einkennin af sálrænum toga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óskýrð líkamleg einkenni

***Sigurður Örn Hektorsson geðlæknir segir nauðsynlegt að læknar geti greint á milli líkamlegra einkenna og geðrænna svo sjúklingar fái rétta meðhöndlun. Margir hafa óskýrð líkamleg einkenni sem leiða til ofrannsókna.***

Siguður Örn Hektorsson er sjálfstætt starfandi geðlæknir. Hann hélt erindi á Læknaráðstefnunni sem fram fór í síðasta mánuði undir yfirskriftinni Líkamleg einkenni eða geðræn. Þar ræddi hann um þann vanda lækna að greina á milli raunverulegra líkamlegra einkenna og geðrænna.

„Rannsóknir hafa sýnt að í aðeins fimmtán prósent tilvika finnast líffræðilegar skýringar á ýmsum líkamlegum einkennum sem fólk hefur,“ segir Sigurður Örn Hektorsson geðlæknir. „Þá erum við að tala um einkenni eins og brjóstverki, svima, höfuðverk, þreytu, hjartsláttartruflanir, bakverki og annað. Í mörgum tilvikum er skýringin á þessum einkennum af geðrænum eða sálrænum toga. Þetta geta verið einkenni streitu, kvíða eða þunglyndis.“

Margir einstaklingar hafa svokölluð óskýrð líkamleg einkenni. Þau einkenni fela í sér truflun á taugaboðum frá líffærum til heila. Fólk getur þá illa aðgreint eðlileg og óeðlileg taugaboð og finnur þar af leiðandi of mikið fyrir líkama sínum. „Þetta ástand getur orðið krónískt,“ segir Sigurður. „Fólk með þessi óskýrðu líkamlegu einkenni er oft búið að fara marga hringi í heilbrigðiskerfinu en þyrfti miklu frekar á sálrænni meðferð að halda. Því er mikilvægt að læknar kunni að greina á milli líkamlegra og geðrænna einkenna.“

Sigurður segir þunglyndi oft birtast fyrst og fremst í líkamlegum einkennum og fólk leiti til læknis vegna þeirra. „Sjúklingarnir óttast að líkamlegu einkennin séu merki um alvarlegan sjúkdóm. Krafa kemur frá sjúklingnum að fá rannsókn og auðvitað er það skylda lækna að ganga úr skugga að ekki sé um alvarlegan sjúkdóm að ræða. En stundum er gengið of langt í rannsóknum,“ segir Sigurður og bætir við að ofrannsóknir leiði bæði af sér kostnað fyrir heilbrigðiskerfið ásamt því að sjúklingar lenda í hringiðu án þess að fá nokkra lækningu á því sem er að angra þá.

Sigurður segir ennfremur að sjúklingarnir verði sjálfir að vera duglegir og ákveðnir í að spyrja lækni sinn spurninga um ástand sitt. „Stundum er mikil tímapressa í viðtölum lækna og sjúklinga og sjúklingum ekki gefið færi á að spyrja. Margir líka átta sig ekki á því að þú mátt spyrja og þú átt að spyrja lækninn þinn.“ Sigurður segir að fólk undirbúi sig mun betur fyrir læknisheimsóknir en áður meðal annars með því að leita sér upplýsinga á netinu. „Bæði er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir að líkamleg einkenni geti stafað af vanlíðan og að læknar muni eftir þeim hópi fólks sem tjáir vanlíðan sína með líkamlegum hætti.“

johannas@frettabladid.is









Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



**“SLÖKKTU Á GLAMRI HUGANS”**

**Fyrirlestur og kynning á heilun með tónum í kvöld kl. 21 í Ljósheimum, Brautarholti 8**

**Á fyrirlestrinum kynna Alexander Schwarz og Sabine Burger meðferðarform þar sem notaðar eru sérstaklega stilltar tónkvíslar til að öðlast innri frið og djúpa slökun. Er þetta áhrifarík leið til jafnvægis og heilsu og byggir á vísindum frá fornu fari sem hafa verið þróuð áfram í nútímanum. Á fyrirlestrinum munu þau kynna og sýna notkun tónkvíslanna og verða jafnframt með hópheilum. Alexander Schwarz og Sabine Burger munu bjóða upp á einkatíma í Ljósheimum vikuna 3.-11. febrúar.**

**Allir hjartanlega velkomnir**




## Höldum heilanum hreinum

VERKEFNINU HÖLDUM HEILANUM HREINUM HEFUR VERIÐ HLEYPT AF STOKKUNUM OG Í TENGSLUM VIÐ ÞAÐ VAR GEFINN ÚT FORVARNARBÆKLINGUR FYRIR FRAMHALDSSKÓLANEMA UM SKAÐSEMI VÍMUEFNA.

Lýðheilsustöð hefur gefið út fræðslubækling um skaðsemi vímuefnanotkunar en bæklingurinn er einkum ætlaður ungu fólki á framhaldsskólaaldri. Bæklingurinn er hluti af verkefni sem kallast Höldum heilanum heilum.
Með útgáfu bæklingsins er verið að bregðast við skorti á fræðsluefni um skaðleg áhrif af neyslu vímuefna.
Markmiðið er að vekja ungt fólk til umhugsunar um hvaða afleiðingar það hefur á starfsemi heilans að neyta vímuefna.
Sýnishorn hafa verið send til allra framhaldsskóla á landinu og viðbrögðin hafa verið góð.
Frekara ítarefni um vímuefni og áhrif þeirra má finna á heimasíðu Lýðheilsustöðvar.


allt matur
Alla föstudaga

## Bílar til sölu






Mercedes Benz C 220 árg. 04/1995, ekinn 240 þ.km., sjálfsk., sóllúga, álfelgur, geislaspilari. Gott ástand. Verð 690 þús. Til sýnis hjá Bílasölu Íslands, Skógarhlíð, s. 510-4900.



Suzuki Grand Vitara 03/2003, vél 2,0, 5 gíra, ekinn aðeins 27 þ.km. Ath. viðgerð tjónabifreið, óaðfinnanlegt ástand. Verð áður 1700 þús, verð nú 1450 þús. 1200 áhvílandi. Skipti ath. Uppl. í síma 864-0695.



VW Transporter '98 2,4 dísel, beinsk,ek 235 þús. sk. '07. Topp vinnu bíll selst hæðstbjóðanda. Uppl. í s. 846 1065.



Grand Cherokee Laredo 2005 V6, ek. 23 þ. km. Sjálfsk., þjófavörn, dökkar rúður o.m.fl. Ath verð aðeins 2.990 þ. stgr. Bíll.is s. 577 3777.

## 0-250 þús.



Mazda 323 F '92, 1,8 beinsk, sk. '06. Verð 160 þús stgr. Uppl í s. 846 1065.



Opel Corsa 1200cc árg. 12/'99, ek. 102 þús. km. Ásett 315 þús. Tilboð 250 þús. S. 699 8235.



Daewoo Lanos 1.6, árg. '99. Ek. 135 þús. Rauður, bsk., sk. '07. Listaverð 400 þús. Tilboð 220 þús. S. 659 9696.



Ford Escort árg. '89. Ek. 157 þús km. Dráttarkúla. Verð 200 þús. S. 899 6285.

Toyota Corolla xli '94, ek. 172 þús, beinskiptur, rafmagnsrúður, samlæsing, reyklaus. 180 þús. S. 694 4686.

Til sölu Nissan Sunny '91, lítið keyrður. 2 eig. frá upphafi. Verð 150 þús. Uppl. í s. 663 5910 e. kl. 21.

Vantar bíl '97 eða yngri 5 dyra ssk. 4x4 & nýl. skoðaðan 200 þ. stgr. S. 847 3049.

Til sölu Hyundai Accent '96, 5 dyra, verð 120 þús. og Hyundai Accent '95, 4 dyra, verð 80 þús. Uppl. í síma 867 3022.

Ford Mondeo '94, ek. 159 þús. beinsk., Verð 320 þús. Tilboð 170 þús. Uppl. í s. 845 3117.

Huyndai Accent '98, 1,5, ek. 122 þús. 3ja dyra, sk. '06. Lítur vel út. Ásett verð 290 þús. Tilboð 180 þús. S. 691 9374.

## 250-499 þús.



Til sölu VW Golf Joker árg. '98, ek. 133 þús. Verð 300 þús. stgr. Uppl. í s. 554 0997.



Honda Civic 1,4, árg. '98, 4 dyra, spoiler, ek. 174 þús., rafm. í rúðum og speglum, góður og eyðslugrannur bíll, verð aðeins 325 þús., uppl. í s. 616 6360.



Hyundai Elantra '98, ek. 110 þ. sjálfsk. rafmagn í rúðum. Tilboð óskast síma 897 9145.



Renault Megané Opera '98, ek. 137 þús. 5 dyra, beinsk, v.dekk & lowprofile á álfelgum fylgja, áhv. lán. Tilboð 395 þús. Uppl. í s. 862 7762.



Buick Roadmaster árg. '91. Frábær bíll í góðu ástandi. Ásett verð 360 þús. Uppl. í s. 616 2524.

Nissan Almera 1600 SLX '98, ssk., ek. 124 þús. Rauður. Sk. '06. S. 698 5104.

## 500-999 þús.



Subaru Impresa '99 2,0 sjálsk ek 166 þús, sk. '07 fallegur og góður bíll, verð 700þús eða 600 stgr., ath skipti ódýrari. Uppl. í s. 846 1065.



VW Bora '99, ek. 133 þ. Nýr gírkassi, kúpling og tímareim. Verð 750 þ. Ath. skipti á dýrari. S. 861 7981.

Ford Focus Station árg. '00. Vínrauður, ekinn 134 þús. Nýskoðaður og yfirfarinn. Verð aðeins 550 þús. (áhv 165). S. 696 4051.

## 1-2 milljónir



Toyota RAV 4. Árg. 10/2000. Ekinn 88 þús. Sjsk., krókur og vetrardekk. Bíll í toppstandi. Ásett 1.590 þús. Mögul. á láni. Uppl. í 690 2400.



Lexus IS 200 ágerð 2004, beinskiptur, 6 gíra. Ekinn 27 þ. km. Verð 2.200.000. Áhv. 1,6 mill. afborgun 28 þ. á mán. Skipti möguleg á ódýrari. Mikið af aukabúnaði. Uppl. í s. 693 7572.

## 2 milljónir +



M. Benz C240 Estate 09/'05, ek. 11 þús. km. Áhv. 1.200 þús. Verð 4.690 þús. Ath. skipti. S. 861 1020 & 861 9190.

## Bílar óskast

Vil kaupa sjálfskiptan díselfólksbíl á 0-300þ. Áhugasamir hringi í s. 821 2545.

0-200 þ. staðgreitt, helst ekki eldri en '95, má þarfnast lagf. eða skoðunar. S. 659 9696.

## Jeppar



Ford Explorer XLS 4x4 árg. 09/2002, V6 4.0, sjálfsk., ekinn 94 þ.m. Sk. '07. Gott ástand. Verð 1.880 þús., 400 út og yfirtaka 32 þ./mán. Skipti ath. Til sýnis hjá Bílasölu Íslands, Skógarhlíð, s. 510-4900.



Ford Escape XLS 4x4 árg. 2002, V6 3.0, sjálfsk., ekinn 97 þ.m. Sk. '07. Gott ástand. Verð 1.480 þús. 100% lán mögulegt, skipti ath. Til sýnis hjá Bílasölu Íslands, Skógarhlíð, s. 510-4900.



Ford 250 Lariat '99 7,3 dísel, ek. 240 þús. Toppviðhald. Áhv. 1.580 þús. Fæst gegn yfirtöku á láni+100 þús. Uppl. í s. 891 9365.



Ford F150 Extra Cab 1998, ek. 161 þús. Verð 990 þús. stgr. S. 861 3280.



Ford Explorer Eddie Bauer 2005 4L, V6, leðursæti, 7 manna, rafm./hiti/minni í sætum, dráttarb., bakkvörn, hraðast., 6 CD geislaspilari, o.m.fl. Bíllinn er sem nýr. Ath. verð aðeins 3.590 þ. Uppl. í s. 847 2582.



Toyota Land Cruiser VX árgerð 2003, ekinn 70.000 km, vetrar og sumardekk. Mjög góður bíll. Verð 4.150.000. Uppl. í síma 894 1370.



Land Cruiser 90di sjálsk., árg. 09/2002, ek. 56 þ., 33"breyttur. Bíll í sérflokki. Verð. 3.400 þ. S. 849 0986 & 896 6199.

Patrol '95, 38" breyttur, læstur að aftan, snyrtilegur bíll. S. 898 7628 Jón Hörður.

## Vörubílar



Ódýr Volvo vörubíll árg. '86 ekinn 420 þ., bukki með robson. Krani patfinger 13,5 tm, 4 í glussa fjarstýrður, skemmt hús eftir bruna. Tilboð óskast í bílinn eða óska eftir öðrum í varahluti, sími 899 9670.

## Mótorhjól



Suzuki GSX-R 750 1989 til sölu. Mikið endurnýjað, flækjur, jettar, KN-síur. Verð 350 þús. Jómbi 820 1104.

## Fjórhjól



Til sölu Puma fjórhjól árg. '03, 250 cc. Verð 250 þús. stgr. Uppl. í s. 899 6220.

## Vélsleðar



Skidoo MXZ, 680 cc, árg. 1999, 35 mm belti, ekinn 6500 km. vel með farinn. Verð 330 þús. Uppl. í s. 868 9241.

## Vinnuvélar



Tek að mér fleigun, allan gröft fyrir grunnum. Fyllingar í grunna, vegi og alla almenna jarðvinnu. Smágröfuleigan ehf, s. 899 3004.













## Lyftarar







**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

4 Stk. 315/75/16 (35") nær óslitin dekk. Seljast á 16 þús. kr. stk. Uppl. í síma 894 2094.

## Varahlutir




**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahrauni 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Grill & Ís Laugarásvegi 1.**
óskar eftir starfsfólki eldri enn 18 ára. Góð laun í boði. Þægileg vaktavinna.
**Upplýsingar í síma 517 9000.**

**Vantar þig góða vinnu eftir áramót?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu Skúlagötu eða Fellsmúla? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í sal og á grilli. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048.**

**Nasa - Nasa**
Okkur vantar vana barþjóna, helst 20 ára og eldri. Skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Viðtalstímar á Nasa milli kl. 14 og 16, virka daga.
**Nasa þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að djamma.**

**Ræsting Stykkishólmi**
Ræsting í verslun.Vantar fólk til að ræsta verslun 2 daga í viku fyrir hádegi.
**Uppl. í síma 533 6020 eða raestir@raestir.is**

**Ræsting Egilsstöðum**
Vantar fólk til að ræsta verslun 3 daga í viku (mán., mið. og fös.) fyrir hádegi.
**Uppl. í síma 533 6020 eða raestir@raestir.is**

**Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans?**
ÍTR óskar eftir starfsfólki á frístundaheimilin eftir hádegi alla virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is og í síma 411 5000".**




Síld og Fiskur, Dalshrauni 9b Hafnafirði. Starfsmaður óskast í söludeild okkar í Hafnafirði við að taka til pantanir og við vörudreifingu. Uppl. gefur Sófus í s. 863 1938 milli kl. 13 & 17.

**Foldaskálinn**
Foldaskálinn, sem er söluturn í Grafarvogi, vantar áhugasamt starfsfólk í kvöld og helgarvinnu.
**Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.**

**Verkamenn**
Óska eftir verkamönnum í byggingarvinnu á Höfuðborgarsvæðinu.
**Upplýsingar í síma 892 9661.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir og í hlutastarf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu einnig óskum við eftir starfskrafti við þrif og aðstoð. Vinnutími 15-19 virka daga. S. 555 0480 og 896 9808.

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu.
**Uppl. í s. 553 8890 & 897 4796.**

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
Ingvar Helgason óskar eftir starfsmönnum við þrif og bón á nýjum og notuðum bílum. Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki.
**Upplýsingar veitir Svanberg í síma 525 8043. svanberg@ih.is www.ih.is**

**Starfsmaður óskast í eldhús.**
Um er að ræða vaktavinnu. Upplýsingar á Kentucky í Hafnarfirði milli kl. 14-17 alla virka daga.
**Kentucky Fried Chicken Hafnarfrði .**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Furðufiskar ehf**
Furðufiskar ehf. sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Starfssvið:
∑ Innkaup og pantanir.
∑ Starfsmannahald/mönnun vakta.
∑ Laga brauð o.fl. sem lagað er á staðnum.
∑ Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði.
Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð eða séu fagmenntaðir.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a, 101 Reykjavík.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bíldshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 7 febrúar í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

**Verslunarstörf.**
Óska eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í tískuvöruverslun í kringlunni. 18 ára og eldri. Umsækjendur sendið tölvupóst á sjsk@simnet.is með mynd og upplýsingar um fyrri störf.

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat um helgar. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Háseta vantar á línubát. Uppl. í s. 862 2591.

Pálmatré ehf óskar eftir duglegum verkamönnum. Sími 898 9313.

**Sagtækni auglýsir.**
Steinsteypusögun!
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**

Snæland Video Núpalind 1, kóp. óska eftir fólki í fullt starf. Áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is

Óskum eftir að ráða kokk í Mývatnssveit. Um er að ræða heilsársstarf, viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. febrúar. Sel - Hótel Mývatn 464 4164, myvatn@myvatn.is.

**Bakaríið Hagamel 67**
Óskar að ráða röska og ábyrga manneskju til afgreiðslustarfa. Um er að ræða 70% starf sem er unnið á vöktum. Nánari uppl. veita Gunnar í s. 897 8101 & Steinar í s. 863 8009.

**Leikfangaverslun**
Starfsmann vantar í leikfangaverslun. Fullt starf og hálft starf. Uppl. í s. 865 8289 á milli 9 og 16.

Fyrirtæki í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir starfsmanni á skrifstofu í 5 - 10 klst. á viku, á skrifstofutíma. Viðkomandi þarf að vera stundvís, vandvirkur og búa yfir góðri enskukunnáttu. Nánari upplýsingar veitir Ragnar, adam@adam.is

**Dekkjaverkstæði**
Óskum eftir vant fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó . Framtíðarstarf Uppl. í s. 660 0560

**Bón og þvottur**
Óskum eftir vönum starfsmönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Óskum eftir vönum háseta á línubát með beitningavél sem gerður er út frá Reykjavík. Uppl. í s. 891 6687 & 520 7300.

Óskum eftir að ráða gröfumann á hjólagröfu og 6 tonna gröfu. Uppl. í s. 893 2000.

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Silkiprent og fánar ehf. á Þórshöfn óskar eftir að ráða starfsmann sem fyrst. Fjölbreytt og skemmtilegt starf, tölvukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 577 2020 eða fanar@fanar.is

Starfskraftur óskast í útkeyrslu og fleira. Uppl. í síma 861 2410.

**Blómabúð**
Starfsmaður óskast í kvöld og helgarvinnu. Reynsla kostur. Uppl. í s. 588 1230 milli kl. 10-15.

## Atvinna óskast

26 ára kk óskar eftir vinnu á vörubíl. S. 697 3103.

Kona á miðjum aldri óskar eftir vinnu. Vön sem matráður, mötuneytisstörf. Má vera úti á landi. Uppl. í s. 561 5853 & 898 1091.

## Viðskiptatækifæri

**Vantar þig starfsfólk?**
Við getum hjálpað þér að finna útlenskt starfsfólk sem hefur áhuga á að koma til Íslands og hjálpum þér við alla vinnuna í kring.
**Skoðum meðmæli úti. Uppl. í s. 865 4636.**

Mjög gott viðskiptatækifæri. Ört vaxandi fyrirtæki í fæðubótarefnum til sölu. Öflug vörulína með samkeppnisforskot, og mjög góð heimasíða. Tilvalið til frekari uppbyggingar eða til sameiningar. Upplýsingar í síma 897 9398.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Fimmtudasgskvöld eru fjármálakvöld í Landsbankanum. Fyrirlestrar um efnahagsmálin og fjárfestingatækifæri í útibúi Landsbankans á Akranesi í kvöld kl. 20.00 Nánari upplýsingar á landsbanki.is Landsbankinn

## Ýmislegt

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júni hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

## Einkamál

XXX DVD
**Besta verðið!!!**
2. DISKA DVD KR. 3.990.-
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
ALLAR VHS Á 1.490.-
VERÐLAUNAMYNDIRNAR
Pirates og The Devil in miss Jones
komnar á DVD
**Grensásvideo.is**
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið 15-23.30

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## TILKYNNINGAR

Þingeyjarsveit

### Félagsheimilið Kiðagil í Bárðardal Rekstraraðilar óskast

Hér með er auglýst eftir áhugasömum aðilum til að reka starfsemi í félagsheimilinu Kiðagili í Bárðardal. Þar hefur verið rekin gisti- og greiðasala á sumrin og er möguleiki á að halda því starfi áfram. Einnig eru reknar skólabúðir í Kiðagili í vetur og hér er um að ræða félagsheimili Bárðdælinga. Möguleiki er á að áhugasamir taki félagsheimilið á leigu á ársgrundvelli en möguleiki er á að eingöngu sé um að ræða sumarleigu til rekstrar gisti- og greiðasölu.

Óskað er eftir tilboðum í leigu á félagsheimilinu samkvæmt framangreindu og skulu leigutakar lýsa hugmyndum sínum um reksturinn í tilboðum sínum.

**Umsóknir merktar „Kiðagil" skulu hafa borist á skrifstofu sveitarstjórnar, Kjarna, 650 Laugar, í síðasta lagi föstudaginn 15. febrúar, 2006.**

Nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 464 3322 og senda má fyrirspurnir í tölvupósti **johann@thingeyjarsveit.is**.

**Sveitarstjóri**

### Dægurlagakeppni á Króknum 2006

***Keppnin verður haldin í Sæluviku í byrjun maí n.k. Skilafrestur á lögum í keppnina er til 20. febrúar n.k.***

Senda þarf inn upptöku af laginu (demo eða fullklárað á cd eða kassettu) og texta hvort tveggja merkt með dulnefni. Raunveruleg nöfn höfunda þurfa að fylgja í lokuðu umslagi merktu dulnefninu. Þátttökugjald 2.000.- fylgi hverju lagi

**Merkist: Dægurlagakeppni á Króknum Pósthólf 90, 550 Sauðárkrókur**

Nánari upplýsingar í síma 867 8206, Ellert

## UPPBOÐ

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður háð á þeirri sjálfri sem hér segir:

Fjarðarvegur 11, Þórshöfn, þingl. eig. Þórarinn Jakob Þórisson, gerðarbeiðendur Kaupþing banki hf, nb.is-sparisjóður hf og Vátryggingafélag Íslands hf., miðvikudaginn 8. febrúar 2006 kl. 14:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 1. febrúar 2006

## FUNDIR

### Félagsmenn í hestamannafélaginu Gusti.

Áríðandi félagsfundur verður haldinn í veislusal félagsins fimmtudaginn 2. febrúar kl. 20.15.
**Fundarefni:** Greinargerð og tillaga framtíðarnefndar félagsins, sjá nánar heimasíðu félagsins.
Stjórn hestamannafélagsins Gusts

## ATVINNA

### Sölumenn á neytendamarkaði

Framsækin og ört vaxandi heildverslun á matvörumarkaði óskar eftir að ráða sölumenn fyrir neytendavöru. Um er að ræða spennandi starfsvettvang fyrir öfluga einstaklinga sem hafa metnað til að sanna sig og ná árangri í starfi.

Starfið felst í umsjá með sölu, framstllingum og kynningum á vörum fyrirtæksins í matvöruverslunum. Við leitum af starfsfólki sem hefur:

- Reynslu af sölumennsku á matvörumarkaði
- Hæfileika og getu til að skipuleggja, móta og framkvæma verkefni
- Framúrskarandi samskiptahæfileika, frumkvæði og dugnað
- Vilja og metnað til að ná árangri í starfi og getu til að vinna undir álagi
- Áhuga á að vinna í krefjandi og breytilegu umhverfi með með öflugum starfshópi

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt „NV-12" fyrir 6. febrúar nk.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

# Vörukynningar

### MS Reykjavík leitar að dugmiklu og drífandi starfsfólki í lifandi og skemmtileg störf.

Starfið felst í vörukynningum á vöruflokkum MS í verslunum. Um er að ræða talsverðan fjölda af verkefnum í hverjum mánuði. Áhersla er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, þjónustulipurð og góða samskiptahæfileika auk sjálfstæðra vinnubragða.

Leitað er að þroskuðum og sjálfstæðum einstaklingum sem eru tilbúnir til að vinna í líflegu umhverfi, hafa ánægju af mannlegum samskiptum og áhuga á heilbrigði og góðu matarræði. Starfsreynsla við svipuð störf er æskileg en ekki nauðsynleg.

Umsóknir berist til starfsmannasviðs MS Reykjavík að Bitruhálsi 1, í síðasta lagi 15. febrúar n.k.
Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið **www.starfsmannasvid.is.**
Nánari upplýsingar veitir sölustjóri í síma 569-2200.

MS er framleiðslu-, þjónustu- og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu. Hjá félaginu starfa um 400 manns. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu félagsins **www.ms.is**

# Bílstjórar

háfell

### Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða Búkollu bílstjóra til starfa.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu fyrirtækisins www.hafell.is.

**Frekari uppl. eru veittar á skrifstofu Háfells ehf í síma 587-2300.**

## FASTEIGNIR

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA

Kjöreign ehf

**Fasteignasala • sími 533 4040**
**Opið mán.–fim. frá kl. 9–18, fös. frá kl. 9–17**
Dan V.S. Wiium, lögg. fasteignasali

**Ármúla 21 • Reykjavík**

### EIGNIR ÓSKAST

**OKKUR HEFUR VERIÐ FALIÐ AÐ LEITA EFTIR EFTIRTÖLDUM EIGNUM FYRIR TRAUSTA VIÐSKIPTAVINI.**

- ✔ Tveggja íbúða sérbýli í Seljahverfi. Einbýli eða raðhús.
- ✔ Góð 3ja. herb. íbúð eða sérhæð í Hlíðunum.
- ✔ Raðhús í hverfi 105, Teigunum eða næsta nágrenni. Gjarnan í skiptum fyrir 3-4ra herb. íbúð í sama hverfi.

### GARÐHÚS M/BÍLSKÚR



Falleg og huggulega innréttuð 4ra herb. íbúð á 2.hæð með sérinngangi og sérbyggðum bílskúr. Stærð íbúðar er 106,7 fm. og bílskúr 26,2 fm. Þvottahús í íbúð. Suðursvalir. Gott útsýni. **Bílskúr. Verð 27 millj.** nr. 5312

### RÓSARIMI



Mjög falleg, rúmgóð og björt 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð í 2ja hæða húsi. Alls 95,5 fm. Sérinngangur. Timburverönd í suðaustur út frá eldhúsi. Þvottahús í íbúð. Frábær staðsetning. **Verð 21,5 millj.** Nr. 4314

### NEÐSTALEITI - LYFTUHÚS



Vorum að fá í einkasölu fallega og vandaða íbúð í góðu húsi. Íbúðin er 106,1 fm. Á fjórðu hæð með miklu útsýni. Auk þess stæði í bílageymsluhúsi. Skipulag er gott og herbergin rúmgóð. **Verð 29,5 millj.**

### NAUSTABRYGGJA M/BÍLSKÝLI



Glæsileg og falleg 5 herb. íbúð á tveimur hæðum ásamt innbyggðu bílskýli. Vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni. Þvottahús innaf eldhúsi, suðvestur svalir. Íbúin skiptist í 2 stofur og 3 svefnherb. 2 baðherb. **Verð 30 millj.** Nr. 5321

**Kristinn Valur Wiium sölumaður, sími 896 6913**
**ÓlafurGuðmundsson sölustjóri, sími 896 4090**

Frum

# HÚSEIGN

Fasteignamiðlun

**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17



### Álfholt 24 -220 Hf

**Stærð í fermetrum: 129,6**
**Fjöldi herbergja: 3-5**
**Tegund eignar: Fjölbýli**

**OPIÐ HÚS MILLI 18:00 TIL 19:00 Í DAG**

**MJÖG FALLEG 3JA-4RA HERB. ÍBÚÐ Á FYRSTU HÆÐ Í FJÖLBÝLI AUK STÚDÍÓÍBÚÐAR**



Komið inn í forstofu með skáp. Alrými þar sem er stofa, borðstofa, sjónvarpshol og eldhús. Þrjú svefnherbergi, þar af eitt sem var áður þvottaherbergi, lítið mál að breyta aftur ef vill. Gott baðherbergi með fallegri innréttingu úr hlyn, þvottaaðstaða á baði. Gólfefni eru fallegar flísar og parketdúkur. Úr stofu er útgengt út í sérgarð. Í kjallara er 21 fm stúdíóíbúð sem hentar vel til útleigu. SNYRTILEG EIGN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA, ***GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 TEKUR Á MÓTI GESTUM MILLI 18:00-19:00 Í DAG (Hólmgeir á bjöllu).***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

Frum

# Græðgisvæðing Fjarðabyggðar

GARÐAR EYMUNDSSON
SKRIFAR UM FJARÐABYGGÐ

*Það má segja að þessar framkvæmdir hafi lyft þessum byggðarlögum úr öskustónni samanber Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð og styrkt um leið Eskifjörð og Neskaupstað. Áhrif framkvæmdanna gætir hins vegar lítt eða ekki á Seyðisfirði enn sem komið er.*

Seyðfirðingar voru farnir að gleðjast. Það átti að staðsetja lykilembætti lögreglustjóra á Austurlandi á Seyðisfirði, samkvæmt nýskipan löggæslu, í samræmi við tillögur fagnefndar á vegum dómsmálaráðuneytisins.

Það hefur komið í ljós að sveitarstjórnarmenn í Fjarðabyggð snerust öndverðir gegn þeirri tillögu og tókst að fá embættið flutt til Eskifjarðar þvert á niðurstöðu nefndarinnar. Seyðfirðingar voru heldur bláeygir þegar þeir héldu að þeir fengju svona embætti á silfurfati. Það tekur langan tíma að átta sig á þeirri hörku sem þarf til að ná slíkum verkefnum. Það er ekki spurt um samtök eða samvinnu á milli byggðarlaga og þar er hver sjálfum sér næstur. Það þýðir ekki að sofa á verðinum. Það kom Seyðfirðingum samt á óvart hvað forystusauðir Fjarðabyggðar lögðust hart gegn því að embættið færi til Seyðisfjarðar en Seyðfirðingar hafa stutt þá uppbyggingu sem á sér stað á Fjarðarbyggðarsvæðinu heils hugar, samanber jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, álver og Kárahnjúkavirkjun. Það má segja að þessar framkvæmdir hafi lyft þessum byggðarlögum úr öskustónni samanber Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð og styrkt um leið Eskifjörð og Neskaupstað. Áhrif framkvæmdanna gætir hins vegar lítt eða ekki á Seyðisfirði enn sem komið er.

En lengi má manninn reyna – sveitarstjórnarmenn Fjarðabyggðar lýsa ótrúlega þröngri sýn sinni á hagsmuni Austurlands með svona vinnubrögðum. Margir eru farnir að tala um að þeir séu þungt haldnir af græðgisvæðingu. Það hefur oft verið sagt að annað hlið Íslendinga til umheimsins liggi um Seyðisfjörð en hitt um Keflavíkurflugvöll. Með Norrænu er áætlað að um 30 þúsund manns leggi leið sína um Seyðisfjörð á hverju ári ásamt fjölgun skemmtiferðaskipa sem hafa viðkomu á Seyðisfirði enda höfnin byggð fyrir slíka þjónustu.

Rökin fyrir þessari tilfærslu embættisins eru léttvæg. Svona smásálarlegt kropp sæmir ekki sveitarstjórnarmönnum Fjarðabyggðar sem maður hefði haldið að litu á Austurland sem eina atvinnu-, félags- og menningarlega heild.

Þeim sem svona vinnubrögð stunda er ekki treystandi í þeirri baráttu sem landsbyggðin þarf að heyja fyrir tilveru sinni. Það kreppir sannarlega víða að. Þingmenn kjördæmisins þurfa að svara því hvort þeir unnu að þessari niðurstöðu með forystumönnum Fjarðabyggðar og svara því sjálfir.

*Höfundur er íbúi á Seyðisfirði.*

# SHÍ verði afl á ný!

**UMRÆÐAN**
HÁSKÓLI ÍSLANDS



STEINDÓR GRÉTAR JÓNSSON

*Röskva vill rífa stúdentaráð upp úr þessari ládeyðu.*

Það er engum dulið hverjar aðstæður Háskóla Íslands eru. Þessi þjóðskóli, sem hefur verið grundvöllur að því þekkingar- og frumkvöðlaþjóðfélagi sem Ísland er í dag, býr við mikið fjársvelti og kröpp kjör. Þrátt fyrir eindregna ósk næstum allra innan háskólasamfélagsins, um 10.000 manns, hafa fáar og ómarkvissar kröfur heyrst opinberlega um aukin fjárframlög til háskólans. Maður hlýtur að spyrja sig af hverju öfl innan háskólans hafa ekki látið í sér heyra þegar viljinn er svona skýr og almenn samstaða ríkir um hvað þarf að gera. Af hverju virðist háskólasamfélagið opinberlega sætta sig við að hafa fátækan þjóðskóla í þessu ríka landi?

Undanfarin fjögur ár, með Vöku í meirihluta fyrstu þrjú og engan meirihluta seinasta ár, hefur stúdentaráð verið nær óvirkt afl í réttindabaráttu háskólans. Af þessu leiðir að margir hafa misst trú á háskólapólitíkina og líta á hana sem sandkassarifrildi og framapot, sem hún er já, ef meirihluti stúdentaráðs kýs að halda henni á því plani.

Röskva lítur á málin á annan hátt. Við lítum á stúdentaráð sem tæki, sem stúdentar eiga að nota í réttindabaráttu sinni. Hvað gagnast að röfla um slæma aðstöðu og fjárskort ef þessar óánægjuraddir fá ekki að heyrast út í þjóðfélagið? Að sjálfsögðu á stúdentaráð að vera virkt þrýstiafl þessara 9000 nemenda sem það er í forsvari fyrir, að sjálfsögðu á stúdentaráð að veita ráðamönnum aðhald þegar málefni háskólans eru í umræðunni og að sjálfsögðu á stúdentaráð að sjá til þess að ákvarðanir verði ekki teknar einhliða og án samráðs við þá sem þær varða, þ.e. okkur stúdentana.

Röskva vill rífa stúdentaráð upp úr þessari ládeyðu. Stúdentaráð hefur of sterkt bakland til að þegja þegar það hefur skoðun á einhverju. Ráðamenn eiga að verða að taka mark á stúdentaráði þegar það hefur upp raust sína um málefni háskólans. Það er í höndum okkar stúdentanna að reisa stúdentaráð aftur til vegs og virðingar.

*Höfundur skipar fjórða sæti á lista Röskvu til Stúdentaráðs.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is.



**BERTRAND RUSSEL (1871-1970) LÉST ÞENNAN DAG**



*„Ég myndi aldrei deyja fyrir skoðanir mínar, því ég gæti haft rangt fyrir mér.“*

*Bertrand Russel var breskur heimspekingur sem lagði áherslu á stærðfræði í kenningum sínum.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 2. FEBRÚAR 1990

# *Aðskilnaðarstefnan aflögð*

Á þessum degi árið 1990 létti F.W. de Klerk, forseti Suður-Afríku, banni á samtökum andstæðinga aðskilnaðarstefnunnar, ANC.

Þetta kom fram í ræðu forsetans við þingsetningu í Höfðaborg, en henni var sjónvarpað um allt landið. De Klerk lofaði einnig að leiðtoga ANC, Nelson Mandela, yrði sleppt úr fangelsi en nefndi þó enga dagsetningu. Ræðan markaði tímamót því þetta yrði í fyrsta sinn sem löglegt væri að mótmæla aðskilnaðarstefnunni í fjörutíu ár. Umfang umbótanna furðaði marga en auk fyrrnefndra breytinga var ritfrelsi komið á og dauðarefsingar aflagðar.

Nelson Mandela var leystur úr haldi 11. febrúar sama ár. Ári síðar aflagði de Klerk það sem eftir var af aðskilnaðarlöggjöfinni.

ANC-stjórnmálaflokkurinn var í meirihluta í fyrstu lýðræðislegu ríkisstjórn Suður-Afríku í apríl 1994. Nelson Mandela varð fyrsti blökkumaðurinn til að gegna embætti forseta Suður-Afríku í maí árið 1994. Hann var þá orðinn 75 ára gamall. Hann settist í helgan stein árið 1999 og í hans stað settist Thabo Mbeki í forsetastólinn.



**F.W. DE KLERK**

## MERKISATBURÐIR

**1536** Borgin Buenos Aires í Argentínu er stofnuð af Pedro de Mendoza frá Spáni.

**1942** Vidkun Quisling verður forsætisráðherra í leppstjórn Þjóðverja í Noregi.

**1943** Síðustu þýsku hermennirnir yfirgefa sovésku borgina Stalíngrad og gefast upp fyrir rauða hernum.

**1979** Sid Vicious, bassaleikari hljómsveitarinnar Sex Pistols deyr af völdum of stórs skammts af heróíni í New York.

**1988** Hjarta og lungu eru grædd í Halldór Halldórsson, fyrstan Íslendinga.

**1998** Fréttavefur Morgunblaðsins á Netinu, mbl.is, er opnaður.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava Evelyn Adolfsdóttir**

Austurvegi 5, Grindavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík 31. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Sveinsdóttir,**

Eyvindará, Egilsstöðum,

lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Seyðisfirði þann 29. janúar. Útför hennar verður gerð frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 4. febrúar kl. 14.00.
Fyrir hönd aðstandenda

**Sveinn Vilberg Vilhjálmsson** — **Kristín Jónsdóttir**
**Vernharður Jón Vilhjálmsson** — **Anna Birna Snæþórsdóttir**
**Þórunn Aðalbjörg Vilhjálmsdóttir**
**Vilborg Vilhjálmsdóttir** — **Eðvald Jóhannsson**
**Anna Kristín Vilhjálmsdóttir**
**Brynhildur Vilhjálmsdóttir** — **Sævar Gunnarsson**
**Þorsteinn Jökull Vilhjálmsson** — **Hrefna Frímann**
**Sigrún Margrét Vilhjálmsdóttir** — **Haraldur Bjarnason**
**Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir** — **Daníel Gunnarsson**



†

*Elskuleg móðir ekkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Lilja Ólafsdóttir**

frá Vík í Mýrdal, Vogatungu 99, áður Skjólbraut 11, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 26. janúar á Landspítalanum Fossvogi. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 15.00.

**Ragnhildur Kjartansdóttir** — **Hilmir Þorvarðarson**
**Guðmundur Ingi Ingason** — **Fanndís Halla Steinsdóttir**
**María Kjartansdóttir** — **Þór Hauksson**
**Lilja Gunnarsdóttir** — **Birgir Bjarnason**
**Rósa Gunnarsdóttir** — **Erling Hafþórsson**
**Högni Gunnarsson**
**Kjartan Hilmisson** — **Hrönn Kristbjörnsdóttir**
**Jón Bergur Hilmisson** — **Sigríður Árný Júlíusdóttir**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



**Á VINNUSTOFUNNI** Myndlistin hefur setið nokkuð á hakanum síðastliðið ár meðan Jón Axel hefur einbeitt sér að leikmyndagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## JÓN AXEL BJÖRNSSON MYNDLISTARMAÐUR: ER FIMMTUGUR

# Stjórnað af konunni

„Ég hugsa að ég geri ekki neitt. Ég veit ekki af hverju það er en ég hef aldrei verið hrifinn af veislum og veisluhöldum,“ segir Jón Axel Björnsson myndlistarmaður sem er fimmtugur í dag en finnst afmælisdagar ekkert merkilegri en aðrir dagar ársins. Hann segist þó ekki alltaf komast upp með að sleppa veisluhöldum og stundum hafi krakkarnir hans tekið fram fyrir hendurnar á honum. Man hann sérstaklega eftir því þegar honum var komið á óvart á fertugsafmælinu sem hann var löngu búinn að gleyma að væri að renna upp. Hann á þó ekki von á að neitt verði aðhafst að þessu sinni enda allir á kafi í vinnu.

Undanfarið ár hefur Jón Axel unnið að leikmyndum fyrir þau verk sem kona hans Edda Heiðrún Backman leikstýrir. Má þar nefna Svik eftir Harold Pinter í Leikhúsi Akureyrar og Borgarleikhúsinu og Mýrarljós sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu nú í janúar. „Þetta er ágætlega skemmtileg vinna. Fólkið er skemmtilegt og tilveran í leikhúsinu á margan hátt skemmtileg líka,“ segir Jón Axel og líkir því við míníútgáfu af lífinu sjálfu þar sem miklar tilfinningar ríki og skapandi vinna fari fram.

Jón Axel hefur starfað sem myndlistarmaður stærstan hluta lífs síns og segir nokkurn mun á því og að vinna í leikhúsi. „Stærsti munurinn fyrir mig er að fara úr allri ákvarðanatöku einn og yfir í að sitja fundi og hlusta á hvað leikstjórinn hefur að segja og koma þessu saman inn í heildina,“ segir hann og líkar vel að starfa með konu sinni. „Þetta gengur vel um leið og maður er búinn að læra að það er einhver stjóri í þessu og maður er farinn að hlýða grunnreglunum,“ segir hann glettinn og gæti vel ímyndað sér að starfa áfram við leikhús en þó ekki of mikið. „Það væri alger draumur að hafa eitt, tvö verkefni á ári,“ segir Jón Axel sem finnst ekki þægileg tilfinning að láta myndlistina sitja á hakanum eins mikið og verið hefur. Hann sér þó fram á að geta sinnt henni að nýju í sumar. „Ætli það endi ekki á því að ég verði myndlistarmaður í sumarfríum og verði hinn raunverulegi sunnudagsmálari,“ segir Jón Axel og hlær.



†

**Kolbrún Friðþjófsdóttir**

kennari, frá Litluhlíð á Barðaströnd,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi 30. janúar 2006. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 6. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúkra.

**Jóhann Þorsteinsson**
**Sigurður Barði Jóhannsson** — **Valgerður Vésteinsdóttir**
**Steingerður Jóhannsdóttir** — **Árni B. Emanúelsson**
**Áróra Jóhannsdóttir**
**Friðþjófur Jóhannsson** — **Áslaug Ólöf Þórarinsdóttir**
**Júlíus Ragnar Pétursson** — **Renata Pétursson**
**og fjölskyldur.**


birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
- allt að 50% afsláttur
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S.HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## ANDLÁT

**Atli Sigurðsson**, Bólstaðarhlíð 46, Reykjavík, lést laugardaginn 28. janúar.

**Margrét Sveinsdóttir**, Eyvindará, Egilsstöðum, lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands, Seyðisfirði, sunnudaginn 29. janúar.

**Ágústa Engilbertsdóttir**, lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 30. janúar.

**Anna Pálína Jónsdóttir**, Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, andaðist mánudaginn 30. janúar.

**Brynjólfur S. R. Brynjólfsson** varð bráðkvaddur á Kumbaravogi, Stokkseyri, aðfaranótt mánudagsins 30. janúar.

**Jón Sigurður Pétursson** vélstjóri, Teigagerði 1, Reykjavík, lést mánudaginn 30. janúar.

**Kolbrún Friðþjófsdóttir** kennari frá Litluhlíð á Barðaströnd, lést á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi mánudaginn 30. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Daði Snær Arnþórsson**, Dalalandi 3, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.00 **Marinó Guðmundsson**, Hrísateigi 19, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

14.00 **Guðmundur Teitsson**, Akurgerði 6, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

14.00 **Jónas Pétur Jónsson** skipstjóri frá Eyri í Reyðarfirði, verður jarðsunginn frá Reyðarfjarðarkirkju.

## AFMÆLI



**Sigurbjörn Bárðarson** tamningameistari er 54 ára.



**Kjartan Guðjónsson** leikari er 41 árs.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1882** James Joyce skáld.



**1905** Ayn Rand, rithöfundur og heimspekingur.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Sigurður Pétursson,**

vélstjóri, Teigagerði 1, Reykjavík,

lést að heimili sínu 30. janúar. Útför hans verður frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 9. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karitas. Tekið er á móti framlögum í síma 551-5506 milli klukkan 9-10 alla virka daga.

**Herdís Sigurjónsdóttir**
**Magni Sigurjón Jónsson** — **Kristín Björnsdóttir**
**Þorbjörg Jónsdóttir** — **Jóhannes Á. Kristinsson**
**Borghildur Anna Jónsdóttir**
**Pétur Jónsson** — **Sigrún Ólafsdóttir**
**Helga Björk Jónsdóttir** — **Daníel B. Gíslason**
**Áki Ármann Jónsson** — **Alda Þrastardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Febrúartilboð



FRÁBÆRT VERÐ!

**Aðeins 9.990.-**

## Prentari
**HP Laser Jet 1020**
Vörunúmer: okq5911a

- Prenttækni: Monochrome laser
- Hraði: 14 bls. á mín.
- 10 sek.í fyrstu síðu út eftir kaldræsingu eða heitur
- Örgjörvi: 234 MHz RISC
- Upplausn: 1200x1200 dpi
- Tungumál: Host-based printing
- Sparnaðarstilling: 50% duftsparnaður
- Mánaðarnotkun: 5.000 bls.
- Innbakki: 150 bls. + 1 bls. forgangsbakki
- Útbakki: 100

## Merkipennar fyrir geisladiska
**4 merkipennar.**
Vörunúmer:108cdrp4



80% afsláttur!

ÓDÝRT **195,-**
*Verð áður 985,-*



**3 ÁR** Þriggja ára ábyrgð

## Fartölva
**HP nx6125** Vörunúmer: okpy420ea

- Örgjörvi: AMD Sempron 3100+ (1.8Ghz)
- Skjár: 15” XGA 1024x768
- Minni: 512MB DDR RAM (2x256)
- Harður diskur: 60GB 4200rpm SMART
- Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Skjákort: ATI Mobility Radeon X300, allt að 128MB
- Netkort: NetXtreme 10/100/1000 netstýring og
- 802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)
- Bíómetrískur fingrafaralesari
- Mótald: 56K Mótald með digital line guard
- Tengi: PCCARD I/II, ExpressCard, VGA, lás, Firewire
- Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
- 3 USB 2.0, tengi fyrir Travel rafhlöðu, docking
- 6-1 kortalesari: SD (Secure Digital), MMC (MultiMediaCard), Memory Stick,
- Memory Stick Pro, Smart Media, xD-Picture card
- Rafhlaða: 6-Cell Lithium-Ion rafhlaða
- Rafhlöðuending: Allt að 4klst. (allt að 9klst. ef
- bætt er við HP Travel rafhlöðunni)
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskt lyklaborð
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Professional
- Þyngd: 2.7kg
- Ummál: 31 x 328 x 267 mm
- **Ábyrgð: 3ja ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í evrópu EMEA)**

**99.990,-**

## Geisladiskar frá Verbatim
**700MB 52 hraða.**
**100 stk á spindli.**



ÓDÝRT **4.995,-**

## Fartölvuvinnustöð frá Aidata
**Snjöll lausn sem gerir vinnuaðstöðuna við fartölvuna þægilegri. Tengibox fyrir 4 USB tengi eru á standinum.**
Vörunúmer: 006ns004u

**1.995,-**



FRÁBÆRT VERÐ!

## Geisladiskahulstur
**Slim CaseHulstur utan um geisladiska, 10 í pakka.**
Vörunúmer:006ccd1-10

**195,-** *Verð áður 595,-*



68% afsláttur!

## Skúffuskápur frá Han
**Með 4 skúffum.** Vörunúmer: 3501010/3501001

**2995,-**



FRÁBÆRT VERÐ!

Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14

# Office 1 Superstore

**Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is**

**Verð geta lækkað án fyrirvara**





# STUÐ MILLI STRÍÐA Veturinn kvaddur

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR ÞRÁIR VOR



Veturinn leggst aldrei neitt sérstaklega vel í mig. Sama hversu vel ég reyni að taka á móti honum á hverju ári, endar hann alltaf eins og alltof drukkni leiðinlega röflandi gesturinn í partíinu sem fer síðastur heim. Hann er kominn á það stig núna, og mig langar til þess að hann fari. Skammdegið getur vissulega verið kósí, norðurljósin falleg og snjórinn heillandi, en þannig er bara ekki veturinn í Reykjavík. Hann er grár, blautur og þreyttur. Vissulega er það hálfnöturlegt að búa hér þegar maður er lítið gefinn fyrir veturinn, en maður lætur sig bara hafa það. Vorið kemur alltaf að lokum, og ég er nokkuð viss um að vorið fari alveg að koma. Ég sver það. Máli mínu til stuðnings vil ég benda á álftirnar á Seltjarnarnesi sem eru óvenju snemma á ferð, og í gær rakst ég á heilan her vorlauka sem voru komnir upp úr moldinni og munu blómstra fljótlega. Þessi litla vonarglæta hefur gert kraftaverk fyrir lundarfar mitt, mig langar allt í einu, pínulítið meira en vanalega, að fara á fætur á morgnana og er farin að trúa því að fyrr en varir muni sólin mæta mér brosandi þegar ég dreg frá einn daginn. Vá, hvað það verður æðislegt að sjá aftur til sólar. Mér finnst núna eins og ég sé við það að bresta í söng og allir þeir sem sitja í kringum mig muni taka undir, stökkva upp á borðin sín og við taka saman eitt gott söng- og dansatriði. Í dansandi pasteltónum, mun atriðinu ljúka með hlátrasköllum og fólk valhoppa aftur til vinnu sinnar. Þið sem lesið þetta gætuð meira að segja raulað með.

Ókei, ég er aðeins að missa mig núna, en ég verð bara að láta það eftir mér eitt augnablik að gleyma því að vorið sé í rauninni langt undan, laukarnir eigi sennilega eftir að drepast áður en þeir blómstra og veturinn eigi eftir að hanga hérna örlítið lengur.






## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 6 | | | | 4 | | 8 |
| | | | 5 | | 1 | | | |
| | 5 | | | 8 | | | 9 | |
| 6 | | | | | | | | 2 |
| 8 | 2 | | 6 | | 7 | | 4 | 5 |
| 7 | | | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 7 | | | 6 | |
| | | | 1 | | 8 | | | |
| 3 | | 2 | | | | 8 | | 4 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 4 | 3 | 5 | 9 | 8 |
| 8 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 2 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 |
| 1 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 4 |




# Burstaðu betur!



## Tannverndardagar

verða í verslunum Hagkaupa 1.-7. febrúar.

**20% afsláttur við kassa**

burstaðu betur



Colgate



Ráðgjafar um bætta tannhirðu verða í verslunum okkar og veita góðar ráðleggingar.



Oral-B



zendium



Crest



Aquafresh



Oral-B



REACH

Gildir til 7. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval ....

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 16.00**

***Curver Thoroddsen** fjallar um sýningu sína í Nýlistasafninu og ræðir við sýningargesti. Um kvöldið verða tvennir tónleikar þar sem Curver flytur annars vegar djassplötuspunaverk og hins vegar tilraunakennda raftónlist.*

# menning

menning@frettabladid.is



**ANTONIA HEVESI OG KATHARINA TH. GUÐMUNDSSON** Þær ætla að flytja „ástarkonfekt“ frá heimaslóðum sínum í hádeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tónar að heiman

**Þær Kahtarina Th. Guðmundsson og Antonia Hevesi ætla að bjóða upp á ástarkonfekt frá Austurríki og Ungverjalandi í hádeginu í dag.**

„Við erum báðar frá þessum slóðum. Þess vegna gerum við þetta svona,“ segir Katharina sem er sópransöngkona frá Austurríki, fædd og uppalin í Salzburg. Píanóleikarinn Antonia Hevesi er aftur á móti fædd í Ungverjalandi en hefur búið hér á landi árum saman. Hún hefur verið listrænn stjórnandi og píanóleikari hádegistónleikaraðar Hafnarborgar frá því í ágúst 2002.

„Það verður kraftur í þessu hjá okkur. Við ætlum til dæmis að flytja eitthvað eftir Mozart, Johann Strauss og Franz Lehar og svo eitthvað ungverskt líka.“

Katharina býr í Vínarborg ásamt eiginmanni sínum, Einari Th. Guðmundssyni barítónsöngvara. Hann er fastráðinn við Volksoper, Þjóðaróperuna í Vín, en er kominn til landsins að þessu sinni til þess að syngja í Öskubusku, óperu Rossini sem Íslenska óperan frumsýnir á sunnudagskvöld.

„Þá hugsaði ég með mér: úr því ég er söngkona, þá skulum við gera eitthvað.“

Hún hyggur á frekara tónleikahald hér á landi meðan hún dvelst hér. 7. mars kemur hún fram á hádegistónleikum í Íslensku óperunni og þá verður hún með eiginmann sinn með sér. Þau ætla meðal annars að syngja dúetta úr ýmsum óperum.

„Sópran og barítón geta gert svo margt saman.“

## Sjálfsmynd kvenna

Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent í spænsku, hefur nýverið gefið út bókina „La reformulación de la identidad genérica en la narrativa de mujeres argentinas“, eða Endurskoðun sjálfsmyndar kynjanna í ritverkum argentínskra kvenna. Í bókinni gerir Hólmfríður grein fyrir rannsóknum sínum á argentínskum samtímabókmenntum og færir rök fyrir því að í þeim hefði mátt sjá fyrir uppþotin í árslok 2001 þegar hundruð þúsunda manna, undir forystu argentínskra kvenna, gerðu borgaralega uppreisn gegn stjórnvöldum. Í hádeginu í dag ætlar hún að kynna bókina í fyrirlestri sem hún flytur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í Lögbergi, stofu 102.

Hólmfríður sýnir í bókinni fram á að aukna samkennd og samstöðu kvenna megi rekja til aukins sjálfstyrks og jákvæðrar sjálfsímyndar og að þessir þættir séu forsendur þess að konurnar ákváðu að grípa til sinna ráða. Þrátt fyrir vísbendingar um yfirvofandi uppreisn kom það yfirvöldum í opna skjöldu þegar konur fylltu götur og torg Búenos Aíresborgar með skaftpotta að vopni og ærðu óeirðalögregluna með yfirþyrmandi hávaða.


Á endanum velur þú Corolla




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30781 12/2005

**Corolla tilfinningin er góð**

Síðustu 20 árin hefur Corolla verið mest keypti bíllinn. Íslendingar treysta Corolla og bera til bílsins tilfinningar sem gera það að verkum að þeir kaupa hann aftur og aftur. Kannski er svarið við spurningunni, af hverju Corolla, sú að Corolla er einstaklega ódýr bíll í rekstri, öruggur, þjónustan við eigendur er frábær – og svo er auðvitað gott að keyra hann. Kannski er svarið flóknara. Kannski eru það hinir óendanlegu möguleikar. Því þótt þú veljir Corolla þá er valið fjölþættara. Hvaða gerð af Corolla viltu, hvaða búnað, hvaða lit, hvaða skiptingu? Spurningarnar eru fleiri. Corolla er bíllinn þinn, þú ræður hvernig hann er.
**Á endanum velur þú Corolla.**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

www.toyota.is



Hatchback
Verð frá 1.685.000 kr.



Sedan
Verð frá 1.725.000 kr.



Wagon
Verð frá 1.775.000 kr.



Þú getur einnig fengið Corolla Verso 7 manna
Verð frá 2.240.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

# Teikningar frá verbúð

Á árunum 1913-1915 var listamaðurinn Guðmundur frá Miðdal í verbúð í Þorlákshöfn. Í dag verður opnuð sýning á teikningum sem hann gerði á þessum tíma. Sýningin verður á Bæjarbókasafni Ölfuss í Þorlákshöfn.

Guðmundur var mjög fjölhæfur listamaður, lagði meðal annars stund á höggmyndasmíði, málaralist og eirstungu. Þar fyrir utan var hann einnig mikill áhugamaður um íþróttir og stundaði þær af kappi. Mikill styrkur hans kom sér vel við sjósókn í Þorlákshöfn og reyndist hann sérlega duglegur sjómaður.

Hann setti mikinn svip á verbúðalífið, stofnaði meðal annars fimleikaflokk meðal vermanna sem fram að þessu höfðu aðallega æft glímubrögð. Einnig rak hann þá áfram við Müllersæfingar og alls konar hopp og stökk. Þá alhörðustu fékk hann til að synda með sér í ísköldum sjónum.



Meðan Guðmundur dvaldi í Þorlákshöfn teiknaði hann fjölda mynda af verbúðalífinu og eru teikningar hans ómetanleg heimild um mannlífið í Þorlákshöfn á árunum 1913 til 1916. Árið 1976 keypti Sveitarfélagið Ölfus teikningarnar sem verða á sýningunni á bókasafninu. Einnig verða þar ljósmyndir af Guðmundi í hlutverki sjómannsins og annað sem Lýdía Pálsdóttir, eiginkona Guðmundar færði sveitarfélaginu að gjöf í tilefni af 25 ára afmæli bæjarins Þorlákshafnar.

## > Ekki missa af ...

... Tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói í kvöld þar sem bandaríski fiðluleikarinn **Rachel Barton Pine** flytur fiðlukonsert eftir Joseph Joachim. Einnig flytur hljómsveitin sinfóníu nr. 6 eftir Sergei Prokofieff. Stjórnandi er **Carlos Kalmar**.

... óperunni Öskubusku eftir Rossini sem Íslenska óperan frumsýnir á sunnudagskvöldið með Sesselju Kristjánsdóttur sópransöngkonu í aðalhlutverki.

... sýningu Þjóðleikhússins á verki **Völu Þórsdóttur**, Eldhús eftir máli – Hversdagslegar hryllingssögur, sem byggt er á smásögum **Svövu Jakobsdóttur**.




**KJARTAN ÓLAFSSON TÓNSKÁLD** Vonast til þess að Myrkir músíkdagar verði áður en langt um líður haldnir víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Myrkir músíkdagar norður

**Myrkir músíkdagar hefjast núna um helgina. Hátíðin vex ár frá ári og verður nú í fyrsta sinn haldin á tveimur stöðum á landinu.**

„Þetta er fyrsta tilraunin til þess að tengja hátíðina við landsbyggðina,“ segir Kjartan Ólafsson tónskáld, sem hefur haft veg og vanda af skipulagningu Myrkra músíkdaga undanfarin ár.

„Allt frá byrjun hafa Myrkir músíkdagar verið bundnir við höfuðborgarsvæðið en nú er það tónlistarhúsið Laugaborg við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit, rétt hjá Akureyri, sem verður samstarfsaðili okkar fyrir norðan.“

Myrkir músíkdagar hefjast á laugardaginn og standa í rúma viku með tónleikum upp á hvern dag, stundum nokkrum tónleikum sama daginn. Þar af verða fernir tónleikar haldnir bæði í Reykjavík og í Eyjafirðinum.

„Á meðan hátíðin stendur fljúga listamenn og tónskáld á milli og flytja sömu dagskrána á báðum stöðunum.“ Hátíðin hefst á laugardaginn með tónleikum í Laugarborg þar sem Caput-hópurinn flytur verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Snorra Sigfús Birgisson, Tryggva Baldvinsson, Hafliða Hallgrímsson, Þorkel Sigurbjörnsson og Huga Guðmundsson.

„Sama kvöld verða opnunartónleikar í Reykjavík með kammerhópnum Atón, sem er kannski yngsti hópurinn á hátíðinni. Þau hafa verið að fara svolítið sínar eigin leiðir. Þetta er mjög spennandi hópur með mjög spennandi dagskrá.“

Fastir liðir á dagskránni eru til dæmis tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudaginn og tónleikar Blásarasveitar Reykjavíkur, sem þetta árið verða haldnir á sunnudaginn kemur í Langholtskirkju.

„Einnig verða mjög spennandi tónleikar með Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara á miðvikudaginn. Hingað kemur tónskáldið Greg Davis frá Bandaríkjunum, en hljóðfæravalið á þessum tónleikum er með ólíkindum. Við erum í vandræðum með að finna tæki til þess bara að hengja hljóðfærin upp.“ Tinna leikur þar á undirbúið píanó, sem þýðir að búið verður að skrúfa alls konar hluti inn í píanóið.

„Tónleikarnir heita Náttúruljóð, því þetta verður mjög undarlegur og ansi spennandi hljóðheimur.“

Kammersveit Reykjavíkur mun síðan ljúka hátíðinni með tónleikum í Ými sunnudaginn 12. febrúar.

„Venjulega hefur hún byrjað hátíðina en lýkur henni núna út af þessari samvinnu við Laugarborg,“ segir Kjartan, sem á sér þann draum að Myrkir músíkdagar verði innan fárra ára haldnir víða um land.

„Við sjáum framtíðina þannig fyrir okkur að hóparnir fari hringinn um landið. Myrkir músíkdagar gætu þá verið á hringferð um allt landið. Þetta yrði alls ekki óframkvæmanlegt en kallar á víðtækari skipulagningu heldur en verið hefur, þegar hátíðin er bara bundin við einn stað.“



**KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR** Venjulega hefur það verið Kammersveit Reykjavíkur sem opnar Myrka músíkdaga, en í ár sér hún um lokatónleika hátíðarinnar.

ÓSKUBUSKA

ÓSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
KYNNING FYRIR SÝNINGU (fyrir utan frumsýningu)
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN




BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka Valka · Belgíska Kongó · Woyzeck

| Stóra svið | Nýja svið/Litla svið |
|---|---|
| **SALKA VALKA** | **MANNTAFL** |
| Í kvöld kl. 20 AUKAS. Fi 16/2 kl. 20 AUKAS. | Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING |
| **WOYZECK** | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| AUKASÝNINGAR<br>Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20<br>Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20 | Fi 16/2 kl. 20 UPPS. Fö 17/2 kl. 20 UPPS.<br>Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20 |
| **KALLI Á ÞAKINU** | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS.<br>AUKASÝNING Su 5/2 Kl. 17 UPPSELT. | Lau 4/2 kl. 20 UPPS. Su 5/2 kl. 20 UPPS.<br>Fi 9/2 kl. 20 UPPS. Fö 10/2 kl. 20 UPPS.<br>Lau 11/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20<br>Su 19/2 kl. 20 Fi 23/2 kl. 20 |
| **CARMEN** | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20<br>Fö 10/2 kl. 20 Su 19/2 kl. 20<br>Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Fö 3/3 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 Su 12/2 kl. 20<br>Mi 1/3 kl. 20 |
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | **NAGLINN** |
| Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT<br>Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT<br>Lau 18/2 kl. 14 Su 19/2 kl. 14 | Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 UPPSELT<br>Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20<br>Su 19/2 kl. 20 Lau 25/2 kl. 20 UPPSELT |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Í kvöld fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 örfá sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2. lau. 25/2 nokkur sæti laus. **Síðustu sýningar. Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 5/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fim. 2/2 **uppselt**, fös. 3/2 **uppselt**, lau. 4/2 **kl. 16:00 uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 5/2 **uppselt**, þri. 7/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, fim. 9/2 **uppselt**, fös. 10/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 11/2 kl. 17:00** nokkur sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt. Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.** Þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 18/2 kl. 17:00** nokkur sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 25/2 kl. 17:00** örfá sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**.
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 5/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt. Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlestrum.** Sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Pinter í stað Schlingensiefs

Af óviðráðanlegum orsökum getur ekki orðið af sýningu leikstjórans og myndlistarmannsins Christophs Schlingensief, Ragnarökum 2010, í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð í vor. Því hefur verið ákveðið að taka til sýningar nýjasta verk Harolds Pinter, Celebration.

Undirbúningur fyrir Ragnarök 2010 hefur staðið í um hálft ár, en í síðustu viku tilkynnti Schlingensief leikhúsinu að af samvinnu gæti því miður ekki orðið, þar sem hann kysi fremur að einbeita sér að verkefnum á sviði myndlistar að svo stöddu.


**HAROLD PINTER** Nýjasta verk hans verður sýnt í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð í vor.

Þjóðleikhúsið hefur því í stað sýningar Schlingensiefs ákveðið að setja á svið nýjasta leikrit Harolds Pinter, sem hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum nú í lok síðasta árs. Verkið heitir á frummálinu Celebration og hlaut þá umsögn gagnrýnenda þegar það var frumflutt í London að það væri fyndnasta og aðgengilegasta verk þessa frábæra leikskálds í langan tíma.


**KIMONO** Hljómsveitin Kimono heldur tvenna tónleika í Reykjavík í kvöld og annað kvöld.

# Kimono lætur ekki slá sig út

Hljómsveitin Kimono heldur tvenna tónleika hér á landi til að hita upp fyrir tónleikaferð sína um Evrópu sem hefst á þriðjudag.

Sveitin hefur dvalið í Berlín undanfarna mánuði og fór meðal annars í vel heppnaða tónleikaferð um Þýskaland í nóvember og desember.

„Við höfum eiginlega ekkert verið að spila á landinu síðan á Airwaves. Það er alveg tilvalið að spila á heimavelli og byggja upp móralinn fyrir ferðina,“ segir Gylfi Blöndal úr Kimono. „Þetta hefur gengið vonum framar,“ segir Gylfi um dvölina í Berlín. „Við renndum blint í sjóinn með þetta og fórum út með tvær hendur tómar. En við vorum þrusuheppnir og fórum í góðan túr til Þýskalands. Blöðin eru líka dugleg að taka eftir okkur og við fengum góða athygli vegna nafnamálsins. Það skemmdi ekki fyrir.“ Vísar Gylfi þar í mál sem samnefnd hljómsveit frá Berlín höfðaði gegn Kimono. Fór það þannig að hin íslenska Kimono bar sigur úr býtum.

Nýjasta plata Kimono, Arctic Death Ship, kemur út í Evrópu 8. febrúar og er tónleikaferðin liður í að kynna hana. Kemur hún út á vegum Bad Taste í Bretlandi og sér fyrirtækið Rough Trade um dreifingu. Eftir ferðina ætla einhverjir meðlimir Kimono að flytja aftur heim og mun þá eitthvað hægjast á lengri tónleikaferðum sveitarinnar.

Að sögn Gylfa er ný plata í undirbúningi. Verður hún hugsanlega tekin upp í Vilnius í Litháen. „Það er gaman að komast í nýtt umhverfi. Íslensku jöklarnir og fossarnir henta okkur illa hvað innblástur varðar, öfugt við marga aðra. Það hentar miklu betur að hafa rússnesku mafíuna á glugganum en lóuna,“ segir hann í léttum dúr.

Fyrri tónleikar Kimono hér heima verða í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld klukkan 22.00. Jakobínarína hitar upp og er miðaverð 750 krónur. Síðari tónleikarnir verða annað kvöld í Hellinum í Tónlistarþróunarmiðstöðinni klukkan 20.00. I Adapt mun hita upp og er miðaverð 500 krónur.

freyr@frettabladid.is




HIMNARÍKI
3. feb.
4. feb.
10. feb.
11. feb.
eftir Jón Atla Jónasson
2. feb.
5. feb.
*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*
EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Vestmanneyjar:
21. feb kl. 9 uppselt
kl. 11 uppselt
kl. 13 uppselt
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

# Anna heldur áfram hreingjörningnum

Litakonan Anna Richardsdóttir stendur á laugardaginn fyrir sýningunni „Alheimshreingjörningur í 10 ár“ sem haldin verður í Ketilhúsinu á Akureyri.

Verkefnið hófst árið 2004 og er þetta annað árið af tíu. Fjölmargir listamenn eru þátttakendur í Alheimshreingjörningnum og senda inn verk.

Síðan 1999 hefur Anna verið að flytja listaverkið „Hreingjörning“ á mismunandi vegu víðs vegar um heim. Í fyrstu var um að ræða verk sem hún flutti vikulega í miðbæ Akureyrar í heilt ár, síðan fór hún að þrífa allan heiminn í boði ýmissa listahátíða.

Sýningin í ár hefst á „hreingjörningum“ nokkurra akureyskra listamanna. Þeir eru Elsa María Guðmundsdóttir, Box-konurnar þær Hanna, Dögg og Karen, Tobba úr Frúnni í Hamborg, Gustavo Manuel Pérez Dénis, Joris Jóhannes Rademaker og Jóhann Friðriksson og tveir kafarar, Tómas Knútsson og Erlendur Bogason, sem fremja gjörninga á sýningunni.

Tómas Knútsson er með það markmið að hreinsa allar hafnir og fjörur landsins á 10 árum. Hann mun kafa niður í Akureyrarhöfn klukkan tólf á hádegi við Torfunefsbryggju og leita að óhreinindum. Erlendur Bogason, sem starfar meðal annars við að hreinsa Akureyrarhöfn, mun kvikmynda gjörninginn og myndirnar verða sýndar á sýningunni. Einnig verða sýndar slides-myndir úr Akureyrarhöfn eftir Erlend þar sem áhorfendur geta sjálfir dæmt um hvort gamalt skipsflak í höfninni sé óhreinindi eða fagrar sögulegar minjar.


**ANNA RICHARDSDÓTTIR** Á laugardaginn stendur hún fyrir „alheimshreingjörningi“ á Akureyri.

Þá mun Jóhann Friðriksson hugvitsmaður opna heimasíðuna www.cleaning.is sem hann hefur hannað sérstaklega tileinkaða „Alheimshreingjörningi 10 ár“ ásamt því að vera með gjörning.

Anna verður með sinn hreingjörning í landi og á sjó.

Sýningin verður aðeins þennan eina dag.

# Súkkulaðimetall

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Ég hef alltaf undrast þá löngun sumra gítarleikara að keppast við að spila gítarskala sem hraðast.

Minnir mig alltaf óþægilega á þær stundir þegar var verið að velja í lið í fótbolta í leikfimi á grunnskólaárum mínum. Þá botnaði ég ekkert í þeim sem reyndu hvað þeir gátu til að vera valdir fyrstir í lið. Ég var alltaf einn af þeim sem menn þurftu að sætta sig við að hafa í liðinu sínu, vegna þess að mér var alveg sama hvort liðið mitt væri að vinna eða tapa.

Þegar kappakstursgítarleikararnir stofna svo hljómsveitir þá endar það alltaf með því að flest lögin innihalda óþarfa gítarsóló hér og þar sem þjóna lögunum á engan hátt. Þetta einkennir metalsveitina Bullet for My Valentine. Hljómur þeirra er eins bandarískur og hægt er að ímynda sér. Miðað við að þetta sé fyrsta breiðskífa sveitar, hljómar hún alveg merkilega slípuð og fínpússuð. Fyrir mér er það ekki góður metall, eins og að drekka kókómjólk í stað þess að fá hana beint úr kúnni. Tónlistin er líka undir töluverðum áhrifum frá bandarísku háskólarokki. Söngvararnir tveir fara frá því að öskra úr sér lungun yfir í væmnar melódíur fyrir táningsstúlkurnar. Þetta er einfaldaður metall sniðinn fyrir MTV. Of mikið Spinal Tap fyrir minn smekk.

En á maður bara að horfa á björtu hliðarnar? Kannski er einhvers staðar þarna úti unglingur í uppreisnarhug gegn einhverju sem hann kann ekki að orða. MTV er ennþá heillandi og annað slagið sér hann þessa sveit og finnst eitthvað heillandi við riffin og hraðann. Verður metalhaus og byrjar að róta í plötusafni pabba síns og í næstu plötubúð.

Þá er kominn grunnur þess að hann geti hætt að hlusta á svona súkkulaðimetal og farið að hlusta á almennilega tónlist á borð við Sepultura eða System of a Down.

**Birgir Örn Steinarsson**




**BULLET FOR MY VALENTINE: THE POISON**

NIÐURSTAÐA:

Frumraun Bullet for My Valentine er sniðin fyrir MTV, hvort sem ykkur líkar það betur eða verr. Hljómar fínpússuð og gerilsneydd.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

30 31 1 **2** 3 4 5

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Katharina Th. Guðmundsson** sópransöngkona syngur með **Antoniu Hevesi** píanóleikara á hádegistónleikum í Hafnarborg.

☐ 19.30 Fiðluleikarinn **Rachel Barton Pine** er einleikari í fiðlukonsert eftir Joseph Joachim, sem **Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur í Háskólabíói. Einnig flytur hljómsveitin sinfóníu nr. 6 eftir Sergei Prokofieff. Stjórnandi er **Carlos Kalmar**.

☐ 20.00 **Hanna Björg, Hlynur Vals, Matti Óla, Óli Þór, Rúnar Júlíusson, Svavar Knútur** og **Tabula Rasa** koma fram á styrktartónleikum sem haldnir verða á Ránni í Keflavík í nafni níu mánaða gamallar stúlku, Bryndísar Evu.

☐ 20.00 Hljómsveitirnar **Út-exit** og **Mótýl** spila á Fimmtudagsforleik í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5.

☐ 21.00 **Djassverkefnið** í Nýlistasafninu. **Curver Thoroddsen** flytur djassspunaverk gert með plötuspilurum á sýningu sinni. Klukkan 22 hefjast aðrir tónleikar þar sem Curver flytur tilraunakennda raftónlist.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Kimono** heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum. Sérstakir gestir verða **Jakobínarína**.

### OPNANIR

☐ 18.00 Sýning á teikningum eftir **Guðmund frá Miðdal** verður opnuð á Bæjarbókasafni Ölfuss í Þorlákshöfn.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 **Hólmfríður Garðarsdóttur** kynnir nýútkomna bók sína um endurskoðun sjálfsmyndar kynjanna í ritverkum argentínskra kvenna, í fyrirlestri sem hún flytur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í Lögbergi stofu 102.

☐ 17.00 **Jonathan Bell** landslagsarkitekt heldur fyrirlestur um landslagshönnun í Listaháskólanum, Skipholti 1, stofu 113.

☐ 21.00 "Slökktu á glamri hugans" nefnist fyrirlestur sem þau **Alexander Schwarz** og **Sabine Burger** eru með í Ljósheimum, Brautarholti 8. Þar kynna þau meðferðarform þar sem notaðar eru sérstaklega stilltar tónkvíslar til að öðlast innri frið og djúpa slökun.

### SÝNINGAR

☐ 16.00 Listamannsspjall í Nýlistasafninu. **Curver Thoroddsen** fjallar um sýningu sína og ræðir við sýningargesti.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**DEUS** Hljómsveitin Deus heldur tónleika á Nasa 6. apríl næstkomandi.

# dEUS til Íslands

Belgíska hljómsveitin dEUS heldur tónleika á skemmtistaðnum Nasa 6. apríl næstkomandi. Eins og Fréttablaðið greindi frá í byrjun desember hafði sveitin áhuga á að spila hér á landi og nú hafa tónleikarnir verið staðfestir.

dEUS kemur hingað til lands eftir tónleikaferð sína um Bandaríkin til að fylgja eftir fjórðu breiðskífu sinni, Pocket Revolution. Platan verður gefin út í Norður-Ameríku 7. mars. Eftir tónleikana á Íslandi mun sveitin spila í Frakklandi 21. apríl. dEUS sló í gegn með fyrstu plötu sinni, Worst Case Scenario, sem kom út árið 1994. Þar var meðal annars að finna lögin Suds & Soda og Hotellounge (Be the Death of Me), sem bæði nutu mikilla vinsælda. Næsta plata, In a Bar Under the Sea, kom út tveimur árum síðar og þótti heldur myrkari en frumburðurinn. Á plötunni The Ideal Crash kvað síðan við léttari og poppaðri tón en áður. Kom hún út fyrir sex árum og allar götur síðan hafa aðdáendur dEUS beðið spenntir eftir nýju efni frá þessari virtu rokksveit.

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
PRAVDA
Breakbeat.is á fimmtudagskvöld:
KALLI/LELLI/EWOK sjá um dúndrið
100 fyrstu fá óvæntan glaðning
í boði MARCUS INTALEX
GRAND ROKK
Opnar aftur í dag eftir smá frí.
Spurningakeppnin á föstudag
og allt annað á sínum stað
MEIRA UM DJAMMIÐ Á
Heineken.is



*„It‘s time to prove to your friends that you‘re worth a damn. Sometimes that means dying, sometimes it means killing a whole lot of people.“*

- Clive Owen fer eftir einföldum en ákveðnum lífsreglum í hlutverki erkitöffarans Dwights í Sin City.



# bíó

bio@frettabladid.is

## *Maðurinn sem átti að verða Bond*

Í allri umræðunni um hvaða leikari ætti að feta í fótspor Pierce Brosnan sem leyniþjónustumaðurinn James Bond kom nafn Clive Owen oftar en ekki upp. Margir hrifust af honum og stjarna hans var ekki farinn að skína það skært á þeim tíma. Owen hafði þá leikið í mynd Roberts Altman, Gosford Park, en ekki hlotið mikla athygli fyrir. Hlutverk hans sem illmenni í Bourne Identity þótti ekki bitastætt enda drap Matt Damon hann fyrir rest. Margir í hans stöðu hefðu því fengið augastað á að þjóna hennar hátignar til að efla ferilinn en til þess þurfti þó ekki að koma því nú hefur hann slegið í öðrum bitastæðari hlutverkum.

Owen var þekktur sjónvarpsleikari í Bretlandi og hefur leikið í nokkrum vinsælum þáttaröðum og myndum en frægð hans náði ekki langt út fyrir landsteinana. Owen var fyrst og fremst sviðsleikari og gat sér góðs orðs sem slíkur áður en draumaverksmiðjan í Hollywood tók hann upp á sína arma. Eftir að hafa lokið námi í Royal Academy of Dramatic Art gekk leikarinn til liðs við Young Vic Theatre Company og lék þar Rómeó. Hugur hans stefndi alltaf að kvikmyndaleik og eftir að King Arthur sló í gegn opnuðust allar flóðgáttir fyrir hann.

Strax á eftir fylgdi kvikmyndin Closer með Juliu Roberts, Natalie Portman og Jude Law en Owen og Portman voru bæði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í myndinni. Velgengni Sin City eftir Robert Rodriquez tryggði honum síðan fasta vinnu við kvikmyndir um óákveðinn tíma.



**CLIVE OWEN** Hefur á örskömmum tíma orðið að heimsfrægri kvikmyndastjörnu eftir að hafa getið sér góðs orðs fyrir leik á sviði og sem einn af hirðleikurum BBC.

### > Ekki missa af...

A Little Trip to Heaven eftir Baltasar Kormák. Myndin skartar Forest Whitaker í aðalhlutverki sem fer hamförum sem Abe Holt. Loksins, loksins er komin íslensk mynd þar sem tæknivinna er allt að því fullkomin.



**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**Derailed**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 5,8 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 21% / Rotin |
| Metacritic.com | 6,3 / 10 |



**Walk the Line**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 8,0 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 83% / Fersk |
| Metacritic.com | 8,0 / 10 |

# Goðsögnin vaknar til lífsins á ný

**Fátt er Bandaríkjamönnum jafn hugleikið og fallnar hetjur. Skiptir engu hvort það eru hermenn, forsetar, íþróttamenn eða tónlistarmenn. Ekki þykir verra ef átrúnaðargoðin eru mannleg og breysk en það má með sanni segja um Johnny Cash.**

Í kvikmyndinni Walk the Line er sjónum beint að stormasömu sambandi Johnnys Cash við barnastjörnuna fyrrverandi, June Carter. Cash ferðaðist með helstu rokkstjörnum Bandaríkjanna, Jerry Lee Lewis og Roy Orbison, um landið þvert og endilangt og hafði alltaf augun á June. Hann hafði verið hrifinn af henni síðan í æsku þegar hann bjó við sára fátækt og hlustaði á Carter-fjölskylduna syngja í útvarpinu. Samband Johnnys og June var um margt sérstakt, til dæmis lést Cash aðeins nokkrum mánuðum eftir að June kvaddi þennan heim. Það var löngum haft á orði að hún væri kletturinn í lífi hans og hjálparhella, en Cash hafði lengi háð harða baráttu við sykursýki.

„Frá því að Jóhannes skírari var og hét hefur ekki nokkur rödd verið jafn eftirtektarverð úti í auðninni og Johnny Cash,“ er haft eftir hinum írska Bono. Bob Dylan tekur í sama streng og segir Johnny Cash vera Bandaríkin holdi klædd. „Hann er persónugervingur þeirra,“ sagði hann í viðtali við Rolling Stone. Líklegast er þó lýsing Kris Kristofferson á honum hvað best. „Cash steig fram á sjónarsviðið og gerðist hetja þeirra sem enga hetju áttu.“

Það er leikstjórinn James Mangold sem hefur nú fært sögu Johnnys Cash yfir á hvíta tjaldið, en það hefur staðið til í tæpan áratug. Mangold og framleiðandi myndarinnar, Cathy Konrad, fréttu af því að besti vinur Cash, James Keach, ætti kvikmyndaréttinn að ævisögu tónlistamannsins. Þau tóku hann tali og Keach kom þeim í samband við Cash-hjónin. Framleiðandinn og leikstjórinn hittu þau hjónin margoft á meðan unnið var að gerð handrits fyrir myndina en það krafðist mikillar heimildarvinnu. Þau hlustuðu á sögur af rómantíkinni, rokkinu og öllum þeim erfiðleikum sem hjónakornin glímdu við á upphafsárunum. Þau hjónin drógu ekkert undan og voru heiðarleg í frásögn sinni. Cash kom alltaf til dyranna eins og hann var klæddur en skeytingarleysi hans gagnvart náunganum kom honum þó oft í koll. „Fyrsta stefnumótið við Cash og konu hans var í Hendersonville og við borðuðum með þeim morgunmat. Þau hjónin fóru með fallega bæn og sungu svo fyrir okkur,“ rifjar Mangold upp og segir að þetta hafi verið ógleymanleg stund.

Leikstjórinn var aldrei í vafa um hvaða tímabil hann vildi fjalla og voru það fyrstu ár Johnnys, frá því að hann gekk með rokkstjörnudrauminn í maganum þar til hann féll í gleymsku en náði sér aftur á strik. Hann breytti um stíl og ákvað að klæðast svörtu, svo gerði hann sér lítið fyrir og hélt tónleika í fangelsi nokkru fyrir aðdáendur sína. Þarna var goðsögnin Johnny Cash orðin til.

Joaquin Phoenix kom strax upp í huga framleiðandans þegar átti að velja í hlutverkið og var það útlitið sem heillaði hana í fyrstu. „Það var sérstakt blik í augunum á honum sem sannfærði mig um að hann væri rétti maðurinn,“ útskýrir hún. Mangold var sama sinnis og sagði að Phoenix hefði það sem til þyrfti fyrir hlutverkið. Þau voru ekkert að tvínóna við það og réðu leikarann. Vafalaust hefur aðáun söngvarans á Phoenix haft mikið að segja því hann hreifst mjög af frammistöðu leikarans í Gladiator. Sömu sögu var að segja um Reese Witherspoon, hún hafði einfaldlega rétta útlitið og það var eins og hlutverkið væri skapað fyrir hana. Þegar leikararnir höfðu verið ráðnir til starfa beið þeirra hið erfiða hlutverk að endurskapa tónleika- og sviðsframkomu Johnnys og June. Mangold varð snemma afhuga því að láta leikarana „mæma“ sönginn og sagði að það yrði of vélrænt. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum var Witherspoon logandi hrædd við að þurfa syngja en að flestra dómi gerir hún það af stakri prýði. Mesta lofið fær þó túlkun Phoenix og sagt er að hann beinlínis breytist í Johnny Cash á sviðinu.

Walk the Line hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og hlutu bæði Phoenix og Witherspoon Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína. Myndin er tilnefnd til fimm óskarsverðlauna sem afhent verða fimmta mars í Kodak-höllinni í Hollywood.

freyrgigja@frettabladid.is



**JOHNNY OG JUNE** Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon í hlutverkum sínum sem Johnny og June Cash. Samband þeirra var æði stormasamt í upphafi en þau voru óaðskiljanleg allt til dauðadags.

# Þegar örlögin grípa inn í

Charles Schine auglýsingaframleiðandi er venjulegur íbúi í Chicago. Hann er hamingjusamlega giftur og í góðri stöðu. Fer með lestinni til vinnu á hverjum morgni og lífið er í föstum skorðum. Þegar Charles missir af lestinni einn morgun gerir hann sér enga grein fyrir afleiðingunum. Framleiðandinn hittir hina fögru Lucindu sem heillar hann strax upp úr skónum. Hún er í sömu sporum og hann en þörf þeirra fyrir tilbreytingu lokkar þau til frekari kynna. Í fyrstu borða þau bara sakleysislega hádegisverði saman en svo þróast þeir út í drykk eftir vinnu og loks enda þau í ástríðufullum atlotum á hótelherbergi og þar fara ósköpin fyrst að dynja yfir fyirr alvöru.

Parið er gripið glóðvolgt af glæpamanninum LaRoche sem ryðst inn á herbergið til þeirra og gerir sér grein fyrir aðstöðu sinni. Hann fer að kúga peninga út úr Charles með ýmsum ráðum enda vill hann ekki að konan hans frétti af þessu smáskoti. Charles áttar sig hins vegar fljótlega á því að hlutirnir munu ekkert breytast nema að hann grípi til rótttækra aðgerða.

Það eru þau Jennifer Aniston og Clive Owen sem fara með aðalhlutverkin í nýjustu afurð leikstjórans Mikaels Hafström en mynd hans, Ondskan, var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin fyrir tveimur árum. Jennifer Aniston þarf varla að kynna en hún varð heimsfræg sem hluti af Vinahópnum. Fáum ef einhverjum af vinunum hefur tekist jafn vel upp og henni að brjóta sér leið fram hjá þeim hvimleiðu örlögum að vera fastur í sömu rullunni. Með önnur hlutverk fara Vincent Cassell og rappararnir RZA og Xzibit.

- fgg



**CHARLES Í VONDUM MÁLUM** Auglýsingaframleiðandinn Charles Schine kemst í vond mál þegar framhjáhald hans verður vatn á myllu glæpamanna sem nýta sér það til fjárkúgunar.


NÝTT FRÁ

ARA




STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

KRINGLAN - SMÁRALIND

# LOKADAGAR ÚTSÖLU

AÐEINS 5 VERÐ Á ÚTSÖLUVÖRUM

500 • 1000 • 1500 • 2000 • 3000

ATH. NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í VERSLUN

NEXT

KRINGLUNNI



> **Chili-olía**

*...frá L'occitane gefur heimatilbúnum salötum nýja vídd.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: INGVELDUR ÝR JÓNSDÓTTIR

## Hafragrautur með lýsi á leikskólanum

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Ég gæti ekki verið án grænmetis því ég er grænmetisæta.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ég man eftir að hafa fengið hafragraut með lýsi á leikskóla. Þá var lýsið sett út í skeiðina. Þetta var svo sjokkerandi að ég man ennþá eftir því.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Það var þegar ég borðaði dýrindis sushi á Hawai.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég er alæta, finnst allt gott. En einn daginn slokknaði á kjötgeninu í mér, get ekki borðað kjöt né fisk lengur.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Í staðinn fyrir að setja kjötkraft í sósur og súpur nota ég sojasósu sem er betra fyrir þá sem borða ekki kjöt. Það er eins og það komi dýpri kraftur úr sojasósu.

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?**
Skyr. Ég væri alveg til í að borða súkkulaði en ég reyni að halda mig frá því.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Skyr, mjólk og egg. Svo er ég ægilegur sukkari og nota rjóma út í kaffið, á því alltaf til rjóma. Auk þess eru alltaf til einhverjar grænmetistutlur hjá mér.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?**
Ég myndi taka með mér heilan poka af hnetum.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Krókódíll í Ástralíu. Hann var mjög seigur og skrítinn á bragðið. Ég hef líka borðað Andouille í Frakklandi sem er eins og pylsur nema fyllingin í þeim eru garnir, óhakkaðar. Þetta er þjóðarréttur í Frakklandi og er hann borinn fram sem gourmet-matur en mér fannst þetta algjör hörmung.



PASQUA:

## Vinsælasta ítalska vínið

Ítalska vínið Pasqua Cabernet-Merlot í þriggja lítra kössum hefur verið söluhæsta ítalska vínið á Íslandi undanfarin ár og í hópi þeirra vína sem seljast mest. Þessar miklu vinsældir hér á norðurslóðum gleðja mjög Pasqua-fjölskylduna sem fagnaði nýlega 80 ára afmæli víngerðarinnar. Pasqua Cabernet-Merlot er frá svæðinu í kringum Feneyjar á Ítalíu frá fyrirtækinu Pasqua Vigneti & Cantine sem ætíð hefur verið fjölskyldufyrirtæki og eru höfuðstöðvarnar í Verónа.

Vínið er blanda af Cabernet-Sauvignon (60%) og Merlot (40%) og er látið gerjast á stáltönkum. Um 10% blanda af Cabernet-Sauvignon er sett til hliðar og geymd á eikartunnum í 6-7 mánuði áður en vínið er fullgert. Það er létt, með krydduðu berjabragði.

*Verð í Vínbúðum 3.290 kr.*






**MANGÓKJÚKLINGUR ELVU DAGGAR** Er sérlega góður og Matthildur María og Gylfi Þór borða hann með bestu lyst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Börnin stýra eldamennskunni

Elva Dögg Melsteð, blaðamaður og lottómær, segist ekki vera neinn sérstakur frumkvöðull þegar kemur að eldamennsku þótt henni finnist eldhúsið vera hjarta heimilisins. Hún eldar þó mat á hverjum degi enda gengur heimilislífið betur ef hún gerir það. Þar er líka nauðsynlegt fyrir börn á leikskólaaldri að fá alvöru heimilismat. Það er skýr verkaskpting á heimilinu: Elva Dögg eldar hversdagsmatinn en eiginmaður hennar, Magnús Þór Gylfason, sér um veislumatinn.

„Gourmet matur er hluti af hans áhugasviði og hann getur eytt ógurlegum tíma í að dunda sér við að útbúa veislumat," segir hún og er mjög ánægð með þessa verkaskiptingu. Elva Dögg segist ofast elda það sem krökkunum hennar finnist skemmtilegast að borða.

„Hakk og spagettí er alltaf jafn vinsælt en krakkarnir eru líka hrifnir af pastaréttum. Svo reyni ég að hafa fisk reglulega."

Hún segir kjúklinginn líka alltaf jafn vinsælan og hún ætlar að gefa uppskrift af mangókjúklingi sem er ættaður frá tengdamóður hennar sem er ein af fyrirmyndunum hennar þegar matreiðsla er annarsvegar.

„Þessi kjúklingaréttur er mikið eldaður um helgar og mér finnst best að hafa brún hrísgrjón með honum og jafnvel nanbrauð. Svo er gott að hafa spínatsalat með."

Þegar hún er spurð um hvað hún þurfi að eiga í ísskápnum segir hún það nánast alltaf vera það sama.

„Ég hlæ oft að því þegar ég er í matvörubúðinni. Það er alltaf sami maturinn í körfunni eins og kjúklingabringur, hakk, grænmeti og tómatar í dós."

maratamaria@frettabladid.is

**MANGÓKJÚKLINGUR FYRIR FJÓRA**

4 kjúklingabringur eða kjúklingalundir
1 peli af rjómi (eða matreiðslurjóma fyrir þá sem eru í heilsuátaki)
1 krukka Mangóchutney, helst frá Charwood
Milt karrí eftir smekk
Slatti af pressuðum hvítlauk

Byrjið á því að skera kjúklingabringurnar í bita og steikið á pönnu ásamt hvítlauk. Þegar það er orðið vel brúnað er rjóminn settur út í ásamt mangóchutneyi. Þar næst er karríinu bætt út í og látið malla á pönnunni í dágóða stund. Gætið þess vel að það brenni ekki.

**SPÍNATSALAT**

Spínat
Parmesanostur í sneiðum
Niðursneiddar perur
Pistaðar furuhnetur.







CANTENAC-BROWN:

## Ofurvín á góðu verði á Íslandi

Chateau Cantenac-Brown er eitt þekktasta vín Frakklands og hefur notið hylli vínáhugamanna og safnara hérlendis. Ekki spillir fyrir að dýrari vín eru fremur hagstæð í innkaupum hér á landi vegna hinna flötu áfengisskatta. Ekki síst er vert að benda ferðafólki sem á leið um Fríhöfnina í Keflavík á dýrari vínin, þau eru að jafnaði um 30% ódýrari þar en í Vínbúðum. Chateau Cantenac-Brown er eitt allra vinsælasta vínið í þessum flokki í Fríhöfninni en þar kostar það 2.640 kr.

Cantenac-Brown höllin er byggð í breskum Tudor-stíl og sker sig því nokkuð úr í Margaux. Framkvæmdir voru hafnar á síðustu öld af John-Lewis Brown en hann var sonur bresks vínkaupmanns. Það var hins vegar franskur vínkaupmaður, Armand Lalande, sem lauk við byggingu hallarinnar og hélt jafnframt áfram þeirri vöndudu víngerð er Brown-fjölskyldan hóf. Voru vín Cantenac-Brown höfð með í hinni frægu flokkun ársins 1855. Þetta er vín í klassískum Margauxstíl úr þrúgunum cabernet sauvignon, merlot og cabernet franc.

*Verð í Vínbúðum 3.690 kr.*



## GLEN CARLOU:

# Talin með tuttugu bestu vínum heims

Bestu vín Suður-Afríku koma frá Paarl-héraðinu en þar eru einmitt Glen Carlou-víngarðarnir. Vínin frá Glen Carlou eru flokkuð með allra bestu vínum veraldar og hefur Diner´s Club tvívegis útnefnt framleiðandann víngerðamann ársins á heimsvísu. Glen Carlou víngerðin var stofnuð árið 1985 af Walter Finlayson sem starfað hafði sem víngerðamaður hjá bestu vínframleiðendum Suður-Afríku. Nafn fyrirtækisins er fengið úr nöfnum dætra Walters, en þær heita Lena, Carol og Louise. David, sonur Walters, hefur tekið við rekstri fyrirtækisins og ekki leið á löngu þar til hann var farinn að sanka að sér verðlaunum. Í dag eru sum vín hans talin vera ein af tuttugu bestu vínum heimsins. Öfugt við flesta vínframleiðendur Suður-Afríku notar Glen Carlou franskar vínþrúgur en ekki heimaþrúguna Pinotage. Ástæðan er sú að Walter lærði sitt fag í Frakklandi og hreifst af öllu sem gert er þar í víngerð. Vínin eru geymd í tunnum úr franskri eik. Hann bregður frá frönsku hefðinni á þann hátt að vínin eru ekki hreinsuð í tunnum, heldur er umtalsvert botnfall í vínunum sem margir telja framtíðaraðferð.



**Glen Carlou Chardonnay**

Gefur af sér suðræna angan þar sem krydd, melónur og pawpawávöxturinn eru í aðalhlutverkum. Bragð vínsins er nokkuð flókin blanda af ávöxtum og ögn af kanil. Virtasta fagtímarit heims kaus þetta vín eitt af bestu hvítvínum heims í febrúar 2004. Vínið hentar vel með öllum fiski sem borin er fram með kraftmiklum sósum og meðlæti. Eins með ostum og humarsúpu.

*Verð í Vínbúðum 1.820 kr.*



**Glen Carlou Grand Classique**

Vínið er gert úr týpískri franskri blöndu, þannig að flóknara verður það vart. Þetta er vín sem getur gengið með dökku kjöti eins og nauti eða villibráð og þurfa sósur að vera mjög bragðmiklar. Vínið er frekar þungt og mikið og þarf því að anda tölvert til að ná mýktinni fram. Með mjúkostum í rómantísku andrúmslofti er þetta vínið.

*Verð í Vínbúðum 2.180 kr.*



**Glen Carlou Shiraz**

Þetta er eitt besta nýjaheimsvínið á markaðnum um þessar mundir. Guðdómlegt vín sem hefur unnið til fjölda verðlauna eins og önnur vín frá Glen Carlou, enda er varla hægt að fletta víntímaritum án þess að þar sé minnst á þessi frábæru vín. Hentar vel með öllum bragðmiklum og pipruðum mat og nýtur sín einning vel með öllum grillmat. Súkkulaðitertur er góður kostur með þessu víni.

*Verð í Vínbúðum 2.530 kr.*

## VEITINGASTAÐURINN

### SÚPUBARINN SALVÍA

BORGARTÚNI 39, 105 RVK



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Saðsamir súpudraumar

**Hvernig er stemmingin?** Súpubarinn Salvía lætur lítið yfir sér innst inni á fjölfarinni bensínstöð Esso við Borgartún og deilir þar afgreiðsluborði og matsal með samlokurisanum Subway. Sumum gæti þótt asi bensínstöðvarinnar og hraði skyndibitakeðjunnar fráhrindandi, en andrúmsloftið kemur þægilega á óvart; er yfirvegað, ilmandi, snyrtilegt og nostursamt. Minnir eilítið á hve sælt er að lenda í þröng þar sem sáttir sitja saman; heilsuþenkjandi dömur með sælkeralagaðar súpur og listilega skreytt glóðað brauð á litlum bakka, innan um lögreglumenn, jakkalakka og önnur karlmenni sem gæða sér einnig á súpum Salvíu sem og samlokum nágrannans í smjörpappír. Umræðuefnið er fjölbreytt og veitir innsýn í ólíka afkima mannlífsins og persónugalleríið skemmtilega marglitt. Fyrir utan lofthæðarháa gluggana iðar Wall Street Íslands þar sem gaman er að sötra af súpudisk með fjármálahverfið, eril og stórhýsi þess fyrir augum.

**Matseðillinn** Fimm gómsætar, girnilegar súpur freista gesta og hver annarri unaðslegri. Hægt er að velja á milli ógleymanlegrar tómatsúpu með kjúklingabaunum, rjómalagaðrar sveppasúpu, framandi og djarfrar Tex Mex-súpu, ítalskrar grænmetissúpu og dýrindis indverskrar karrí- og kókossúpu með blómkáli. Allar súpurnar eru fallega frambornar á lekkerum bökkum með ríkulega útbúnum brauðsneiðum eða nan-brauði, en gestir geta valið um hvort brauðið sé glóðað og velja sér álegg, rifna tómata, kotasælu, rauðlauk, ost, sinnep, gúrkur og fetaost. Í viku hverri er aukreitis boðið upp á síbreytilega súpu vikunnar, sem ávallt er spennandi, saðsöm og bragðgóð.

**Vinsælast** Vinsælasta súpan hefur frá opnun Súpubarsins verið Tex Mex-súpan, borin fram með nachos-flögum, sýrðum rjóma og litríku grænmeti, en súpa vikunnar er ávallt vinsæll kostur, ekki síst hjá ört stækkandi hópi fastagesta sem gaman hafa af fjölþættum töfrabröðum og ótvíræðum hæfileikum súpugerðarmeistara Salvíu.

Súpubarinn Salvía er opinn frá 11 til 18, en stefnir á lengri opnun með hækkandi sól.



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Leitað að ungri Elvu Ósk

Framleiðendur kvikmyndarinnar Köld slóð leita nú logandi ljósi að fimm ára gamalli stúlku. Myndin fer í tökur 20. febrúar og eru á meðal leikenda Þröstur Leó Gunnarsson, Elva Ósk Ólafsdóttir og Anita Briem í aðalhlutverkum. Telpunni er einmitt ætlað að leika Elvu Ósk á bernskuárunum og þarf því að hafa svipað andlitsfall. Hún á að vera grannleit, ófeimin, ljóshærð eða skolhærð, með millisítt hár. Er það ágætis lýsing á þeirri heppnu sem hreppir hlutverkið.

Köld slóð er spennumynd sem gerist við virkjun á hálendi Íslands. Blaðamaðurinn Baldur rannsakar dularfullt dauðsfall öryggisvarðar við virkjunina. Í fyrstu er hinn harðsnúni blaðamaður hálf áhugalaus um málið en það breytist skjótt þegar móðir hans tilkynnir honum að hinn látni sé blóðfaðir hans, sem Baldur kynntist aldrei. Í trássi við ritstjóra sinn fer Baldur að virkjunni, staðráðinn í að fræðast meira um örlög föður síns og kemst þar í kynni við alls kyns óþjóðalýð.

Það er Björn Br. Björnsson sem leikstýrir myndinni og auk áðurtaldra leikara koma meðal annars við sögu Helgi Björnsson og Hjalti Rögnvaldsson. Áætlað er að frumsýna Kalda slóð í lok ársins.

- fgg



**ELVA ÓSK** Leitað er að fimm ára stelpu til að leika Elvu á bernskuárunum.
FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

**Stefán Jón Hafstein**, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, er formaður menningar- og ferðamálaráðs borgarinnar. Það þarf því ekki að koma á óvart að hann leitaði í listaheiminn eftir liðsinni og fékk Soffíu Karlsdóttur, kynningarfulltrúa Listasafns Reykjavíkur, til að stýra kosningabaráttunni fyrir sína hönd. Stefán Jón blés í lúðra á laugardaginn og hóf kosningabaráttuna með léttum fundi. Sjónvarpsstjarnan Sirrí sá um fundarstjórn og þarna mátti meðal annars sjá Ara Skúlason og Gylfa Arnbjörnsson framkvæmdastjóra. Stefán nýtur einnig stuðnings meðal skálda því á fundinum voru þeir Kristján Hreinsson og Einar Kárason. Einar Már Guðmundsson og Halldór Guðmundsson hafa einnig lýst yfir stuðningi við Stefán Jón. Það hafa María Ellingsen leikkona, Margrét Pálmadóttir kórstjóri, Jón Atli Jónasson og Andri Viðarsson líka gert, sem og Ásthildur Helgadóttir, landsliðsfyrirliði í knattspyrnu en það vekur ekki síst athygli fyrir þær sakir að hún býður sig fram á lista sjálfstæðismanna í Kópavogi. Þá hafa Sigurður G. Guðjónsson útgefandi og Sigurjón Sighvatsson verið orðaðir við stuðningsmannalið Stefáns.





SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON ÚTGEFANDI

FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

# FRÍTT FÖRUNEYTI FRAMBJÓÐENDA

Það er gott að þekkja gott fólk – einkum þegar nær dregur kosningunum. *Fréttablaðið* skautaði yfir sviðið og kannaði hverjir eru hvar þegar kemur að prófkjöri.



FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri mun hafa safnað öflugu teymi á bak við sig og Bergþór Bjarnason er kosningastjóri hennar. Fyrst skal telja upp þingmenn Samfylkingar og eru það þau Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Júlíusdóttir og Helgi Hjörvar. Þá er Steinunn Valdís sögð hafa sterka stöðu í úthverfum borgarinnar, til dæmis í Grafarvogi. Einnig nýtur hún stuðnings Þórhildar Þorleifsdóttur, Ragnheiðar Vigfúsdóttur og Kristínar Jónsdóttur, móðursystur Dags B. Eggertssonar, en þær voru allar saman í Kvennalistanum á sínum tíma. Ekki fylgir sögunni hvort önnur flokkssystir hennar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, styður hana en það gerir fyrrum aðstoðarkona hennar, Anna Kristín Ólafsdóttir. Sigurð Gylfa Magnússon og Gísla Gunnarsson sagnfræðinga þekkir Steinunn sjálfsagt frá því í Árnagarði þar sem hún sat á skólabekk, en báðir hafa þeir ritað bréf henni til stuðnings. Þá hafa Hilmar Oddsson leikstjóri og Ragnheiður Skúladóttir, deildarforseti leiklistardeildar LHÍ, einnig hvatt Steinunni til dáða.

ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR LEIKSTJÓRI



**Dagur B. Eggertsson** hefur fram að þessu verið óháður borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, og hefur hann marga góða menn á sínum snærum. Valgerður systir hans stýrir kosningabaráttunni og hefur hún, eins og bróðir hennar áður, góð tengsl í stúdentapólitíkinni þar sem hún sat í stúdentaráði fyrir hönd Röskvu. Guðmundur Steingrímsson fjölmiðlamaður og Kristján Guy Burgess, fyrrverandi blaðamaður, eru sagðir vilja veg Dags sem mestan innan borgarstjórnar og það gera líka þeir Andri Snær Magnason rithöfundur og Sigtryggur Magnason auglýsingamógúll. Dagur nýtur líka stuðnings Felix Bergssonar leikara, Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, og Hrannars B. Arnarssonar, fyrrverandi borgarfulltrúa R-listans. Þá er Jón Baldvin Hannibalsson stuðningsmaður Dags og haft er fyrir satt að Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri, styðji hann af hliðarlínunni.

bergsteinn@frettabladid.is





HILMAR ODDSSON LEIKSTJÓRI

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN



FRÉTTABLAÐIÐ / PÁLL BERGMAN

GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON FJÖLMIÐLAMAÐUR



ANDRI SNÆR MAGNASON RITHÖFUNDUR

FRÉTTABLAÐIÐ / RÓBERT

EAS

Líkami fyrir LÍFIÐ

Guðbjörg ásamt hundruðum annarra Íslendinga hafa lokið Líkami-fyrir-LÍFIÐ áskoruninni með frábærum árangri.

## Nú er komið að þér að slást í hópinn!



## Guðbjörg Jónsdóttir

Nú þegar hafa þúsundir Íslendinga fylgt Líkami-fyrir-LÍFIÐ áætluninni með frábærum árangri. Líkami-fyrir-LÍFIÐ áskorunin getur hjálpað þér að byggja upp heilbrigða og hrausta líkamann sem þig hefur alltaf langað til að eignast. Ímyndaðu þér meiri vellíðan, aukið sjálfstraust og að líta betur út en nokkru sinni fyrr á aðeins 12 vikum. Grennri og hraustari líkami er umbun sem bíður allra þeirra sem ljúka Líkami-fyrir-LÍFIÐ áskoruninni og að auki átt þú möguleika á að vinna glæsileg verðlaun m.a. utanlandsferð fyrir 2.

Það er ekki eftir neinu að bíða, þú hefur engu að tapa en til margs að vinna. Áskorunin þín byrjar núna! Skráðu þig til þátttöku í dag í síma **555-2866** (EAS deild), eða á **www.eas.is**.

Þátttökugjald er aðeins kr. 4.795.- *(raunvirði er kr. 8.470.-)* sem fæst endurgreitt* þegar að þú hefur lokið áskoruninni og skilað inn Leiðarvísinum.

Innifalið í þátttökugjaldinu er:

- 20 Líkami-fyrir-LÍFIÐ máltíðir (stangir, drykkir og drykkjarduft).
- Líkami-fyrir-LÍFIÐ hristi/drykkjarbrúsi.
- EAS málband.
- EAS æfingarmyndband.




Iceland Express
www.icelandexpress.is

Glæsileg verðlaun m.a. 18 utanlandsferðir með Iceland Express

*Skilyrði fyrir endurgreiðslu eru: Leiðarvísir þarf að vera fullgerður. 12 vikur þurfa að vera á milli "fyrir" og "eftir" mynda. Svör við spurningum þurfa að vera eins ítarleg og mögulegt er. Allar upplýsingar þurfa að vera mjög skýrar og greinilegar. Endurgreiðsla verður í formi úttektar á EAS vörum á leiðbeinandi útsöluverði hjá B.Magnússon hf.

Sjálfstraust - Vellíðan - Hreysti - Heilbrigði - Grenning - Styrkur








# Dr. Spock og Trabant með fernu

Hljómsveitirnar Dr. Spock og Trabant eru tilnefndar til fernra tónlistarverðlauna útvarpsstöðvarinnar X-FM en verðlaunahátíðin verður haldin í Austurbæ þann 23. febrúar.

Hljómsveitirnar eru meðal annars tilnefndar fyrir bestu plötuna og sem tónleikaband ársins. Dr. Spock gaf út plötuna Dr. Phil og Trabant gaf út Emotional en báðar hlutu þær mjög góðar viðtökur.

Dikta, Ampop, Jeff Who? og Jakobínarína fengu hver um sig þrjár tilnefningar. Á eftir þeim koma Lights on the Highway og The Viking Giant Show með tvær tilnefningar. ■



**TRABANT** Hljómsveitin Trabant er tilnefnd til fernra tónlistarverðlauna X-FM.



**ÞRÍR Í STUÐI** Bergþór Pálsson, Þorgeir Ástvaldsson og Raggi Bjarna koma fram á konukvöldinu.

# Það stærsta og flottasta til þessa

Hið árlega konukvöld útvarpsstöðvarinnar Létt 96,7 verður haldið næstkomandi miðvikudag í Smáralind.

Aðeins konur fá að taka þátt í gleðinni og þurfa að fylgjast með á Létt 96,7 til að næla sér í miða. „Þetta verður án efa stærsta og flottasta konukvöldið til þessa,“ segir Sigríður Lund Hermannsdóttir hjá Létt.

Þetta verður í fimmta sinn sem konukvöldið er haldið en á síðasta ári var það á Broadway. „Þarna er alltaf rosaleg stemning og mikil eftirsókn í miða. Það komast alltaf færri að en vilja. Margar konur gera ekki mikið sér til skemmtunar og því um að gera að nota tækifærið,“ segir Sigríður. „Þarna koma konur af mörgum kynslóðum og í fyrra var til dæmis kona á níræðisaldri.“

Dagskráin byrjar með fordrykk í Vetrargarðinum klukkan 19.30. Eftir það troða upp Bubbi Morthens, Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar, Regína Ósk, Leonie Tinganelli og Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór, Bjarni Arason, Auðunn Blöndal, Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson. Kynnir verður Bergþór Pálsson.

Þá verður einnig veglegt happdrætti, glæsilegar tískusýningar ásamt krýningu kynþokkafyllsta karlmanns Íslands. Sú kosning er nú í gangi á heimasíðunni visir.is.

Hlé verður gert á skemmtiatriðunum eftir um það bil klukkutímadagskrá og verða þá opnaðar verslanir fyrir gesti. Verður þar ýmislegt í boði. ■

# Ókindin væntanleg

Tölvuleikurinn Jaws Unleashed er væntanlegur fyrir Playstation 2, Xbox og PC-tölvurnar. Leikurinn endurskapar senur úr myndinni Jaws eftir Steven Spielberg. Bætir hann við nýjum persónum auk þess sem leikmenn fara í hlutverk hákarlsins og fá að upplifa ævintýrin frá sjónarhorni ókindarinnar.

Tónlistin í leiknum er hin sama og í kvikmyndinni, eða eftir hinn kunna John Williams. ■



**JAWS** Ókindin ógurlega er væntanleg í nýjum tölvuleik.






# Gömul saga og ný

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Þessa dagana keppast æstir blaðamenn við að ýta þeim sömu leið og Bloc Party fór í fyrra, og Franz Ferdinand árið áður. Lífið hefur hreinlega leikið við Arctic Monkeys frá því að slagarinn I Bet You Look Good on the Dance Floor rauk beint í efsta sæti breska smáskífulistans. Ekki slæmt fyrir stráka sem eru enn þó nokkuð undir tvítugu.

Mig grunar að það sé einmitt vegna aldursins sem blaðamenn í Bretlandi missa sig út í þá vitleysu að tala um sveitina sem einhverja sprengju í breskri tónlistarsögu. Jú, jú, þetta er virkilega flott rokkplata. Öll lögin eru hröð, grípandi og mjög spennandi. Greinilega sniðin til þess að leika undir dansi á tónleikum.

Söngvarinn Alex Turner hefur skemmtilegan stíl og skondna texta til að krydda lögin með. En það er ekkert hérna sem við höfum ekki heyrt áður, bara svo að það sé á hreinu. Ég vona þess vegna að Arctic Monkeys sé ekki framtíð bresku senunar, heldur frekar nútíð. Okkur er nefnilega farið að sárvanta nýja skapandi kynslóð sem reynir allt sem hún getur til þess að gera hlutina öðruvísi en það sem þegar er runnið til sjávar. En þar sem ég hef nú fengið útrás fyrir þennan pirring minn verð ég að taka það fram að þetta er hörku frumraun hjá Arctic Monkeys. Hér er ekki eitt slappt lag, og platan nær að gera allt það sem henni var ætlað. Það er nægilegur slagaraefniviður á þessari plötu til þess að halda Arctic Monkeys í sviðsljósinu næstu tvö árin eða svo. Þessi plata á án efa eftir að seljast í nokkur hundruð þúsundum eintaka.

En þegar allt kemur til alls, þá hljómar Arctic Monkeys bara eins og gáfaðir, allsgáðir, ungir piltar sem fíla lagasmíðar Pete Doherty í tætlur. Og eru enn nægilega graðir til þess að bæta við þungæðiskrafti sem The Libertines misstu í rugli sínu og vitleysu. Gömul saga og ný. Vonandi ná þeir að halda haus, því þetta er aðeins byrjunin á hörkuævintýri.

**Birgir Örn Steinarsson**



**ARCTIC MONKEYS**

WHATEVER PEOPLE SAY I AM, THAT'S WHAT I'M NOT

**Niðurstaða:** Arctic Monkeys er nýjasta gítarrokkæðið í Bretlandi. Þeir gulltryggja vaxandi vinsældir sínar með frumraun sem er eins og sérsniðin fyrir rokkaðdáendur í dag.

HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is



















**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| MUNICH VIP | KL. 8 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5-8-10:40 | |
| OLIVER TWIST | KL. 5-8 | B.I. 12 |
| JARHEAD | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4:20 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FUN WITH DICK & JANE | KL. 8-10 | |
| HOSTEL | KL. 10 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| OLIVER TWIST | KL. 5:40-8-10:15 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 8 | B.I. 16 |
| MARCH OF THE PENGUINS | KL. 6 | B.I. 16 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5-8:15-10:20 | B.I. 16 |
| DERAILED | FORSÝND KL. 8 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 5 | B.I. 12 |
| DOMINO | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| KING KONG | KL. 6 | B.I. 12 |

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30-8-10:30 | |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8:15-10:15 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5:30 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6 | B.I. 10 |

Háskólabíó



**BRITNEY SPEARS** Söngkonan vinsæla ætlar að koma fram í Will & Grace á næstunni.
DV-MYND REUTERS

# Britney í Will & Grace

Poppprinsessan Britney Spears ætlar að koma fram í gestahlutverki í gamanþættinum Will & Grace á næstunni. Mun hún fara með hlutverk íhaldssamrar kristinnar konu. Verður hún aðstoðarkona Jacks í spjallþætti nokkrum.

Þátturinn verður sýndur í Bandaríkjunum í apríl. Á meðal fleiri stjarna sem hafa komið fram í Will & Grace eru Cher, Jennifer Lopez og Michael Douglas. ■



**IRON MAIDEN** Rokksveitin Iron Maiden gefur á mánudag út mynddiskinn Death on the Road.

# Iron Maiden gefur út mynddisk

Rokksveitin Iron Maiden, sem hélt tónleika í Egilshöll í fyrra, gefur á mánudaginn út nýjan DVD-mynddisk sem nefnist Death on the Road.

Á disknum er að finna tónleika sem voru haldnir í Dortmund í Þýskalandi í desember árið 2003. Voru þeir hluti af tónleikaferð sveitarinnar sem nefndist Dance of Death. Á meðal laga sem sveitin tekur á tónleikunum eru Can I Play With Madness, The Number of the Beast og Run to the Hills.

Steve Harris, einn af stofnendum Iron Maiden, klippti saman myndefni fyrir diskinn og er hæstánægður með útkomuna. „Ég geri mér grein fyrir því að aðdáendur okkar hafa þurft að bíða lengur en áætlað var eftir DVD-disknum en við sættum okkur bara við það besta og aukatíminn sem við eyddum í gerð hans ætti að skila sér," sagði hann.

Tónleikarnir eru gefnir út á tveimur diskum með mismunandi hljóðupptökum auk þess sem diskur með aukaefni fylgir. Á honum er m.a. heimildarmynd um gerð plötunnar Dance of Death.

Iron Maiden er um þessar mundir að undirbúa sína fjórtándu hljóðversplötu. Hefjast upptökurnar í vor. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn Heath Ledger samþykkti að leika í myndinni Casanova vegna þess hve síðasta mynd hans Brokeback Mountain reyndi mikið á andlegu hliðina. „Það var gaman að leika í Casanova vegna þess að við þurftum ekki að taka okkur alvarlega. Ég var nýbúinn að taka upp Brokeback Mountain sem var mjög erfið á köflum. Að fara frá Calgari til Feneyja til að taka upp þessa mynd var eins og að fara í launað frí," sagði Ledger.



Leikkonan kynþokkafulla Sienna Miller segist ekki vera mikið gefin fyrir líkamsrækt. „Ég er ekki í neinu formi. Ég er virkilega löt þegar kemur að líkamsrækt. Ég hugsa rosalega lítið um þessa hluti," sagði hún.



Orðrómur er uppi um að kynbomban Pamela Anderson sé byrjuð með rapparanum Kanye West, sem er tíu árum yngri en hún. Á meðal fyrri kærasta Pamelu eru Tommy Lee, Kid Rock, fyrirsætan Marcus Schenkenberg og leikarinn Stephen Dorff.



Leikarinn Samuel L. Jackson hefur fengið nafn sitt skráð á frægðarstéttina í Hollywood. „Þetta var frábær upplifun, eitthvað sem maður spáir ekkert í sem ungur leikari," sagði Jackson sem hóf leikaraferil sinn árið 1972. Hann er 57 ára gamall.

**Veiðigræjur á heildsöluprís!**
**Lagersala í nokkra daga**

Við rýmum til fyrir nýju vörunum.
Við seljum stangir, hjól, vöðlur, skó, jakka og margt fleira á heildsöluprís í nokkra daga í Skeifunni 8



**Skeifan 8 – gengið inn á hlið hússins**

**Ótrúlega ótrúlegt verð**

Opið fimmtudag og föstudag 13 til 19
Opið laugardag og sunnudag 13 til 18

VEIÐIHORNIÐ



## Sævar æfir með ÍBV

Framherjinn Sævar Eyjólfsson er að æfa með ÍBV þessa dagana og er ljóst að hann mun ekki vera áfram hjá Þrótti á næsta tímabili. Sævar er 27 ára gamall og er enn einn leikmaðurinn sem yfirgefur Þrótt síðan félagið féll úr Landsbankadeildinni í sumar.

# sport

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSÞJÁLFARINN VIGGÓ SIGURÐSSON: SEGIR IVANO BALIC HAFA VERIÐ MUNINN Á LIÐUNUM

## Ísland er með heimsklassa handboltalið



Viggó Sigurðsson var svekktur en stoltur af strákunum sínum eftir leikinn í gær enda gáfu þeir allt sem þeir áttu í leikinn. „Það vantaði ótrúlega lítið upp á og við förum illa að ráði okkar í stöðunni sex á móti fjórum og það var hræðilegt að tapa boltanum. Annars voru Óli og Arnór úrvinda eftir mikið álag og það voru hreinlega ekki til skiptimenn fyrir þá og það kostaði sitt,“ sagði Viggó en bætti við að það hefði sitt að segja að missa Alexander fyrir leikinn og svo Einar strax í upphafi en hann byrjaði leikinn mjög vel áður en hann vankaðist eftir að hafa fengið þungt höfuðhögg.

„Annars fannst mér strákarnir hafa spilað stórkostlega og þeir geta verið stoltir. Ísland er búið að eignast frábært handboltalið sem stendur í bestu þjóðum heims. Nú þurfum við að treysta á aðra því við viljum meira. Ég hef ekki þorað að reikna of mikið fram í tímann því þetta eru allt jöfn lið hérna og það er slegist upp á síðustu sekúndu í öllum leikjum hérna,“ sagði Viggó en hann hélt vart vatni yfir Ivano Balic eins og fleiri í höllinni í St. Gallen.

„Hann vann leikinn fyrir þá og þetta er einfaldlega snillingur. Við vorum búnir að halda honum í skefjum en hann kom og skoraði öll úrslitamörkin í leiknum. Okkur vantar smá heppni en það er þannig í íþróttum að heppni er oft með góðu liðunum og þetta er eitt besta lið heims,“ sagði Viggó en bar höfuðið hátt þrátt fyrir tapið.

„Við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir að tapa með einu marki fyrir þessu liði. Maður hefði einhvern tímann verið sáttur við að tapa fyrir Króatíu með einu marki en við sáum að við gátum gert betur og því er maður örlítið svekktur,“ sagði Viggó Sigurðsson að lokum.

### > Einar úr leik

Einar Hólmgeirsson, örvhenta skytta íslenska liðsins, rotaðist í leiknum gegn Króatíu í gær og var fluttur á sjúkrahús með heilahristing. Einar fékk þungt höfuðhögg þegar hann reyndi að stöðva skot frá einum króatíska leikmanninum og féll við í jörðina með andlitið á undan. Einar stóð upp með fossandi blóðnasir og risavaxið kýli út úr gagnauganu og var strax ljóst að hann myndi ekki spila meira með. Einar mun líklega ekki geta spilað meira með á mótinu og er hann þannig annar örvhenti leikmaðurinn sem getur ekki spilað með íslenska liðinu það sem eftir er, en áður hafði Alex Petersson verið útilokaður vegna kjálkabrots.



Guðjón Valur Sigurðsson:

## Vorum klaufar

**HANDBOLTI** „Við töpum þessu á eigin klaufaskap því ég get ekki séð að þeir hafi verið neitt betri en við,“ sagði hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson hundsvekktur í leikslok.

„Við gerðum óhemju dýrar vitlausur og okkur var refsað fyrir það. Menn trúðu því að þeir gátu unnið en við vorum ekki nógu agaðir síðustu tíu mínúturnar. Við fengum svo sannarlega tækifæri í leiknum en nýttum þau ekki því miður. Vonandi lærum við af þessu og gerum betur næst,“ sagði Guðjón sem vill ekki meina að þreyta hafi átt hlut í tapinu.

„Öll lið eru orðin þreytt og það er engin afsökun að segja að liðið sé þreytt enda erum við að spila jafn mikið og hin liðin. Þetta er líka spurning um einbeitingu og við munum ekki skýla okkur á bak við einhverja þreytu. **- hbg**



**SIGUR** Leikmenn Króata fagna eftir leikinn.

Þjálfari Króatíu:

## Íslenska liðið mjög öflugt

**HANDBOLTI** „Þetta var rosalega erfiður leikur fyrir mitt lið. Ég held að við höfum leikið vel í dag og stigin tvö voru frábær og gríðarlega mikilvæg,“ sagði hinn líflegi Lino Cervar eftir leikinn í dag og brosti allan hringinn.

„Í síðari hálfleik vorum við betra liðið í vörn og sókn en ég var sérstaklega ánægður með 6/0 vörnina hjá okkur. Balic var frábær sem og Lackovic. Annars vil ég hrósa íslenska liðinu því það lék mjög vel og sýndi hversu öflugt það er. Ég tek hatt minn ofan fyrir þessu baráttuglaða liði.“ **- hbg**

# Hinn brögðótti Balic sá um strákana okkar

**Líkur Íslands á að komast í undanúrslit á EM dvínuðu verulega í gær þegar liðið tapaði fyrir ólympíumeisturum Króata, 28-29, í spennuþrungnum leik þar sem besti handknattleiksmaður heims, Ivano Balic, fór á kostum.**

**HANDBOLTI** Íslenska liðið mætti til leiks án Alexanders Petersson sem kjálkabrotnaði gegn Rússum. Hans stöðu tók herbergisfélagi hans, Einar Hólmgeirsson, en þátttaka hans var stutt því hann rotaðist snemma og varð að yfirgefa völlinn. Íslenska liðið byrjaði leikinn á því að klippa út þá Ivano Balic og Petar Metlicic en leyfði Blazenko Lackovic þess í stað að leika lausum hala. Sú taktík gekk ágætlega því sóknarleikur Króatanna var lengi vel stirðbusalegur en þeir voru samt ótrúlega drjúgir og skoruðu fjölda marka eftir langar sóknir.

Það var áberandi mikið stress í herbúðum beggja liða í fyrri hálfleik og leikurinn bar þess greinileg merki að mikið var undir. Jafnræði var með liðunum en eins og svo oft áður hafði Ísland frumkvæðið. Ísland náði mest þriggja marka forystu í hálfleiknum en Króatar komu til baka og jöfnuðu fyrir hlé, 13-13.

Króatar höfðu þétt í götin í vörninni í hálfleiknum og spiluðu svakalega öfluga 6/0 vörn í síðari hálfleik. Sóknarleikur Íslands var vandræðalegur oft á tíðum og liðið höndlaði það heldur ekki vel þegar Ólafur Stefánsson var tekinn úr umferð og mátti greinilega sjá að þreyta var komin í hina ungu Arnór og Snorra Stein.

Króatar tóku frumkvæðið í leiknum og nánast gengu frá honum þegar þeir náðu fjögurra marka forystu, 24-28. Íslenska liðið tók góðan kipp í kjölfarið og minnkaði muninn í 26-28. Þá var rúm mínúta eftir af leiknum, Ísland með boltann og tveim mönnum fleiri. Ivano Balic gerði sér þá lítið fyrir og stal boltanum af Arnóri Atlasyni, hlaup upp allan völlinn og fiskaði vítakast sem Dzomba skoraði úr og drap um leið alla von Íslands um stig í leiknum.



**EKKI LENGRA** Vörn íslenska liðsins var ágæt lengst af leik en hún réð engan veginn við Ivano Balic, sem sést á litlu myndinni.

NORDICPHOTOS/AFP

Þrátt fyrir tapið getur íslenska liðið borið höfuðið hátt. Strákarnir gáfu allt sem þeir áttu og með smá heppni hefði liðið getað nælt í stig en mörg mikilvæg fráköst enduðu í höndunum á Króötum. Liðið réð samt einfaldlega ekki við hinn brögðótta Ivano Balic sem lék á als oddi og fór á kostum þótt hann hefði nánast verið í gjörgæslu allan leikinn.

Guðjón Valur var frábær og gafst aldrei upp og slíkt hið sama má segja um Ólaf Stefánsson sem var drjúgur sem fyrr. Róbert nýtti skot sín frábærlega og fiskaði góð víti en hann hefur átt fína innkomu í síðustu tveim leikjum. Skotin hjá Snorra Steini gengu ekki upp en þrátt fyrir það stýrði hann liðinu af röggsemi og sjálfstrausti en sjá mátti að hann var orðinn þreyttur enda leikið mikið á mótinu. Slíkt hið sama má segja um Arnór Atlason en mikil ábyrgð hefur legið á herðum þessara ungu drengja. Sigfús var frábær í vörninni og Birkir Ívar ákvað aldrei þessu vant að taka góða hálfleikinn í síðari hálfleik en því miður skilaði það ekki stigi.

Noregur er næst og það er grátlegt til þess að hugsa að sigur í þeim leik muni ekki fleyta liðinu örugglega áfram í undanúrslit en úrslit mótsins hafa ekki beint verið liðinu í hag það sem af er. Það breytist vonandi á morgun en númer eitt er að klára sinn leik en hann tryggir liðinu í sex efstu sætin sem yrði frábær árangur. **- vig**



**BJARNI GUÐJÓNSSON** Til MetroStars?

Fyrsti íslendingurinn í MLS?

## Bjarni til Bandaríkjanna

**FÓTBOLTI** Bjarni Guðjónsson gæti verið á leið í MLS-deildina í Bandaríkjunum og yrði hann þá fyrsti Íslendingurinn til að leika í deildinni.

Bjarni fékk sig lausan frá enska 1. deildarliðinu Plymouth Argyle á mánudaginn og er í viðræðum við New Jersey MetroStars í Bandaríkjunum en Youri Djorkaeff, fyrrum landsliðsmaður Frakklands, leikur með félaginu og þá lék Lothar Matthäus með því um tíma. **-egm**

Danskir fjölmiðlar:

## Rússar voru niðurlægðir

**HANDBOLTI** Fjölmiðlar í Danmörku og Noregi fylgjast að sjálfsögðu af kappi með landsliðum sínum á EM í Sviss og eru duglegir í umfjöllun sinni um frammistöðu þeirra á mótinu. Árangur íslenska landsliðsins hefur smátt og smátt verið að fá meiri athygli hjá norrænu fjölmiðlunum og birti danska Extrabladet til að mynda nokkuð stóra grein um magnaðan sigur Íslendinga á Rússum í fyrradag.

Í fyrirsögn blaðsins segir „Ísland niðurlægði Rússland“ og í framhaldinu er sagt frá því hvernig íslenska liðið afsannaði hrakspár flestra fyrir leikinn. „Ísland á möguleika á því að gera stóra hluti á EM.“ Svona hljóðar upphafsorðin í grein blaðsins um glæstan sigur Íslendinga á Rússum og síðan rekur blaðið hvernig íslenska liðið, undir stjórn fyrirliðans Ólafs Stefánssonar, hafi valtað yfir rússneska liðið eftir smá upphafsskrekk. **- vig**

Þórey Edda Elísdóttir fer í speglun á öxl á mánudag:

## Vonandi ekki alvarlegt

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Stangarstökkvarinn Þórey Edda Elísdóttir úr FH mun fara í speglun á öxl næsta mánudag. Upphaflega átti hún að gangast undir speglunina síðasta mánudag en það þurfti að fresta henni þar sem Þórey var veik.

„Ég veiktist mjög af kvefi og hálsbólgu og það má víst ekki svæfa mann í þannig ástandi. Ég missti röddina og því var þessu frestað um viku og ég var farin að geta talað aftur í morgun,“ sagði Þórey við Fréttablaðið en hún er mjög bjartsýn á að það sé þó ekkert alvarlegt sem ami að. „Það er frekar langt síðan ég pantaði þessa speglun og nú vil ég eiginlega bara að fá að vita nákvæmlega hvað það er sem er að.“



**ÞÓREY EDDA**

Þórey hefur ekki getað tekið þátt í undirbúningstímabilinu vegna meiðsla í öxl. „Ég var fyrst en er það ekki lengur. Það er utanlandstímabilið sem skiptir máli og ég er ákveðin í að standa mig þar,“ sagði Þórey sem var best í stangarstökki kvenna á síðasta ári af keppendum á Norðurlöndum og var í sjöunda sæti yfir bestu stangarstökkara í Evrópu í kvennaflokki. **- egm**

## Balic var okkar banabiti

**ÍÞRÓTTALJÓS**
ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA Á EM Í SVISS



**GEIR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Það er grátlegt að hafa ekki náð að uppskera neitt úr þessum leik gegn Króötum. Íslensku leikmennirnir eiga hrós skilið fyrir frammistöðuna og þeir geta verið mjög stoltir af leik sínum. Handboltinn sem var spilaður í leiknum var kannski ekki í hæsta gæðaflokki, mikið var um tæknileg mistök á báða bóga, en leikurinn var þó þeim mun meira spennandi.

Við spiluðum ekki jafn vel í sókninni og áður og það sást sérstaklega vel í fyrri hálfleiknum þar sem skotnýtingin var ekki eins góð og hún hefur verið fram að þessu. Þá fengum við ekki mikið af hraðaupphlaupum en þetta lagaðist síðan í seinni hálfleik og skotnýtingin batnaði. Það vantaði þó herslumuninn og það var alveg ljóst að við liðum fyrir áföllin sem hafa dunið yfir okkur á mjög skömmum tíma; að missa Alexander fyrir leikinn og svo Einar strax í upphafi hans.

Varnarleikurinn var virkilega góður hjá okkur og við gerðum Króötum mjög erfitt fyrir. Þeir náðu engan veginn góðu floti í sókninni og þar var þáttur Sigfúsar mjög mikill. Hann stýrði vörninni virkilega vel og svo var Birkir Ívar sterkur í markinu í seinni hálfleik eftir misjafnan fyrri hálfleik. Okkar banabiti var Ivano Balic sem steig alltaf upp þegar aðrir leikmenn í króatíska liðinu virtust ráðþrota og gerði gæfumuninn fyrir þá undir lokin.

Það hefur vel gengið gegn Noregi að undanförnu en við höfum þó ekkert í hendi okkar fyrir leikinn gegn þeim í dag. Við verðum bara að einbeita okkur að því að sigra og leggjast síðan á bæn um að úrslit í öðrum leikjum verði okkur hagstæð. Það er allt galopið í þessu og ef strákarnir ná að vinna Noreg hafa þeir svo sannarlega unnið sína vinnu.

## Veldu nýja hönnun - FordFiesta www.ford.is

Ford

*Nýtt tákn um gæði*




# Sjálfskipt í Fiesta. Núna

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Fiesta.
Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákn um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, aksturseiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.
Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Farangursrýmið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á rétta bílnum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

**Nýr og breyttur Ford Fiesta: Lægra verð, meiri búnaður.***

| | |
|---|---|
| **Kaupverð** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **1.390.000 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **1.540.000 kr.** |
| **Bílasamningur** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **18.920 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **20.970 kr.** |
| **Rekstrarleiga** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **26.910 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **29.590 kr.** |

Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Þú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytiseyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman aksturseiginleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggispúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggispúða í hliðum. Spurðu um 3-punkta bílbelti fyrir öll sæti, rafstýrða bílbeltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bílbelti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsivörn. Þú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði.
Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

| | |
|---|---|
| IPS öryggisbúnaður | Upphitanleg framsæti |
| 4 öryggispúðar | Trend áklæði á sætum |
| 5 höfuðpúðar | Tvískipt aftursæti |
| ABS hemlalæsivörn | Geislaspilari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun | Rafdrifnar rúður að framan |
| Rafstýrðir bílbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti |
| Hæðarstillt bílbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir |
| Ræsivörn | útispeglar |
| Fjarstýrð samlæsing | Litað gler |
| Hæðarstilling á ökumannssæti | Samlitir stuðarar |
| Hæðarstillanlegt stýri | Þokuljós |

### Eða Fusion - svolítið jeppalegri?

Skoðaðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Þú ert á meiri og betri bíl en áður. Hann er hærri og enn auðveldari að umgangast. Líka svolítið jeppalegri. Skoðaðu kynningartilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukjörin. Komdu í Brimborg.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,6i sjálfskiptur*
Kaupverð 1.650.000 kr.
Bílasamningur 22.460 kr.
Rekstrarleiga 31.530 kr.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.500 kr.
Rekstrarleiga 26.400 kr.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.350 kr.



**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.



**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.



**Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 31.180 kr.
Rekstrarleiga 40.900 kr.



**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.470 kr.
Rekstrarleiga 46.900 kr.



**Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.940 kr.



**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 35.200 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.



**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.990.000 kr.
Bílasamningur 51.500 kr.
Rekstrarleiga 68.960 kr.



**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.810 kr.
Rekstrarleiga 83.760 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.250 kr.
Rekstrarleiga 43.720 kr.



**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.560 kr.



**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.360 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Fiesta er álfelgur; af Ranger er tvílitur.

EM í handbolta:

# Danir upp fyrir Íslendinga

**HANDBOLTI** Danska landsliðið náði í gærkvöld að komast upp fyrir það íslenska í riðlinum með því að leggja Noreg að velli með fjögurra marka mun, 35-31. Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en Danir fóru með tveggja marka forskot í hálfleikinn. Í þeim síðari hafði danska liðið síðan forystuna allan tímann og náði á endanum fjögurra marka sigri.

Danir hafa jafnmörg stig og við Íslendingar en eru með betri markatölu, með einu marki meira en við. Þeir leika gegn Rússum í dag.

- egm



**IVANO BALIC** Fær óblíðar viðtökur í gær.

Framhaldið á EM:

# Ísland þarf að sigra stórt í dag

**HANDBOLTI** Það verður spennuþrungið andrúmsloftið í íþróttahöllinni í St. Gallen í dag þegar lokaumferð milliriðils Íslands fer fram. Fjögur lið, Ísland, Danmörk, Króatía og Rússland, eiga möguleika á miða í undanúrslitin og verður væntanlega barist til síðasta blóðdropa.

Króatía og Rússland standa best að vígi en vinni þau sína leiki fara þau í undanúrslit. Það er ekki flóknara en það. Danmörk er með eitt mark í plús á Ísland eftir leiki gærdagsins og því er ljóst að Ísland verður alltaf að sigra Noreg með einu marki meira en Danir vinna Rússa. Ef Ísland vinnur með tveim mörkum en Danmörk með einu þá eru liðin jöfn og þá fara mótshaldarar í skoruð mörk og þar stendur Ísland vel að vígi.

Með öðrum orðum þá þurfa Íslendingar að sigra Norðmenn og því stærra því betra. Svo verður að treysta á danskan sigur sem má samt ekki vera of stór. Danir hafa það með sér að leika á eftir Íslandi og þeir munu því vita hvað þeir þurfa að gera en við slíkan munað býr íslenska liðið ekki. Það er því margt sem þarf að ganga upp til að Ísland komist í undanúrslit en það er langt frá því að vera ómögulegt.

- hbg

# Barcelona skoðar Snorra

**Evrópumeistarar Barcelona eru með landsliðsmanninn Snorra Stein Guðjónsson undir smásjánni og fylgjast grannt með framgöngu hans á EM. Barcelona leitar að leikstjórnanda og stendur valið á milli Snorra og Jonas Larholm frá Svíþjóð.**

**HANDBOLTI** Leikstjórnandi íslenska landsliðsins, Snorri Steinn Guðjónsson, er einn þeirra leikmanna sem útsendarar Barcelona eru að skoða vandlega á EM í Sviss en þessu greindu spænskir fjölmiðlar frá í gær. Snorri Steinn hefur leikið frábærlega með íslenska liðinu það sem af er móti auk þess sem hann hefur staðið sig mjög vel með liði sínu Minden í þýsku úrvalsdeildinni í vetur.

Xavi O´Callaghan, framkvæmdastjóri Barcelona, er staddur í Sviss til að fylgjast með áhugaverðum leikmönnum og horfði hann meðal annars á viðureign Íslands og Danmerkur, þar sem Snorri dró vagninn fyrir íslenska liðið og skoraði 10 mörk. Samkvæmt fréttum frá Spáni eru það helst hann og sænski landsliðsmaðurinn Jonas Larholm sem Barcelona rennir hýrum augum til en hann leikur með liðið Savehof í heimalandi sínu og hefur lengi verið orðaður við stórlið í Þýskalandi og á Spáni. Barcelona hefur engan eiginlegan leikstjórnanda í sínu liði og hafa forráðamenn félagins verið að leita að einum slíkum um nokkurt skeið. Útsendarar Barcelona eru einnig sagðir vera að fylgjast með rússnesku skyttunum Alexei Rastvorsev og Yuri Egorov, en báðir leika þeir með liði Medvedi í heimalandi sínu.

Þýska handboltablaðið „Handball Woche" greindi einnig frá áhuga Barcelona á Snorra á heimasíðu sinni í gær og þar kemur meðal annars fram að frammistaða Snorra Steins í Sviss hafi ekki getað farið framhjá neinum af þeim fjölmörgu útsendurum sem á mótinu eru. Snorri Steinn leikur með Minden í Þýskalandi og á eitt og hálft ár eftir af samningi sínum við félagið.

- vig



**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON** Er af mörgum talinn einn af bestu miðjumönnum heims og nú sýna Evrópumeistarar Barcelona honum áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Norskur blaðamaður um landslið Norðurlandanna:

# Hvað með Ísland?

**HANDBOLTI** Opinber heimasíða Evrópumótsins í handbolta í Sviss, www.Euro06.com, er hin prýðilegasta upplýsingaveita og er þar hægt að finna upplýsingar um hinar ýmsu hliðar mótsins auk þess sem hægt er að fylgjast með gangi mála í leikjum mótsins um leið og þeir eru í gangi. Einnig eru birtar daglegar fréttir af leikmönnum og liðunum á mótinu og virðist sem að heimasíðan hafi fengið íþróttafréttamenn frá viðkomandi landi til að sinna skrifum fyrir sína þjóð. Þannig er það Hrafnkell Kristjánsson, íþróttafréttamaður á RÚV, sem skrifar um íslenska landsliðið á síðunni.

Norskur kollegi hans að nafni Stig Nygard á blaðinu „Vasebladet" í Noregi skrifar um norska liðið og birti hann afar athyglisverða grein á síðuna í gær sem ber yfirskriftina „Baráttan um Skandinavíu." Greinin fjallar um hvernig Svíum hefur verið steypt af stóli sem sterkasta handknattleiksþjóð Norðurlandanna og hvernig Norðmenn og Danir séu að berjast um krúnuna sem fæst fyrir að vera besta liðið í Skandinavíu. Það sem mesta athygli vekur er að hvergi er minnst á Ísland, sem er klárlega besta Norðurlandaþjóðin í dag ef mið er tekið af gengi liðana á EM í Sviss.

Nygard segir frá því hvernig Norðmenn hafi endað fyrir ofan Dani og Svía á HM í Túnis á síðasta ári og hvernig Svíar hafi ekki einu sinni komist á EM í Sviss í ár. Þannig standi baráttan um Skandinavíu aðeins á milli Danmerkur og Noregs að þessu sinni og að þar standi Danir betur að vígi í augnablikinu, enda með fleiri stig í milliriðlinum. Eins og áður segir er Ísland aldrei nefnt á nafn, né minnst á hina miklu yfirburði sem íslenska liðið hefur haft í fjölmörgum æfingaleikjum við Noreg upp á síðkastið. Nygard þessi virðist hins vegar ekki vita að Ísland flokkast ekki aðeins undir það að vera Norðurlandaþjóð - heldur í augnablikinu sem besta Norðurlandaþjóðin.

- vig



**ÁFRAM DANMÖRK** Danir hafa fylkt liði til Sviss til að styðja landslið sitt á mótinu og skipta stuðningsmenn liðsins í Sviss nú þúsundum. NORDICPHOTOS/AFP

Liverpool gerði jafntefli við Birmingham í gær:

# Robbie Fowler kom inn á

**FÓTBOLTI** Mikil eftirvænting ríkti á Anfield Road í gær þar sem Robbie Fowler var mættur á nýjan leik en hann byrjaði á varamannabekknum gegn Birmingham í ensku úrvalsdeildinni. Stuðningsmenn Liverpool tóku vel á móti honum, sungu hástöfum og héldu borðum á lofti til að bjóða hann velkominn.

Það tíðindamesta úr fyrri hálfleiknum var að Damien Johnson fékk rauða spjaldið eftir tæpan hálftíma og Birmingham lék einum manni færri eftir það. Þegar rétt rúmur stundarfjórðungur var liðinn af seinni hálfleiknum náði Steven Gerrard að koma Liverpool yfir og strax eftir það var komið að stóru stundinni fyrir stuðningsmenn liðsins. Fowler var settur inn á fyrir Peter Crouch við mikinn fögnuð viðstaddra. Birmingham jafnaði tveimur mínútum fyrir leikslok þegar Xabi Alonso skoraði slysalegt sjálfsmark. Þrátt fyrir ótrúlegan sóknarþunga undir lokin náði Liverpool ekki að skora og Fowler kom boltanum í netið en það mark var réttilega dæmt af vegna rangstöðu.

Manchester United tapaði fyrir Blackburn í gær 4-3 þar sem David Bentley skoraði þrennu. Sir Alex Ferguson lét Ruud van Nistelrooy byrja á bekknum og sá hollenski sýndi að það var röng ákvörðun með því að skora tvívegis.

Chelsea náði fimmtán stiga forystu þrátt fyrir að gera aðeins 1-1 jafntefli gegn Aston Villa. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea en var tekinn af velli þegar fjórar mínútur voru eftir.

-egm



**KOMINN HEIM** Fowler var vel tekið á Anfield í gær. NORDIPHOTOS/GETTY IMAGES

Reynir Leósson spilar ekki með Skagamönnum:

# Reynir til Trelleborg

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru á því að varnarmaðurinn Reynir Leósson muni í dag skrifa undir tveggja ára samning við lið Trelleborg sem leikur í næstefstu deild í Svíþjóð. Reynir er 27 ára og hefur allan sinn feril leikið með ÍA en er búsettur í Svíþjóð þar sem eiginkona hans er við nám. Eiríkur Guðmundsson hjá meistaraflokksráði Skagamanna sagði í samtali við Fréttablaðið að þeir ætluðu ekki að standa í vegi fyrir Reyni.

„Þeir sænsku vildu fá mig til að skrifa undir þriggja ára samning en ég ætla bara að hafa hann til tveggja ára," sagði Reynir en hann lék með liðinu í æfingamóti um helgina þar sem það keppti við Elfsborg og Halmstad. „Eftir mótið töluðu þeir við mig og sögðust vilja fá mig. Mér líst mjög vel á þetta félag," sagði Reynir. Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson skrifaði fyrir stuttu undir skammtímasamning við Trelleborg og lék einnig með liðinu í áðurnefndu móti, hann stóð sig vel og skoraði eitt mark. Fyrst að Reynir er nú að fara að semja við Trelleborg er ljóst að ÍA þarf að styrkja vörnina fyrir næsta tímabil en liðið hefur misst miðvarðarpar sitt frá síðasta ári þar sem Gunnlaugur Jónsson er genginn til liðs við KR. „Það kitlaði óneitanlega að spila með ÍA þar sem við ættum að vera með öflugt lið næsta sumar en ég tel mestar líkur á því að ég semji við Trelleborg," sagði Reynir.

-egm



**TIL SVÍÞJÓÐAR** Reynir verður fimmti miðvörðurinn í herbúðum Trelleborg og fær því harða samkeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### EM í handbolta:

***Milliriðill 1***

| | |
|---|---|
| SLÓVENÍA-ÞÝSKALAND | 33-36 |

Siarhei Rutenka 10, Renato Vugrenec 7 - Florian Kehrrman 8, Thorsten Jansen 7, Christian Zeitz 7.

| | |
|---|---|
| PÓLLAND-FRAKKLAND | 21-31 |

Marcin Lijewskei 7 - Oliver Girault 7, Luc Abalo 5.

| | |
|---|---|
| ÚKRAÍNA-SPÁNN | 29-31 |

Sergiy Shelmenko 10 - Juan Garcia 10, Julio Fis 6.

***Staðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SPÁNN | 4 | 3 | 1 | 0 | 123-111 | 7 |
| **FRAKKLAND** | **4** | **3** | **0** | **1** | **118-105** | **6** |
| ÞÝSKALAND | 4 | 2 | 1 | 1 | 128-113 | 5 |
| **SLÓVENÍA** | **4** | **2** | **0** | **2** | **129-130** | **4** |
| PÓLLAND | 4 | 1 | 0 | 3 | 108-122 | 2 |
| **ÚKRAÍNA** | **4** | **0** | **0** | **4** | **106-133** | **0** |

***Milliriðill 2***

| | |
|---|---|
| ÍSLAND-KRÓATÍA | 28-29 |

**Mörk Íslands** (skot innan sviga): Guðjón Valur Sigurðsson 8 (11), Ólafur Stefánsson 8 (14), Snorri Steinn Guðjónsson 4/1 (9/2), Róbert Gunnarsson 3 (3), Einar Hólmgeirsson 2 (3), Arnór Atlason 2 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (4).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 15/1, Hreiðar Guðmundsson 2. **Hraðaupphlaup**: 2 (Guðjón Valur 2). **Fiskuð víti:** 2 (Róbert 2). **Brottrekstrar**: 6 (12 mínútur).

**Markahæstir Króata:** Ivano Balic 9, Blazenko Lackovic 9, Renato Sulic 3, Petar Metlicic 3.

| | |
|---|---|
| SERBÍA/SVARTF.-RÚSSLAND | 21-29 |

Petar Kapisoda 4 - Denis Krivoshlykov 8, Timör Dibirov 5.

| | |
|---|---|
| DANMÖRK-NOREGUR | 35-31 |

Jesper Jensen 8, Lars Rasmussen 7 - Kristian Kjelling 9, Havard Tvedten 7, Frank Loke 6.

***Staðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| RÚSSLAND | 4 | 3 | 0 | 1 | 115-105 | 6 |
| **KRÓATÍA** | **4** | **3** | **0** | **1** | **121-116** | **6** |
| DANMÖRK | 4 | 2 | 1 | 1 | 126-119 | 5 |
| **ÍSLAND** | **4** | **2** | **1** | **1** | **126-120** | **5** |
| SERBÍA | 4 | 1 | 0 | 3 | 107-123 | 2 |
| **NOREGUR** | **4** | **0** | **0** | **4** | **105-117** | **0** |

### Enska úrvalsdeildin:

| | |
|---|---|
| ARSENAL-WEST HAM | 2-3 |

0-1 Nigel Reo-Coker (25.), 0-2 Bobby Zamora (32.), 1-2 Thierry Henry (45.), 1-3 Matthew Etherington (80.), 2-3 Robert Pires (89.).

| | |
|---|---|
| ASTON VILLA-CHELSEA | 1-1 |

0-1 Arjen Robben (14.), 1-1 Luke Moore (77.).

| | |
|---|---|
| BLACKBURN-MAN. UTD. | 4-3 |

1-0 David Bentley (35.), 1-1 Louis Saha (37.), 2-1 David Bentley (41.), 3-1 Lucas Neill, víti (48.), 4-1 David Bentley (56.), 4-2 Ruud van Nistelrooy (63.), 4-3 Ruud van Nistelrooy (68.).

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL-BIRMINGHAM | 1-1 |

1-0 Steven Gerrard (62.), 1-1 Xabi Alonso, sjálfsmark (88.).

| | |
|---|---|
| MAN. CITY-NEWCASTLE | 3-0 |

1-0 Albert Riera (14.), 2-0 Andy Cole (38.), 3-0 Daruis Vassell (62.).

| | |
|---|---|
| PORTSMOUTH-BOLTON | 1-1 |

0-1 Khalilou Fadiga (69.), 1-1 Azar Karadas (85.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 24 | 20 | 3 | 1 | 50-13 | 63 |
| **MAN. UTD** | **24** | **14** | **6** | **4** | **45-24** | **49** |
| LIVERPOOL | 22 | 13 | 6 | 3 | 30-13 | 45 |
| **TOTTENHAM** | **24** | **11** | **8** | **5** | **31-20** | **41** |
| WIGAN | 24 | 12 | 2 | 10 | 29-30 | 38 |
| **ARSENAL** | **23** | **11** | **4** | **8** | **36-19** | **37** |

### Enska 1. deildin:

| | |
|---|---|
| DERBY-SHEFF. WED. | 0-1 |

### Iceland Express-deild kvk:

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-GRINDAVÍK | 83-71 |
| KR-ÍS | 67-88 |
| BREIÐABLIK-HAUKAR | 63-87 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 15 | 14 | 1 | 1277-870 | 28 |
| GRINDAVÍK | 15 | **11** | **4** | **1226-974** | **22** |
| KEFLAVÍK | 15 | 10 | 5 | 1328-968 | 20 |
| ÍS | 15 | **7** | **8** | **1019-1057** | **14** |
| BREIÐABLIK | 15 | 2 | 13 | 877-1275 | 4 |
| KR | 15 | **1** | **14** | **748-1331** | **2** |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

30 31 1 **2** 3 4 5

**Fimmtudagur**

**SJÓNVARP**

- 14.40 **EM í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Serba** og **Króata.**
- 16.55 **EM í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Íslendinga** og **Norðmanna.**
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið verður yfir helstu íþróttatíðindi dagsins.
- 18.30 **Stump the Schwab** á Sýn.
- 21.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 23.20 **EM í handbolta** á RÚV. Útsending frá leik **Dana** og **Rússa.**




# VINSÆLASTI SJÓNVARPSÞÁTTUR HEIMS Á SIRKUS

HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Worrying is like a rocking chair. It gives you something to do, but it doesn't get you anywhere.“**

**Svar:** Van Wilder úr kvikmyndinni Van Wilder frá árinu 2002.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR **HLÆR SIG MÁTTLAUSA Á LAUGARDAGSKVÖLDUM**

## *Glaðst í gegnum skopaugað*

Í fimmtán ár hefur þjóðin notið traustrar samfylgdar fimmmenninganna í Spaugstofunni. Ég var á unglingsaldri þegar allra fyrstu þættirnir litu dagsins ljós árið 1985 og man hvernig þjóðin kútveltist af hlátri og við ungmennin pikkuðum upp grínið til að halda því áfram og útfæra innan okkar hóps lengi á eftir. Hjörtu landsmanna hoppuðu svo af gleði þegar vetrarlangri syrpu var hleypt af stokkum Ríkissjónvarpsins árið 1989 og karakterar eins og Ragnar Reykás, Bogi róni, Kristján heiti ég Ólafsson og fleiri ógleymanlegar fígúrur litu dagsins ljós. Og þótt sumar séu margar orðnar æði lúnar er áhorfið enn með því mesta í íslensku sjónvarpi og stöðugt þótt komin sé ný öld.

Vissulega hefur húmor Spaugstofumanna orðið umdeildari eftir því sem árin hafa liðið, vakið fordóma og stundum hörð viðbrögð þjóðfélagsins, en einnig skeytinga- og áhugaleysi þegar almannarómur hefur risið upp í háværum yfirlýsingum um stöðnun og bókstafleg leiðindi á laugardagskvöldum. Sjálf hef ég gengið í gegnum tímabil þar sem ég hef frekar slökkt á sjónkanum og fundið mér eitthvað allt annað til dundurs en að horfa á Spaugstofuna, en eftir á að hyggja meira vegna skorts á gagnrýnni hugsun og þröngsýns hrútseðlis að elta í blindni neikvætt jarmandi hjörðina.

Með þeim mörgu kostum sem felst í því að verða lífsreyndari hef ég aftur orðið umburðalyndari gagnvart „stöðnuðum“ gildum íslensks menningarlífs og hætt að láta aðra segja mér hvað er skemmtilegt og hvað leiðinlegt. Ég hata í raun prédikanir um „inni“ og „úti“, því mannlífið er allt svo ægifagurt



í fjölbreytileik sínum, en alls ekki jafn einsleitt og einstrengingslegt og fjölmiðlar boða í dálkum sínum og kaffiþambarar vinnustaða apa upp áfram til að vera örugglega „með á nótunum“ og sammála síðasta ræðumanni.

Oftsinnis í vetur hef ég gefið Spaugstofumönnum séns á að skemmta mér. Til einskærrar ánægju hefur árangurinn verið lamandi hláturskitl aftur og aftur, oft til endurtekinna hláturskasta seinna meir þegar grínið hefur verið rifjað upp. Spaugstofan er eins og gott vín og hver önnur klassík; verður betri með árunum, drepfyndin oftast nær, ótrúlega með á nótunum, hittin á broslega og stundum áleitna samfélagspunkta og blátt áfram gleðivaldandi í vikulokin.



▶ 21.15 *Spenna*

ALIAS



▶ 21.20 *Drama*

NIP/TUCK



▶ 20.30 *Spjall*

SPLASH TV 2006



▶ 22.00 *Drama*

HOUSE




▶ 21.00 *Íþróttir*

KRAFTASPORT 2006

### SJÓNVARPIÐ

**13.00** EM í handbolta **14.40** EM í handbolta **16.20** EM-stofan **16.55** EM í handbolta

**18.45 Táknmálsfréttir**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Geimferðakapphlaupið (2:4)** (Space Race) Nýr breskur myndaflokkur um fólkið sem var í aðalhlutverkum í geimferðakapphlaupi Bandaríkjamanna og Rússa.
▶ **21.15 Launráð** (Alias IV) Bandarísk spennuþáttaröð. Meðal leikenda eru Jennifer Garner, Ron Rifkin, Michael Vartan, Carl Lumbly og Victor Garber. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur (24:47)** (Desperate Housewives) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (26:49) **23.55** EM í handbolta **1.15** Kastljós **2.05** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** The Block 2 (17:26) (e) **13.45** Two and a Half Men (16:24) **14.10** Wife Swap 2 (1:12) **15.00** What Not To Wear (2:5) **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12 (9:21) (e)

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Meistarinn (6:21)**
**20.55 How I Met Your Mother (4:22)** (Svona kynntist ég móður ykkar)
▶ **21.20 Nip/Tuck (4:15)** (Klippt og skorið 3) (Rhea Reynolds) Einhverjir svakalegustu framhaldsþættir sem gerðir hafa verið eru orðnir ennþá svakalegri. Bönnuð börnum.
**22.10 Inspector Lynley Mysteries (7:8)** (Lynley lögregluvarðstjóri) Breskir sakamálaþættir eins og þeir gerast bestir, í anda Morse og Taggart. Bönnuð börnum.
**22.55 American Idol 5 (3:41)** (Vika 2 – #504 – Audition Show 3)

**0.20** American Idol 5 (4:41) **1.00** Thunderbolt (Bönnuð börnum) **2.50** Huff **3.45** Nip/Tuck (4:15) **4.30** Deadwood (12:12) (e) **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ford fyrsætukeppnin 2005**
**19.30 Partí 101** Drottning næturinnar, Brynja Björk, mætir með hirðina á heitustu skemmtistaði Reykjavíkur.
▶ **20.00 Friends 6 (18:24)**
**20.30 Splash TV 2006** Herra Ísland 2005, Óli Geir, og Jói bróðir hans eru stjórnendur afþreyingarþáttarins Splash TV. Þeir bræður bralla margt skemmtilegt milli þess sem þeir fara á djammið í Keflavík og gera allt vitlaust.
**21.00 Summerland (10:13)** (Space Between Us)
**21.45 Girls Next Door (14:15)** (Tennis, Anyone?) Bönnuð börnum.
**22.15 Smallville (8:22)** (Spell)

**23.00** Invasion (4:22) **23.45** Friends 6 (18:24) (e) **0.10** Splash TV 2006

### SKJÁREINN

**16.15** 2005 World Pool Championship (e) **18.00** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** Queer Eye for the Straight Guy (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**

**19.30 Game tívi**
**20.00 Family Guy** Leikfangaverksmiðjan sem Peter vinnur í er keypt af sígarettufyrirtæki og leikföngin notuð til þess að markaðssetja sígaretturnar.
**20.30 Malcolm In the Middle**
**21.00 Will & Grace**
**21.30 The King of Queens**
▶ **22.00 House – lokaþáttur** Wilson hefur áhyggjur af geðheilsu House út af öllu álaginu og Cuddy hugleiðir að ráða nýjan starfskraft á spítalann.
**22.50 Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para í þáttunum The Sex Inspectors.

**23.25** Jay Leno **0.10** Law & Order: SVU (e) **0.55** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.20** Top Gear (e) **2.10** Fasteignasjónvarpið (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Stump the Schwab** (Veistu svarið?)
**19.00 X-Games 2005 (1:1)**
**20.00 US PGA 2005 – Inside the PGA T** Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**20.30 World's strongest man 2005** Keppnin um sterkasta mann heims er ávallt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári.
▶ **21.00 Kraftasport 2006**
**21.30 NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06)
**22.00 Fifth Gear** (Í fimmta gír)
**22.25 A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri)(A1 Grand Prix – samantekt)

**23.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **0.00** Mastersmótið með Icelandair.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Star Trek: Nemesis (Bönnuð börnum) **8.00** The Banger Sisters **10.00** Moonlight Mile **12.00** Scorched **14.00** The Banger Sisters **16.00** Moonlight Mile **18.00** Scorched **20.00 Star Trek: Nemesis** Bönnuð börnum. **22.00 The Matrix Revolutions** (Matrix 3) Það er komið að sögulokum í einum stórkostlegasta þríleik kvikmyndanna. Bönnuð börnum. **0.05** Hav Plenty (Bönnuð börnum) **2.00** Moving Target (Bönnuð börnum) **4.00** The Matrix Revolutions (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** High Price of Fame **15.00** High Price of Fame **16.00** Live from the Red Carpet **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** 50 Cutest Child Stars **22.00** Big Buzz Gone Bad **22.30** Party @ the Palms **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Big Buzz Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** 50 Cutest Child Stars

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Portsmouth – Bolton frá 31.01 **16.00** Sunderland – Middlesbrough frá 31. jan **18.00** Fulham – Tottenham frá 31.01

**20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“**
**21.00 Man. City – Newcastle frá 01.02**

**23.00** Aston Villa – Chelsea frá 01.02 **1.00** Dagskrárlok


RENAULT

Með allskonar fínerí sem hinir hafa ekki

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.880.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 19.898 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is



Renault Megane II Saloon, 4 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

How I Met Your Mother — Stöð 2 kl. 20.55

## Gamanþættir í anda Friends



Nýir bráðskemmtilegir rómantískir gamanþættir í anda Friends sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum síðan sýningar á þeim hófust þar fyrr á árinu. Þættirnir fjalla um ungt fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki kominn sé tími til að finna lífsförunautinn. Sagan hefst í framtíðinni þar sem Ted segir uppkomnum börnum sínum frá því hvernig hann kynntist móður þeirra, sem gerðist einmitt árið 2005. Í þættinum í kvöld gjörbreytist sjálfstraust Teds í ástarmálum þegar hann finnur aftur skyrtu sem hann hafði týnt.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bragarbót

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **13.00** *Íþróttir*

ÍÞRÓTTIR / LÍFSSTÍLL

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal
▶ **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjón fréttastofu NFS.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.15** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

### EUROSPORT

**14.00** Football: Football World Cup Season Legends **15.00** Snooker: Malta Cup **18.00** Football: Football World Cup Season Legends **19.00** Snooker: Malta Cup **22.00** Boxing **23.00** Poker: European Tour Barcelona **0.00** Olympic Games: Olympic Torch Relay **0.15** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006

### BBC PRIME

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Changing Rooms **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** As Time Goes By **19.30** 2 point 4 Children **20.00** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Little Britain **22.00** Althorp after Diana **22.40** Dalziel and Pascoe **0.10** Great Railway Journeys of the World **1.00** Lost Gods Of Easter Island **2.00** Arts Foundation Course

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**12.00** Seconds From Disaster **13.00** Norway's Hidden Secrets **14.00** Megastructures **15.00** Predators at War **16.00** Predators at War **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Inside The Tornado **19.00** Hogzilla **20.00** Megastructures **21.00** Body Attack **22.00** Body Attack **23.00** Seconds From Disaster **0.00** Body Attack **1.00** Body Attack

### ANIMAL PLANET

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Animals A-Z **13.30** Aussie Animal Rescue **14.00** Life of Mammals **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Aussie Animal Rescue **18.30** Monkey Business **19.00** Supernatural **19.30** Animals A-Z **20.00** The Amazing Talking Orang-utan **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Supernatural **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** The Amazing Talking Orang-utan **2.00** Aussie Animal Rescue

### DISCOVERY

**12.00** American Chopper **13.00** A Car is Born **13.30** A Car is Born **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Dr G: Medical Examiner **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Secret Submarine


Zenith sófi 112.960 stgr
Skammel 36.940 stgr





Tungusófi 149.800 stgr

nýjar og flottar vörur

Mikið úrval
af sófum og sófasettum



Brúnt leðursófasett 3+2+1 219.000 stgr



Hvitt leðursófasett 3+2+1 199.000 stgr
einnig til í svörtu



mira art HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6 201 KÓPAVOGI SÍMI 554 6300 WWW.MIRAART.IS
opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Rúnar Rúnarsson en stuttmynd hans, Síðasti bærinn, fékk tilnefningu til Óskarsverðlauna.*

## AÐ MÍNU SKAPI HÁKON PÁLSSON LJÓSMYNDARI

# Daniel C, New York, Elvis og Róm



**BORG:**
Ég hef dálæti á New York. Ég var þar um áramótin og hugsaði lengi eftir heimkomuna um hvernig ég gæti mögulega flust þangað búferlum. Seinna var útskýrt fyrir mér að það lendi víst allir í þessari þráhyggju.

**TÓNLIST:**
„Daniel C“ er sú plata sem ég hlustaði síðast á í heilu lagi. Daníel þessi er rúmenskur vörubílstjóri sem varð ástfanginn af stúlku á eyju nokkurri í Karabíska hafinu, en hún hryggbraut hann alveg hrikalega. Platan heitir „Sherry“ eftir stúlkunni og þarna er þessi maður einsamall að spila á Casio-ið sitt, syngjandi um það sem honum liggur á hjarta.

**BÍÓMYND:**
Ég fór síðast í kvikmyndahús til að sjá listaverkið „Memoirs of a Geisha“ og varð sérstaklega hrifinn af myndinni, sjónrænt séð. „Brokeback Mountain“ er önnur sem bræddi mig algjörlega. Ég hygg á mikið fleiri útilegur næsta sumar, en ætla að passa mig á kúrekunum þó.

**SJÓNVARP:**
Þáttaröðin „Rome“ svalar þorsta mínum fullkomlega þegar kemur að blóðsúthellingum, svikum og kynlífi á skjánum.

**KLIPPING:**
Fékk klippingu hjá bandarískum vini mínum inni á Kaffibarnum, sem er alveg að gera sig. Útkoman er í ætt við „Buddy Holly mætir pönki“. Vissulega mér að skapi. Ég tek við tímapöntunum fyrir áhugasama.

**BÚÐ:**
Elvis er með rosalega flott föt. Upplifunin að láta Krumma úr Mínus snúast í kringum sig og segja manni að eitthvað sé ógeðslega flott lyftir búðinni á nýjan og hærri stall. Eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara.

**VERKEFNI:**
Er þessa dagana að vinna að ljósmyndasýningu sem ég ætla að frumsýna 28. apríl í Gel Gallerí. Myndirnar eru allar uppstillingar með hljómsveitum þar sem blóð og leikræn tilþrif spila stórt hlutverk. Gæti verið blöndun ljósmyndunar, tónlistar og leikhúss.



**LÁRÉTT**
**2** ævintýri **6** tveir eins **8** grastegund **9** traust **11** þys **12** málum **14** sjónop **16** klukkan **17** einkar **18** drulla **20** bor **21** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1** dund **3** mannþyrping **4** hirsla **5** þakbrún **7** pirraður **10** erlendis **13** líða vel **15** óskipt **16** kóf **19** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** sögu, **6** úú, **8** sef, **9** trú, **11** ýs, **12** litum, **14** línsa, **16** kl, **17** all, **18** aur, **20** al, **21** fróa. **LÓÐRÉTT: 1** dútl, **3** ös, **4** geymsla, **5** ufs, **7** úrillur, **10** úti, **13** una, **15** allt, **16** kaf, **19** ró

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á síðu 8

1 Ayman Al-Zawahiri
2 Þorsteinn Pálsson
3 Andres D'Alessandro

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var sagt að Garðar Kjartansson og Ingibjörg Örlygsdóttir hefðu selt Þorsteini Stephensen skemmtistaðinn Nasa. Hið rétta er að kaupin gengu til baka fyrir áramótin og þau eru því enn eigendur staðarins.


LeikHöllin
Leikur og Líf
Íþróttanámskeið
2 mánaða - 6 ára
S:517-7900
www.leikhollin.is




SILVÍA NÓTT EÐA ÁGÚSTA EVA Það er óhætt hægt að segja að leki lagsins Til hamingju Ísland hafi valdið fjaðrafoki á meðal keppenda í íslensku undankeppninni fyrir Evróvision. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

EVRÓVISION: AUKASÆTI Á LAUGARDAGINN

# Silvía syngur þrátt fyrir allt

Eins og fjölmiðlar greindu frá í gær lak lag Silvíu Nóttar í undankeppni evrópsku söngvakeppninnar út á netið en samkvæmt reglum keppninnar mega lög sem taka þátt í keppninni ekki hafa heyrst opinberlega áður.

Í yfirlýsingu frá aðstandendum lagsins, þeim Ágústu Evu Erlendsdóttur, sem leikur Silvíu Nótt, Gauki Úlfarssyni og Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni, höfundi þess, kemur fram að þau harmi þetta óheppilega atvik en um hafi verið að ræða gróflega hljóðblandaða útgáfu. „Sem ábyrgðarmenn lagsins biðjumst við afsökunar á því. Þetta atvik var gegn vilja höfunda og gerðist án þeirra vitundar,“ segir í yfirlýsingu hópsins. Þá kemur enn fremur fram að aðstandendur lagsins muni gera allt sem í þeirra valdi standi til að keppnin geti farið fram af fullum heiðarleika. Gaukur Úlfarsson vildi ekkert tjá sig frekar um málið þegar Fréttablaðið náði tali af honum og vísaði í áðurnefnda fréttatilkynningu.

Stíf fundahöld voru í allan gærdag hjá forsvarsmönnum keppninnar. Það má öllum vera ljóst að málið var mjög viðkvæmt enda vilja allir keppendur sitja við sama borð. Undankeppnin hefur slegið í gegn hjá landsmönnum sem hafa keppst um að kjósa sitt eftirlætislag áfram í aðalkeppnina sem verður 18. febrúar. Aðalkeppnin verður síðan í Grikklandi 18. maí en íslenska lagið þarf sem kunnugt er að taka þátt í undankeppninni.

Í yfirlýsingu frá Ríkissjónvarpinu sem send var í gærkvöld kom fram að afsökunarbeiðnin væri tekin gild og að lagið yrði meðal hinna átta sem flutt verða næstkomandi laugardag. „Sjónvarpið vonar að þessi uppákoma varpi ekki skugga á keppnina,“ segir í yfirlýsingunni frá Sjónvarpinu. Hvorki Jónatan Garðarsson, talsmaður keppninnar, né Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sjónvarpsins, vildu tjá sig um málið og vísuðu í tilkynninguna. Þeir vildu heldur ekkert segja hvort samráð var haft við aðra keppendur.

Lendingin í málinu virðist hafa verið sú að einu sæti hefur verið bætt við því fimm lög komast áfram á laugardaginn samkvæmt yfirlýsingu sjónvarpsins. Ef allt gengur að óskum verða því fimmtán lög sem keppa um að verða fulltrúar Íslands í Evróvision en ekki fjórtán eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

freyrgigja@frettalbladid

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á þriðjudaginn var rýnir Hollywood Reporter ekki par hrifinn af A Little Trip to Heaven. Roger Ebert tekur ekki í sama streng en hann hélt úti dagbók á Sundance-hátíðinni og er hægt að glugga í hana á netinu. Þar lætur hann þess getið að hann hafi séð A Little Trip og skrifar ansi vel um hana. Hann segist meðal annars hafa fundið til samúðar með persónunum og þá finnst honum landslagið vera stórkostlegt og það liggi við að vera ein af persónum myndarinnar. Ebert er einn af aðalrýnum Bandaríkjanna og þykir oft miskunnarlaus í sinni umfjöllun. Hann gefur reyndar mynd **Baltasars** nýtt nafn og skírir hana A Little bit of Heaven.



Heimasíðan EInsiders.com birtir síðan dóm um A Little Trip á heimasíðu sinni og fer fögrum orðum um frammistöðu leikarans **Forests Whitaker**. Gagnrýnandinn gengur jafnvel svo langt að segja það vera þess virði að sjá myndina eingöngu til að verða vitni að leik Whitakers. Myndinni er líkt við verk Davids Lynch og eru kvikmyndaáhugamenn hvattir til að láta „erfiðan“ titil myndarinnar ekki fæla sig frá. Aðsókn á myndina hér heima hefur verið í samræmi við væntingar og hafa nú tæp 15 þúsund borgað sig inn á hana sem gera í kringum þrettán milljónir í aðsóknatekjur.



**Sigurjón Sighvatsson** fór mikinn á Sundance-hátíðinni því auk A Little Trip, sem hann framleiðir, var stuttmyndasafnið Destricted frumsýnd. Myndin hlaut góða dóma gagnrýnandans Davids Poland sem hóf dóminn sinn á orðunum „Listrænt klám, þarf að segja meira?“. Um er að ræða sex stuttmyndir og er eiginmaður Bjarkar, Matthew Barney, meðal leikstjóra. Þá sýndi Sigurjón einnig heimildarkvikmyndina Zidane sem „work in progress“ og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fékk myndin frábærar viðtökur viðstaddra. Knattspyrna hefur hingað til ekki átt upp á pallborðið í Bandaríkjunum þannig að töluvert hefur þurft til til að sannfæra áhorfendur.



- fgg


SÚR HVALUR
HARÐFISKUR
OG HÁKARL



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.


# Friðrik leikur í mynd Triers

Það telst alltaf til tíðinda þegar Íslendingar treysta sér til samstarfs við hinn sérlundaða leikstjóra Lars von Trier. Samband hans og Bjarkar varð frægt en tökur á Dancer in the Dark voru æði skrautlegar og rötuðu inn í endurminningar Catherine Deneuve.

Nýjasta mynd Triers, Direktören for det hele, segir frá innrás íslenskra kaupsýslumanna inn í danskt efnahagslíf. Benedikt Erlingsson kemur til með leika túlk fyrir íslenskan athafnamann en það er hinn eini sanni Friðrik Þór Friðriksson sem leikur hann. „Ég verð svona Jón Ásgeir-týpa,“ sagði Friðrik en leikstjórinn var nýkominn heim frá Teheran þar sem hann var í dómnefnd á árlegri kvikmyndahátíð. Íbúar höfuðborgar Írans gátu auk þess stytt sér stundir við að horfa á nokkrar af bestum myndum hans.



FRIÐRIK ÞÓR Bregður sér í hlutverk íslensks athafnamanns sem leggur undir sig dönsk fyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Leikstjórinn var þó ekki viss um hvort hann mætti ræða hlutverkið og myndina eitthvað frekar en upplýsti að þetta væri gamanmynd með pólitískum undirtóni. „Ef íslenskur leikstjóri myndi gera hana setti það stórt strik í samskiptum ríkjanna,“ segir Friðrik og hlær. Fjöldi þekktra danskra leikara kemur við sögu í myndinni og ber þar helstan að nefna Jens Albinus sem leikur Hallgrím í sjónvarpsþáttunum Erninum. Þar að auki fer Casper Christensen með stórt hlutverk í myndinni en hann er einn fremsti gamanleikari dönsku þjóðarinnar um þessar mundir. Spurður hvort myndin verði stór í sniðum sagði Friðrik: „Allar myndir Triers eru stórar.“

- fgg

VETRAR tilboð!

# HEILIRSTURTU KLEFAR

MEÐ ÖLLU

80x80 eða 90x90



Öryggisgler



Hitastýrð blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæti

VERÐ FRÁ 63.900

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000




Láttu drauminn rætast!
Stórsýning á fasteignum á Spáni
í Perlunni
4. og 5. febrúar kl. 12-18.
heimili




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## Islam

**MIKIL** umræða hefur verið að undanförnu um viðbrögð múslima við skopteikningum af Múhameð spámanni. Heyrist mér umræðan einkennast mjög af fáfræði og fordómum. Til að skilja viðbrögð múslima verðum við að skilja eðli trúar þeirra. Miklar ranghugmyndir eru á meðal Íslendinga varðandi það sem við köllum Múhameðstrú. Kemur það skírast fram í nafngiftinni. Þeir sjálfir kalla trúna sína Islam. Þeir trúa ekki á Múhameð heldur Guð. Múhameð er aðeins spámaður. Islam hefur mjög neikvæða ímynd hér á landi. Fjölmiðlar hafa brenglað hugmyndir okkar um Islam með því að flytja okkur endalausar fréttir af geðveikum hryðjuverkamönnum og kalla þá Múhameðstrúarmenn. Það er líkt og fjölmiðlar í Asíu notuðu hugmyndafræði Votta Jehóva til að lýsa kristni og allur heimurinn dæmdi okkur Íslendinga alla sem Votta Jehóva. Okkur þætti það líklega frekar ósanngjarn dómur. Sannleikurinn er sá að hugmyndafræðingar hryðjuverka eiga meira sammerkt með pólitískri hugmyndafræði en trúarbrögðum.

**VIÐ** fáum, því miður, alltof lítið af jákvæðum fréttum um Islam og þekkjum lítið sögu hennar og menningu. Islam er falleg trú. Orðið Islam merkir undirgefni eða hlýðni. Þeir trúa nákvæmlega sama guð og við og Gyðingar. Islam eru önnur stærstu trúarbrögð í heimi. Arabíska orðið „Allah“ þýðir einfaldlega Guð. Islam á sér fimm grundvallar stoðir. Fyrst er Trúarjátningin. Næst er Bæn en múslimar biðja fimm sinnum á dag. (Hvað ætli margir kristnir nái því)? Þriðja er Ölmusa. Fjórða stoðin er Fastan. Síðasta er svo Pílagrímsferðin en allir múslimar eiga að fara til Mekka að minnsta kosti einu sinni á ævi.

**MÉR** finnst leiðinlegt hvað kristið fólk talar oft af mikilli lítilsvirðingu um önnur trúarbrögð. Ég hvet alla til að kynna sér Islam til að forða sér frá fordómum. Leiðin að einingu manna, óháð trúarskoðunum, liggur í gegnum umburðarlyndi og virðingu. Við verðum að umbera aðra, á sama hátt og við krefjumst þess að þeir umberi okkur. Múslimar eru trúbræður kristinna manna þó þeir tilbiðji Guð á annan hátt en við. Þá ber ekki að óttast eða fyrirlíta heldur elska og virða. Múslimar eru Guðs börn og það sem við gerum einum minnsta þeirra það gerum við föður þeirra.



vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

SKODA AUTO
SIMPLY CLEVER

HVITA HÚSIÐ / SÍA - 4098

# Skynsemi og glæsileiki
fara vel saman


Octavia

Aukabúnaður á mynd: álfelgur, þokuljós

Verð frá aðeins
**1.750.000 kr.**

## SkodaOctavia

Skoda Octavia er sannkölluð listasmíð og bera ótal verðlaun fagmanna og bíleigenda um alla Evrópu glöggt vitni um það. Íslendingar hafa líka tekið Octavia vel en hann var mest seldi bíllinn í sínum stærðarflokki á síðasta ári.

Við óskum eigendum Skoda til hamingju, þeir hafa gert góð kaup. Ykkur hinum bjóðum við í reynsluakstur.



### GullnaStýrið
Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.

HEKLA®

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is